



skoðun 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Karlar og krabbamein






**Feykigóðir forréttir**
*Pitsur geta verið bæði bragðgóðar og hollar.*
**allt 2**





# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**11. mars 2011**
58. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI





**Undir fölsku flaggi**
*Netþrjótur þykist vera fyrirsætan Ingibjörg Egilsdóttir á Facebook.*
**fólk 38**

**Ein stór fjölskylda**
*Leikfélag Ólafsfjarðar á fimmtíu ára afmæli.*
**tímamót 20**





**Tilbúinn í úrslitakeppni**
*KR tryggði sér 2. sætið og Keflavík vann Grindavík í lokaumferð körfunnar í gær.*
**sport 34**


**veðrið í dag**




**FROST** verður á bilinu 4 til 13 stig. Él um landið norðanvert en nokkuð bjart sunnan til. Vindur verður fremur hægur af norðri víðast hvar en strekkingur með A- og S-ströndinni.

**VEÐUR 4**

# ESB-ríki ákveða sjálf kvóta í staðbundnum fiskistofnum

**Ný reglugerð um sameiginlega fiskveiðistefnu ESB leyfir aðildarríkjum að ákvarða hámarksafla úr staðbundnum stofnum innan eigin lögsögu. Stjórnmálafræðingur segir breytingarnar styrkja stöðu Íslands.**

**EVRÓPUMÁL** Aðildarríki Evrópusambandsins (ESB) geta ákvarðað einhliða hámarksafla úr stofnum sem eru alfarið nýttir af viðkomandi ríki, í stað þess að tekin sé sameiginleg ákvörðun í ráðherraráðinu eins og átt hefur við hingað til. Þetta kemur fram í nýrri reglugerð ESB um sameiginlega fiskveiðistjórnun og gæti haft áhrif á stöðu Íslands, komi til aðildar að sambandinu.

Nýtt ákvæði í sjöttu grein reglugerðarinnar, sem sett var 18. janúar, kveður á um að viðkomandi aðildarríki skuli ákvarða leyfilegt aflahámark í vissum stofnum, sem eru tilteknir í viðauka. Sú ákvörðun skal þó vera í samræmi við meginreglu sjávarútvegsstefnunnar um sjálfbæra nýtingu og einnig með þeim formerkjum að nýting stofnsins skili sem mestum ávinningi.

Í gögnum framkvæmdastjórnar ESB um undirbúning reglugerðarinnar segir auk þess: „Í ljósi aukinnar áherslu á svæðaskiptingu í framkvæmd fiskveiðistefnunnar sækist framkvæmdastjórnin eftir ráðgjöf hagsmunaaðila við að færa stjórn aflaheimilda, sem varða aðeins eitt aðildarríki, undir viðkomandi ríki“. Sú tilfærsla sé þó háð skilyrðum um upplýsingagjöf og góða stjórnunarhætti.

Aðalsteinn Leifsson, stjórnmálafræðingur og lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir reglugerðina styrkja stöðu Íslands í sjávarútvegsmálum.

> ...einstaka aðildarríki [hafa] heimild til að ákvarða einhliða hámarksafla í ákveðnum stofnum sem einungis viðkomandi ríki nýtir...
>
> **AÐALSTEINN LEIFSSON**
> STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

„Samkvæmt reglugerðinni hafa einstaka aðildarríki heimild til að ákvarða einhliða hámarksafla í ákveðnum stofnum sem einungis viðkomandi ríki nýtir, svo lengi sem meginsjónarmið um skynsamlega nýtingu eru viðhöfð,“ segir Aðalsteinn.

Meirihluti afla á Íslandsmiðum er úr fiskistofnum sem Íslendingar nýta einir, en ekki sameiginlega með nágrannaríkjum.

Aðalsteinn bætir því við að enginn ágreiningur sé um að samkvæmt reglum ESB eigi ekkert annað ríki tilkall til veiðiréttar á botnfiski umhverfis Ísland á grundvelli sögulegrar veiðireynslu.

„Þessi reglugerð bætir um betur og gefur Íslandi að minnsta kosti tækifæri til að setja fram og rökstyðja þá kröfu að ákvörðun um hámarksafla í botnfiski í íslenskri lögsögu verði eftir sem áður í höndum íslenskra stjórnvalda, enda verði sóknin í fiskistofnana áfram ábyrg og skili sem mestum efnahagslegum ávinningi.“ **- þj**



**SKÁK OG MÁT** Þeir Dagur Ragnarsson og Brasilíumaðurinn Krikor Sevag Mekhitarian voru einbeittir í viðureign sinni í annarri umferð MP Reykjavíkurskákmótsins sem fór fram í gær í Ráðhúsi Reykjavíkur. Mekhitarian hafði sigur að lokum, en mótið heldur áfram í dag. **Sjá síðu 8.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Besti árangur Yesmine Olsson:

## Lenti í þriðja sætinu í París

**FÓLK „Þetta er í annað skipti sem ég tek þátt og minn besti árangur hingað til,“ segir Yesmine Olsson, sem hreppti bronsverðlaun fyrir nýjustu matreiðslubók sína í keppninni Gourmand World Cookbook Awards í París á dögunum.**



YESMINE OLSSON

**Aldrei hafa jafn margir keppendur frá jafn mörgum löndum tekið þátt í matreiðslubókakeppninni, sem er sú stærsta sinnar tegundar. Yesmine vann til verðlauna í flokknum besta indverska matreiðslubókin og hún telur árangurinn opna möguleika á frekari bókaútgáfu erlendis.**

**- ve / sjá Allt í miðju blaðsins**

Bandaríski netrisinn Amazon gengur til liðs við Sögueyjuna á Íslandi:

## Tíu bækur gefnar út vestanhafs

**MENNING** „Mér finnst þetta mjög góðar fréttir því bandaríski markaðurinn er yfirleitt mjög torsóttur,“ segir Halldór Guðmundsson, verkefnisstjóri Sögueyjunnar, sem er annað heiti á heiðursaðild Íslands að bókasýningunni í Frankfurt í haust.

Bandaríski netrisinn Amazon hefur stofnað útgáfufyrirtækið Amazon Crossing, sem ætlar að gefa út tíu bækur eftir tíu íslenska höfunda í Bandaríkjunum á næsta ári. Bækurnar verða bæði prentaðar og gefnar út í Kindle-rafbókarformi. Í tilefni af bókasýningunni í Frankfurt hefur Amazon Crossing einnig ákveðið að gerast samstarfs- og styrktaraðili Sögueyjunnar á sýningunni. Þar verður útgáfuáætlun þeirra kynnt með myndarbrag.

Miðað við stærð Amazon Crossing er ljóst að tækifæri íslenskra höfunda til að ná aukinni athygli vestanhafs er stærra en nokkru sinni fyrr. „Með örfáum undantekningum hefur bandaríski markaðurinn að mestu verið lokaður íslenskum bókmenntum og hér með opnast því frábært tækifæri. Það að eitt forlag taki sig til og gefi út tíu bækur í einu eftir tíu mismunandi höfunda hefur aldrei gerst áður,“ segir Halldór.

**- fb / sjá síðu 38**










## SPURNING DAGSINS



*Anna, þarf ekki hundaheppni til að vinna þessa keppni?*

„Nei, þetta eru þrotlausar æfingar allan ársins hring, bæði fyrir kúsk og hunda.“

Anna Marín Kristjánsdóttir er í stjórn Sleðahundafélags Íslands, sem stendur fyrir fyrsta Íslandsmeistaramótinu í hundasleðaakstri á Mývatni um helgina.

Kaupþingsmönnum sleppt í Bretlandi gegn loforði um að þeir mæti aftur:

# Yfirheyrslum fram haldið hér heima

**LÖGREGLUMÁL** Yfirheyrslur héldu áfram í gær yfir tveimur fyrrverandi starfsmönnum Kaupþings sem fyrst voru handteknir hér á miðvikudag vegna rannsóknar Serious Fraud Office í Bretlandi á bankanum.

Starfsmennirnir tveir sem um ræðir eru Bjarki H. Diego, sem var framkvæmdastjóri útlána hjá bankanum, og Guðmundur Þór Gunnarsson, sem var viðskiptastjóri á útlánasviðinu.

Sjö voru handteknir á miðvikudag í Bretlandi; bankastjórarnir Sigurður Einarsson og Ármann Þorvaldsson, Guðni Níels Aðalsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjárstýringar, Tchenguiz-bræðurnir Robert og Vincent og tveir nánustu samstarfsmenn þeirra.

Sjömenningarnir voru allir látnir lausir að loknum yfirheyrslum í fyrradag með því skilyrði að þeir myndu mæta sjálfviljugir til skýrslutöku á næstunni.

Til rannsóknar eru meintar ólögmætar lánveitingar til Roberts Tchenguiz örfáum mánuðum fyrir bankahrun upp á jafnvirði ríflega hundrað milljarða íslenskra króna. - sh



SIGURÐUR EINARSSON



ROBERT TCHENGUIZ

Íranar ósáttir við merki ÓL:

# Cameron vísar ásökunum frá

**BRETLAND** David Cameron, forsætisráðherra Breta, gefur lítið fyrir hótanir Írana um að sniðganga Ólympíuleikana sem fara fram í London á næsta ári.

Íranar halda því fram að merki leikanna, sem er útfærsla af ártalinu 2012, sé óþægilega líkt orðinu Zion, sem þýðir Jerúsalem eða Ísrael á hebresku.

Cameron vísaði því á bug og sagði að þetta væri fáranleg átylla.

„Ef Íranar vilja ekki koma þurfa þeir ekki að koma. Þeirra verður ekki saknað.“ - þj

Dæmdar bætur eftir andlát:

# Eiginmaður og börn fá bætur

**DÓMSMÁL** Eiginmaður og tvö börn konu sem lést úr heilablæðingu á Landspítalanum árið 2001 fá greiddar alls 3 milljónir króna í skaðabætur.

Mistök voru gerð þegar konan fór í glasafrjóvgun eftir að hafa glímt lengi við ófrjósemisvandamál. Vegna ófullnægjandi meðferðar við meðgöngueitrun lést hún af heilablæðingu. Íslenska ríkið hafði fallist á bætur til handa fjölskyldunni en deilt var um bótafjárhæð fyrir héraðsdómi.

Dóttir hjónanna, fædd árið 2001, er mikið fötluð og er það meðal annars rakið til heilablæðingar í fæðingunni. - sv

# Telja Vaðlaheiðargöng ekki standa undir sér

**Félag íslenskra bifreiðaeigenda segir Vaðlaheiðargöng of stutt til að réttlæta svo dýra framkvæmd. Útreikningar standist ekki. Miklum skuldbindingum sé „laumað“ á ríkissjóð og skattgreiðendur muni að lokum „fá göngin í hausinn“.**

**SAMGÖNGUR** „Fullyrðingar um að vegatollar standi undir gerð Vaðlaheiðarganga er í besta falli óskhyggja,“ segir í nýútkomnu blaði Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB).

„Í versta falli eru áhugamenn um gerð ganganna vísvitandi að blekkja stjórnvöld, vitandi að galtómur ríkissjóður mun þurfa að taka á sig verulegan hluta af kostnaðinum,“ segir áfram í blaði FÍB. Þar er ítarlega farið í saumana á áætlunum um kostnað, umferð og tekjur vegna Vaðlaheiðarganga.

Samkvæmt núverandi mati félagsins Greiðrar leiðar, sem á 49 prósenta hlut í nýstofnaða félaginu Vaðlaheiðargöngum hf. á móti Vegagerðinni, mun kostnaður við Vaðlaheiðargöng verða 10,4 milljarðar króna.

FÍB hefur hins vegar reiknað út að heildarkostnaður með stofnkostnaði og fjármagnskostnaði verði á bilinu 14,5 til 17,3 milljarðar króna eftir því hvaða vextir fáist.

„Áætlanir Greiðrar leiðar gera ráð fyrir þriggja prósenta fjármagnskostnaði,“ segir Runólfur Ólafssson, framkvæmdastjóri FÍB. Hann fullyrðir að enginn fjárfestir vilji koma að slíkri framkvæmd sem beri í sér ákveðna áhættu, meðal annars vegna vatnsaga, með þriggja prósenta ávöxtun. „Til samanburðar hefur fjármagnskostnaður vegna Hvalfjarðarganga verið um 9 prósent,“ bendir Runólfur á.

Þá dregur FÍB í efa áætlanir Greiðrar leiðar um umferð um göngin, sérstaklega sé hlutur ganganna í framtíðarumferð um Vaðlaheiði ofreiknaður að sumarlagi. Þá þurfi, samkvæmt útreikningum FÍB, vegatollar að vera minnst 1.100 krónur, en ekki 800 krónur eins komi fram í áætlunum Greiðrar leiðar. „Hver vill borga 1.100 krónur til að spara 400 krónur og níu mínútur,“ spyr FÍB sem telur einsýnt að mikill kostnaður lendi á ríkissjóði á sama tíma og brýnni verkefni bíði, til dæmis Norðfjarðargöng. Ótækt sé að „lauma“ mörg hundruð króna árlegum skuldbindingum á ríkissjóð.

„Í þessari framkvæmd er hugmyndin að ríkið ábyrgist allar lánveitingar. Það er eðlilegt að uppi á borðum séu allar upplýsingar um hvort þetta sé hagkvæmt eða mögulegt fyrir sjálfsaflafé einvörðungu,“ segir Runólfur. „Það þarf að skýra það nánar að ríkissjóður, sem í öðru orðinu er sagður ekki eiga krónu með gati til nokkurra framkvæmda, getur allt í einu orðið ábyrgur fyrir 10,4 milljarða króna framkvæmd.“ gar@frettabladid.is



**GANGAGERÐ** Áætlað er að byggja níu kílómetra göng undir Vaðlaheiði. FÍB segir það langt frá því brýnustu vegaframkvæmdina og spyr hvernig galtómur ríkissjóður geti ábyrgst slíkt verkefni á meðan önnur mikilvægari sitji á hakanum. Myndin er frá Héðinsfjarðargöngum. MYND/VEGAGERÐIN

> Hver vill borga 1.100 krónur til að spara 400 krónur og níu mínútur.
>
> BLAÐ FÉLAGS ÍSLENSKRA BIFREIÐAEIGENDA

Sviptir rétti í Wisconsin-ríki:

# Umdeilt frumvarp samþykkt

**WISCONSIN, AP Repúblikanar í öldungadeild ríkisþings Wisconsin í Bandaríkjunum samþykktu í fyrrakvöld umdeilt frumvarp sem sviptir flesta opinbera starfsmenn samningsrétti í gegnum verkalýðsfélög.**



SCOTT WALKER

**Frumvarpið hefur verið bitbein repúblikana og demókrata í nokkrar vikur og höfðu þingmenn demókrata flúið til Illinois-ríkis til þess að koma í veg fyrir atkvæðagreiðslu um málið. Repbúblikanar breyttu hins vegar frumvarpinu, sem gerði þeim kleift að ganga til atkvæða um það. Ríkisstjórinn Scott Walker hefur lengi barist fyrir frumvarpinu, sem hann segir nauðsynlegt til þess að taka á fjárhagsvanda ríksins.** - bg



**VERÐKÖNNUN** Rimaapótek var oftast með lægsta verðið í könnun ASÍ.

Verðkönnun ASÍ:

# Oftast ódýrt í Rimaapóteki

**NEYTENDUR Mikill verðmunur var milli apóteka í nýlegri könnun verðlagseftirlits ASÍ á heilsu- og snyrtivörum, en lægsta verðið var oftast í Rimaapóteki, í sjö tilvikum af 31. Lyf og heilsa reyndist oftast hafa hæsta verðið, í sex tilvikum.**

**Munurinn á milli apóteka var almennt mikill, oftast um eða yfir 20 prósentum.**

**Mestur munur, 105 prósent, var á verði á kvikasilfursmælum. Lægsta verðið var 324 krónur, í Reykjavíkurapóteki, en hæsta verðið var í Skipholtsapóteki og Lyfjum og heilsu, 665 krónur.** - þj

Óbreyttir stýrivextir í Bretlandi:

# Hafa ekki verið lægri í tvö ár

**EFNAHAGSMÁL** Peningastefnunefnd Englandsbanka, seðlabanka Bretlands, tilkynnti í gær að stýrivöxtum yrði haldið í 0,5 prósentum. Vaxtastig hefur nú haldist óbreytt þar í landi í tvö ár.

Þetta var í takti við væntingar. Breska dagblaðið Guardian segir vaxtastig kunna að hækka þegar líður á árið, ekki síst þar sem aukinn þrýstingur sé á vaxtahækkun innan peningastefnunstefndar Englandsbanka í skugga verðbólguskots. Verðbólga mælist nú fjögur prósent, sem er tvöfalt hærra en verðbólgaumarkmið Englandsbanka hljóðar upp á. - jab




Tíundu bekkingar afhentu menntamálaráðherra um þúsund undirskriftir:

# Vilja afnema hverfisskiptinguna

**MENNTAMÁL** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra tók í gær við undirskriftalista frá tíundu bekkingum þar sem skorað er á hana að afnema hverfaskiptingu í framhaldsskólum.

Rakel Ýr Birgisdóttir, nemandi í 10. bekk í Laugalækjarskóla, safnaði ásamt félögum sínum um þúsund undirskriftum meðal jafnaldra þeirra. Það er um fjórðungur árgangsins.

Samkvæmt innritunarreglum sem tóku gildi í fyrravor skulu að minnsta kosti 40 prósent nýnema í hverjum framhaldsskóla koma úr grunnskólum í grenndinni. Rakel Ýr telur það hins vegar réttlætismál að nemendur fái að velja hvar þeir stundi nám. „Mér finnst að við, framtíð þjóðarinnar, eigum að fá að velja hvað við fáum okkar menntun. Það á ekki að bitna á fólki hvar foreldrar þess kaupa hús,“ segir Rakel Ýr.

„Mín hugmynd er sú að skólarnir láti lokaeinkunnir gilda þegar þeir taka inn nemendur í vor en fyrir næsta ár verði búið að finna einhvern samræmdan stuðul sem skólarnir geta miðað við,“ segir Rakel spurð um hvernig best sé að leysa málið.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra bendir á að aðsókn í framhaldsskóla hafi aldrei verið meiri. Það hafi verið gott að heyra sjónarmið nemenda nú þegar menntamálayfirvöld reyni að finna lausnir sem sem flestir eru sáttir við. - bg



**UNDIRSKRIFTIRNAR AFHENTAR** Menntamálaráðherra tók við undirskriftum 10. bekkinga í gær. Ungmennin vilja fá að velja hvert þau sækja sína menntun. FRÉTTABLAÐIÐ PJETUR




Bílarnir sem vísað er til í þessari auglýsingu eru: IQ 1.0l, Yaris 1.4 Dísel, Auris HSD og Prius HSD. Útlit bílanna í auglýsingunni getur að einhverju leyti verið frábrugðið útliti þeirra bíla sem vísað er til.

## GENGIÐ 10.3.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,26 | 116,82 |
| Sterlingspund | 188,03 | 188,95 |
| Evra | 160,83 | 161,73 |
| Dönsk króna | 21,56 | 21,686 |
| Norsk króna | 20,701 | 20,823 |
| Sænsk króna | 18,248 | 18,354 |
| Japanskt jen | 1,401 | 1,4092 |
| SDR | 182,52 | 183,6 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,2387

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bændasamtökin treysta ekki stjórnvöldum til að semja við Evrópusambandið:

# Ætla ekki að vinna með ESB

**LANDBÚNAÐUR** Bændasamtökin ætla ekki að taka fulltrúa sinn úr samningahópi um landbúnaðarmál í aðildarviðræðum við Evrópusambandið, ESB. Þetta segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna.

Á Búnaðarþingi samtakanna í fyrrakvöld kom fram að þau muni ekki taka þátt í vinnu við útfærslu á sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB í tengslum við aðildarviðræður stjórnvalda. Á þinginu var ályktun lögð fram sem kveður á um að Ísland og íslensk stjórnvöld hafi fullt frelsi frá reglum og stefnu ESB til að ríkisstyrkja landbúnað og að heimilt verði að leggja tolla á búvörur frá ESB-ríkjunum.

> Það liggur í ályktuninni að við treystum ekki íslenskum stjórnvöldum til að gæta hagsmuna okkar.
>
> HARALDUR BENEDIKTSSON
> FORMAÐUR BÆNDASAMTAKANNA

„Það liggur í ályktuninni að við treystum ekki íslenskum stjórnvöldum til að gæta hagsmuna okkar,“ segir Haraldur og bætir við að fulltrúa Bændasamtakanna hafi aldrei liðið vel í samstarfshópi um landbúnaðarmál. Allir hafi komist í hópinn sem eftir því óskuðu og nú væru í honum fleiri en í öðrum samningahópum.

„Landbúnaðarhópurinn er mjög stór og sérkennilega samsettur. Það er ekki hægt að sjá hvers vegna hann ætti að geta útfært þær lágmarkskröfur eða samningsmarkmið miðað við samsetningu hans,“ segir Haraldur. - jab

Tíð óhöpp á Álftanesvegi:

# Ætla að þrýsta á ráðherrann

**ÁLFTANES** Bæjarráð Álftaness vill að Pálmi Másson bæjarstjóri nái tali af Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra vegna tíðra óhappa sem það segir hafa orðið á Álftanesveginum undanfarið.

Pálmi á að „þrýsta á að framkvæmdir við nýjan Álftanesveg hefjist hið fyrsta“ eins og segir í bókun bæjarráðsins. „Vegfarendum stafar mikil hætta af núverandi fyrirkomulagi þar sem t.d. ekkert vegrið skilur að akbraut frá göngustíg og hafa bifreiðar farið út af og inn á göngustíginn.“ - gar

Andlegur leiðtogi Tíbeta:

# Dalai Lama stígur til hliðar

**DHARAMSALA, AP** **Dalai Lama, andlegur leiðtogi Tíbeta, tilkynnti í gær að hann hygðist afsala sér stjórnmálalegu hlutverki sínu og fela það kjörnum fulltrúa.**



DALAI LAMA

**Í ræðu sem hann flutti í tilefni af því að 52 ár eru liðin frá misheppnaðri uppreisn Tíbeta gegn yfirráðum Kínverja sagði hann að samfélag Tíbeta þyrfti á leiðtoga að halda sem þjóðin sjálf kysi. Hann myndi leggja fram tillögur að stjórnarskrárbreytingum þar að lútandi þegar útlagaþing Tíbeta kemur saman síðar í mánuðinum.**

**Dalai Lama, sem er 76 ára, hefur farið fyrir útlagastjórn Tíbets í rúma hálfa öld og barist fyrir auknu sjálfstæði Tíbets frá Kína.** - bg

## KÍNA

### Öflugur jarðskjálfti

Að minnsta kosti 19 létust og nærri 160 slösuðust í öflugum jarðskjálfta í suðvesturhluta Kína, nærri landamærunum að Búrma, í gær. Skjálftinn mældist um 5,8 á Richter. Hús hrundu og rafmagnslaust varð á stóru svæði og hafði það áhrif á líf um 300 þúsund manna.

## LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í blaðinu í gær að ganga sem ber yfirskriftina Fæðuhringurinn í miðborg Reykjavíkur – saga matar frá landnámi til okkar daga færi fram í dag. Hið rétta er að gangan hefst á horni Aðalstrætis og Túngötu á morgun klukkan 11.

# „Delete að lestri loknum“

**Kortaþjónustan hefur höfðað einkamál á hendur Valitor (áður Greiðslumiðlun hf.), Borgun (áður Kreditkort hf.) og Greiðslumiðluninni vegna ólöglegs samráðs þeirra. Tölvupóstsamskipti félaganna hafa verið birt.**

**VIÐSKIPTI** Forstjóri Greiðslumiðlunar VISA-Ísland fór fram á það við bankastjóra Landsbanka Íslands að bankinn aðstoðaði við að beita stóra viðskiptavini VISA þrýstingi til að þeir samþykktu hærri gjöld frá kortafyrirtækinu.

Samskiptin áttu sér stað í tölvupósti í ársbyrjun 2005. Bankastjórinn var Halldór J. Kristjánsson og forstjórinn Halldór Guðbjarnason. Bankastjóri Landsbankans var einnig stjórnarformaður Greiðslumiðlunar.

Tölvupósturinn er meðal gagna sem Samkeppniseftirlitið lagði hald á í rannsókn á ólögmætu samráði Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. (Europay) og Fjölgreiðslumiðlunar hf. til að klekkja á nýjum keppninauti á markaði kortaviðskipta PBS/Kortaþjónustunni.

Rannsókninni lauk með sátt í janúar 2008, tveimur árum eftir að Kortaþjónustan lagði fram kæru sína, þar sem fyrirtækin þrjú játuðu á sig brot og féllust á að greiða samtals 735 milljónir króna í stjórnvaldssekt.

Úrskurðarnefnd samkeppnismála féllst í fyrrahaust á beiðni Kortaþjónustunnar um að fá afhent gögnin sem ákvörðun Samkeppniseftirlitsins árið 2008 byggði á. Valitor (áður Greiðslumiðlun) hafði kært til úrskurðarnefndarinnar.

„Ég mun kurteislega tilk. Ragnari [Önundarsyni, þá forstjóra Kreditkorts hf.] á eftir að við ætlum að hefja kaup á Raðgreiðslusamningum og væntum þess að hann standi ekki á móti því að við kaupum Kreditkortasamninga eins og þeir hafa getað keypt VISAsamninga,“ skrifar Halldór nafna sínum í Landsbankanum í fyrrnefndum tölvupósti. „PBS [Kortaþjónustan] hóf herferð í nóv. sl. til að reyna að auka viðskiptin.



HALLDÓR GUÐBJARNASON



RAGNAR ÖNUNDARSON

Eitthvað hefur þeim orðið ágengt svo við verðum eina ferðina enn að fara í átak gegn þeim.“

Forstjóri VISA-Ísland nefnir í póstinum ÁTVR og Haga sem fyrirtæki sem greitt hafi lægst gjöld, en eigi að reyna að fá til að samþykkja hækkun. „Má vera að við þyrftum einhverja aðstoð frá ykkur, viðskiptabanka Haga.“ Hagar voru þá, líkt og nú, einn stærsti eigandi matvöruverslana í landinu og ÁTVR í ríkiseigu.

Í gögnum Samkeppniseftirlitsins er fjöldi tölvupósta. Margir eru á milli Halldórs Guðbjarnasonar og Ragnars Önundarsonar. Þá má sjá hvernig Logi Ragnarsson, forstjóri Fjölgreiðslumiðlunarinnar (sem frá og með síðustu áramótum varð að fullu í eigu Seðlabankans og nefnist nú Greiðsluveitan) áframsendi í nóvember 2002 erindi Jóhannesar I. Kolbeinssonar, forstjóra Kortaþjónustunnar, beint á Halldór Guðbjarnason, Ragnar Önundarson og fleiri starfsmenn fyrirtækja þeirra. Með þessari sendingu fréttu kortafyrirtækin tvö af innkomu Kortaþjónustunnar á markaðinn og hófu smíð sérreglna um íslenska markaðinn til að torvelda Kortaþjónustunni að hefja hér viðskipti.

Til stendur að birta öll gögnin á vefnum Kortasamráð.is, en hann er í eigu Kortaþjónustunnar.



**Í VERSLUN** Greiðslukort eru mikið notuð í öllum viðskiptum hér á landi. Líklegt er að hækkanir á þjónustugjöldum kortafyrirtækja lendi á neytendum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Vildu leynd og að bréfum yrði eytt

Tölvupóstsamskiptin sem um ræðir eru frá árunum 2001 til og með ársins 2005. Ljóst er af lestri þeirra að viðkomandi voru meðvitaðir um að verið væri að hafa rangt við.

Halldór Guðbjarnason skrifar til dæmis „Lestu þetta og hafðu aðeins fyrir þig. Vertu alls ekki að tala um þetta við aðra þarna.“ í áframsendingu á yfirmann fyrirtækjasviðs VISA Ísland. Þar sendi hann áfram bréf frá Ragnari Önundarsyni með beiðni um svörun á sviði posaleigu.

Og í bréfi Ragnars til Halldórs sumarið 2006 segir: „Sæll, bara til að klára þetta: Með breyttu eignarhaldi kortafélaga er líklegt að svona rabb okkar á milli þurfi að vera endanlega liðin tíð. Við skulum deleta þessu úr bæði innog út- hólfum.“

Þá eru fleiri dæmi um bréf frá Ragnari, svo sem frá 2003 og 2006 sem hefjast á „Delete“ og „Delete að lestri loknum“.

Fyrirtækið hefur höfðað einkamál á hendur Valitor, Borgun og Greiðsluveitunni.

Logi Ragnarsson gegnir enn þá starfi forstjóra Greiðsluveitunnar. Við starfi forstjóra Kreditkorta (nú Borgunar) tók Haukur Oddsson, en Ragnar er varaformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna og varaformaður Framtakssjóðs Íslands. Höskuldur Ólafsson, nú forstjóri Arion banka, tók við af Halldóri sem forstjóri VISA-Ísland (nú Valitor). olikr@frettabladid.is




SIEMENS
Sölusýning
á morgun.
Fjöldi tilboða
í tilefni dagsins.
Opið frá 10 til 16.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**BREYTINGAR** verða á veðrinu eftir daginn í dag. Vindur snýst til suðlægrar áttar og það dregur úr frosti vestanlands á morgun. Frá sunnudegi fram á mánudag hlánar á landinu með rigningu sunnan- og vestan til.



**Á MORGUN** Fremur hæg breytileg átt víðast hvar.

**SUNNUDAGUR** Vaxandi vindur þegar líður á daginn.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 10° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 15° |
| Orlando | 20° |
| Ósló | -1° |
| París | 13° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

# Danske dager



Ekta dönsk lifrakæfa



**lifrakæfur**
2 tegundir

## Tulip álegg í úrvali



**TULIP ÁLEGG**
Hamborgarhryggur
Rúllupylsa
Reykt rúllupylsa
Steiktur kambur
Roastbeef
Nautabringa
Kartöflusalami
Piparspægipylsa


GOTT VERÐ 698 kr/kg

**Svínasíða**
ribbensteg að dönskum sið


GOTT VERÐ 1.598 kr/kg

**Fylltar svínalundir**
með dönskum gráðosti


GOTT VERÐ 998 kr/kg

**Hamborgarhryggur**
að dönskum sið


GOTT VERÐ 2.698 kr/kg

**Nauta entrecote**
að dönskum sið

Direkte fra Danmark


GOTT VERÐ 898 kr/stk

**Jaka Bov skinka**

Direkte fra Danmark



**Danskar pylsur**
ekta danskar pylsur

Direkte fra Danmark

**Pylsubrauð**
hatting frosin pylsubrauð

Direkte fra Danmark



**French dog dressing**
dressing fyrir pylsubrauð og pylsur

Direkte fra Danmark



**Dr. Oetker íssósur**
3 tegundir

Nyheder på danske dage



**Guf danskt ískrem**
jarðaberja, þarf aðeins að þeyta

Direkte fra Danmark



**3 Stjernet Salami**

Direkte fra Danmark



**Graasten brauðsalöt**
10 tegundir

Nyheder på danske dage



**Víking rúgbrauð**
beint frá Danmörku

Direkte fra Danmark



**Súkkulaðiálegg**
dökkt og ljóst

Direkte fra Danmark



**Haribo hlaup**
fjölbreytt úrval

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 20. mars á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



*Telur þú líklegt að ólöglegt samráð sé á byggingarvörumarkaði?*

| | |
|---|---|
| Já | 88% |
| Nei | 12% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Safnar einhver „mottu“ á þínu heimili?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Magnús Leopoldsson efast um að hörgull á bújörðum hefti nýliðun og ógni matvælaöryggi:

# Auknar kvaðir gætu verðfellt bújarðir

**STJÓRNMÁL** Magnús Leopoldsson fasteignasali deilir ekki þeirri skoðun með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að gildandi jarðalög séu ógn við matvælaöryggi í landinu og aftri nýliðun í bændastétt.

Í ræðu á Búnaðarþingi boðaði Jón Bjarnason breytingar á jarðalögum, „einkum til að formfesta skynsamlega landnýtingu með tillti til fæðuöryggis þjóðarinnar.“ Sagði hann Íslendinga hafa horft aðgerðarlausa á bestu bújarðirnar í frjósömustu sveitunum teknar úr ræktun og jafnvel gerðar ónýtanlegar til matvælaframleiðslu. „Tryggja þarf ábúð á bújörðum og að landbúnaðarland sé nýtt af skynsemi...,“ sagði hann og vék að mikilvægi nýliðunar í stéttinni.

Magnús Leopoldsson, sem hefur annast jarðasölu um árabil, telur bújarðakaup fólks utan bændastéttar í engu ógna matvælaöryggi. Bújarðir séu margar og að auki alsiða að þeir sem ekki nýti tún feli þau bændum til nýtingar. Þá geti hörgull á jarðnæði ekki verið ástæða lítillar nýliðunar í landbúnaði. „Þar ráða aðrir þættir.



MAGNÚS LEOPOLDSSON

Það hefur verið erfitt fyrir ungt fólk að byrja búskap svo lengi sem ég man. Það kostar nefnilega peninga að hefja búskap eins og gildir um allan annan atvinnurekstur.“

Aðspurður segir Magnús að bújarðir gætu hæglega fallið í verði með auknum kvöðum. Bændum sé lítill greiði gerður með því að ríkisvaldið verðfelli jarðir þeirra.

Á hitt beri að líta að land á Íslandi sé mjög ódýrt. „Mér er sagt að land hér sé á svipuðu verði og í Moldavíu. Land er sumsé hvergi í heiminum ódýrara en hér. En fasteignirnar utan um matvælaframleiðsluna kosta sitt.“

Magnús segir gott að málefni landbúnaðar og jarðnæðis séu tekin til skoðunar enda blasi við margs konar vandamál. Hann trúi þó ekki að bændum verði gert erfiðara fyrir en nú er að selja jarðir sínar. **- bþs**

Bændur á móti lagabreytingu:

# Sautján ára fái áfram bílpróf

**SAMFÉLAGSMÁL Bændur leggjast gegn því að bílpróf fáist við átján ára aldur í stað sautján eins og nú er.**

**Fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á umferðarlögum og er í því gert ráð fyrir að bílprófsaldurinn verði hækkaður um eitt ár.**

**Því mótmæla bændur. Segja þeir möguleika þeirra sem ekki hafa náð átján ára aldri til þess að komast ferða sinna myndu einkum felast í notkun á almenningssamgöngum.**

**Þær séu langt frá því að vera fullnægjandi. Almenningssamgöngur í dreifbýli hafi átt í vök að verjast á undanförnum árum og hafi raunar versnað til muna. - bþs**

DÓMSMÁL

## Rifbeinsbraut mágkonu sína

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa ráðist á mágkonu sína og gest á heimili hennar. Hinn dæmdi neitaði sök fyrir dómi en út frá framburði fórnarlambanna var hann sakfelldur.

## Kjálkabraut tvo menn

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt karlmann í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundna, fyrir tvær líkamsárásir í miðborg Reykjavíkur árið 2009. Í báðum árásum sló hinn dæmdi fórnarlömb sín í andlitið. Maðurinn játaði brot sín en með árásunum rauf hann skilorð eldri dóms. Hann var dæmdur til að greiða fórnarlömbum rúmlega 800 þúsund krónur í skaðabætur vegna árásanna.



**Á KJÖRSTAÐ** Kjósendum var sendur bæklingur fyrir Icesave-kosninguna 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Enn óvíst hvort ríkið kynnir Icesave-málið

**Fjármálaráðherra og innanríkisráðherra eru ekki sammála um hvað stjórnvöld eiga að ganga langt í að kynna Icesave. Fjármálaráðherra vill senda kjósendum bækling en innanríkisráðherra vill uppfylla lagaskyldur og treystir á fjölmiðla.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hefur ekki ákveðið hvort og þá hvernig staðið verði að sérstakri kynningu á Icesave-málinu fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna 9. apríl.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir málið enn í vinnslu. Ráðuneyti hans muni að sjálfsögðu uppfylla þær skyldur sem því eru lagðar á herðar samkvæmt lögum en í þeim segir að senda beri öllum heimilum í landinu sérprentun laganna sem forseti synjaði staðfestingar. Jafnframt skuli vakin athygli á því að frumvarpið til laganna og öll skjöl varðandi meðferð þess séu aðgengileg á áberandi stað á vefsíðu Alþingis.

Ögmundur segir að þetta verði að sjálfsögðu gert. „Svo lít ég svo á að það sé mikilvægt að kjósendur fái vitneskju um hvar upplýsinga er að afla frá mismunandi sjónarhornum. Hvað gert verður til að ná þessu markmiði er ekki endanlega frá gengið. Meginábyrgðin á því að koma upplýsingum til skila til almennings hvílir hins vegar á fjölmiðlum sem eru vettvangur lýðræðislegrar umræðu í landinu. Ég horfi til fjölmiðlanna, að þeir rísi undir þeirri ábyrgð sinni en að við, fyrir okkar leyti, sjáum til þess að fólki verði greiður aðgangur að upplýsingum.“

> Meginábyrgðin á því að koma upplýsingum til skila til almennings hvílir hins vegar á fjölmiðlum sem eru vettvangur lýðræðislegrar umræðu í landinu.
>
> ÖGMUNDUR JÓNASSON INNANRÍKISRÁÐHERRA

Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaráðuneytinu stendur vilji Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra til þess að útbúinn verði upplýsingabæklingur og sendur kjósendum.

Sú leið var farin þegar þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave fór fram á síðasta ári. Þá var Lagastofnun Háskóla Íslands falið að útbúa hlutlaust kynningarefni sem bæði var sent inn á heimili og birt á sérstakri vefsíðu. Sú leið verður að líkindum ekki farin nú. Horft er til þess að kynningarefnið verði unnið í fjármálaráðuneytinu og auglýsingastofu falin framsetning.

Í auglýsingu innanríkisráðuneytisins í vikunni kom fram hvernig spurningin í þjóðaratkvæðagreiðslunni verður fram borin. Jafnframt var vísað á vef Alþingis, althingi.is, þar sem skjöl er varða meðferð málsins í þinginu eru birt. **bjorn@frettabladid.is**









Rúmlega 1.200 manns eiga samtals 500 þúsund milljarða króna:

# Milljarðamæringum fjölgar

**BANDARÍKIN** Mexíkóski auðjöfurinn Carlos Slim Helu er auðugasti maður jarðar, annað árið í röð, samkvæmt nýbirtum lista bandaríska tímaritsins Forbes. Auðæfi hans eru metin á 74 milljarða Bandaríkjadala, eða 8.500 milljarða króna.

Milljarðamæringum, í dollurum talið, hefur fjölgað á milli ára úr 1.011 í 1.210. Samtals eiga þessir 1.210 menn 4.500 milljarða dala, en sú upphæð telst samsvara ríflega 500.000 milljörðum króna.

Næstur á eftir Helu er Microsoft-eigandinn Bill Gates, sem talinn er eiga 56 milljarða dala, og þriðji á listanum er Warren Buffet, en auðæfi hans eru metin á 50 milljarða dala.

Sem fyrr búa flestir milljarðamæringar heimsins í Bandaríkjunum, en bæði Kína og Rússland eiga nú fleiri en 100 milljarðamæringa. Þeir eru 115 í Kína og 101 í Rússlandi. Af 214 nýjum nöfnum á listanum kemur meira en helmingurinn frá Brasilíu, Rússlandi, Indlandi og Kína.



**CARLOS SLIM HELO** Hefur grætt á rekstri fjarskiptakerfa og öðrum viðskiptum. NORDICPHOTOS/AFP

Á listanum eru aðeins 102 konur. Enginn Íslendingur er á listanum þetta árið, en þrír Danir eru nýir á listanum. **- gb**

Eignastýring MP banka

# ÁRANGUR OKKAR TALAR SÍNU MÁLI




**Meðalávöxtun er 14,4% á síðustu 8 árum.***

Súluritið sýnir ávöxtun leiðar 1 hjá eignastýringu MP banka 2003-2010.
Leið 1, varfærin stýring, má fjárfesta í skuldabréfum 50-100% og hlutabréfum 0-50%.
Öll innlend hlutabréf leiðarinnar voru seld fyrir mitt árið 2008.
Starfsfólk eignastýringar hefur vakandi auga fyrir nýjum tækifærum sem kunna að myndast á hlutabréfamarkaði á næstunni.
Meðalverðbólga er 6,4% á síðustu 8 árum.

* Nafnávöxtun eignastýringarleiðar 1, 2003-2010 skv. útreikningi MP banka. Ávöxtun miðast við söfn í stýringu allt árið. Ávöxtun er sýnd án þóknana en þær eru mismunandi eftir stærð safna. Um 65% viðskiptavina eignastýringar MP banka eru nú í leið 1. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

# 14,4%

## Meðalávöxtun á síðustu 8 árum*

MP banki hefur langa reynslu af eignastýringu fyrir einstaklinga, félög og sjóði. Aðferðafræði eignastýringar MP banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri óháð markaðsaðstæðum hverju sinni.

**Kynntu þér eignastýringu MP banka á www.mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað heita Tchenguiz-bræðurnir sem voru í hópi helstu viðskiptavina Kaupþings?*

**2** *Nýir aðilar ætla að hefja rekstur bókabúðar í húsnæði gömlu Máls og menningar við Laugaveg. Þeir reka bókabúð fyrir, hvað heitir hún?*

**3** *Hver var markahæstur Íslendinga í handboltalandsleiknum gegn Þjóðverjum á miðvikudag?*

**SVÖR**

**1.** *Robert og Vincent* **2.** *Iða* **3.** *Guðjón Valur Sigurðsson með tólf mörk*

Kostnaður við ferðalög forseta Íslands og forsetafrúar til útlanda var ríflega 9,7 milljónir króna í fyrra:

# Ferðalögin kosta 217 þúsund krónur á dag

**BESSASTAÐIR** Kostnaður skattgreiðenda við hvern dag sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var erlendis í fyrra var um 217 þúsund krónur samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins. Árið áður var meðaltalskostnaðurinn 163 þúsund fyrir hvern dag.

Heildarkostnaður við ferðalög forseta Íslands og forsetafrúar var ríflega 9,7 milljónir króna á síðasta ári, og um 4,4 milljónir árið 2009. Þetta kemur fram í svari embættis forseta Íslands við fyrirspurn Stöðvar 2.

Meðaltalskostnaður á dag er misjafn milli ára. Þar skiptir miklu hversu margar ferðir eru farnar, hversu langt er farið og hvort forsetafrúin er með í för.

Greiðslur vegna fargjalda, gistingar, dagpeninga og annars ferðakostnaðar Ólafs Ragnars námu ríflega 6,9 milljónum í fyrra. Við það bætast greiðslur vegna fargjalda Dorritar Moussaieff forsetafrúar, alls um 2,8 milljónir. Dorrit hefur aldrei þegið dagpeninga á ferðalögum.

Árið 2009 voru greiðslur vegna fargjalda, gistingar, dagpeninga og annars ferðakostnaðar Ólafs



**Á INDLANDI** Forseti Íslands og forsetafrú heimsóttu Indland í janúar í fyrra.

Ragnars rúmlega 3,8 milljónir. Greiðslur vegna fargjalda Dorritar voru um 600 þúsund krónur.

Við þennan kostnað bætast greiðslur til handhafa forsetavalds í fjarveru Ólafs Ragnars. Forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar skipta með sér sem samsvarar launum forseta fyrir hvern dag sem forsetinn er ekki á landinu. Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins nema þær greiðslur um 20 þúsund krónum á dag fyrir hvern handhafa forsetavalds.

Samanlagt fengu handhafarnir þrír tæplega 5,2 milljónir króna í aukagreiðslu vegna þessa í fyrra, og tæplega 3,2 milljónir árið áður. **- bj**



**KRISTJÁNSBORGARHÖLL** Ákall um lækkun hámarkshraða í Danmörku mun ekki koma til kasta þingmanna á næstunni.

Umferðin í Danmörku:

## Vilja ekki lægri hámarkshraða

**DANMÖRK Stjórnarflokkurinn Venstre hyggst ekki leggja til að hámarkshraði á dönskum hraðbrautum verði lækkaður úr 130 kílómetrum á klukkustund niður í 110, þrátt fyrir tilmæli fjölmargra umhverfissamtaka.**

**Félag bifreiðaeigenda í Danmörku heldur því fram að lækkun hámarkshraða muni skila nær fimmtungssamdrætti í eldsneytisnotkun. Mörg stórfyrirtæki þar í landi hafa dregið úr hraða til að spara eldsneyti og minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda.**

**Flutningshraði er þó mikilvægari í augum Venstre, segir talsmaður flokksins.** **- þj**

# Vilja nýjan gjaldmiðil til að losna undan höftunum

**Formaður SI segir gjaldeyrismál undirstrika mikilvægi þess að ná viðunandi samningum við ESB. Erlendir fjárfestar hafi gefist upp á íslensku krónunni. Varar við hótunum yfirvalda um þjóðnýtingu fyrirtækja.**

**ATVINNUMÁL** Til að losna við gjaldeyrishöft að fullu þurfa Íslendingar væntanlega að taka upp annan gjaldmiðil, að mati Helga Magnússonar, formanns Samtaka iðnaðarins (SI). Það telur hann undirstrika mikilvægi þess að Íslendingar freisti þess af fullu afli að ná viðunandi samningum við Evrópusambandið. Þetta kom fram í ræðu Helga á Iðnþingi í gær.



**HELGI MAGNÚSSON**

„Með hagstæðum samningum eigum við erindi í ESB. Annars ekki og þá þurfum við að halda áfram að hokra hér með þá íslensku krónu sem erlendir fjárfestar hafa nú gefist upp á – hvort sem okkur líkar betur eða verr,“ sagði Helgi.

Helgi sagði Íslendinga enn fasta í viðjum hrunsins; vonbrigðum, tortryggni og reiði. Of margir væru uppteknir af hatri og refsigleði sem torveldaði okkur að komast úr sporunum.

Nokkur fyrirtæki hefðu þó náð alla leið í harðri alþjóðlegri samkeppni, sem væri vel af sér vikið. Nefndi hann Össur og Marel sem dæmi.

„Því sárara er það fyrir þau og aðra í atvinnulífinu að upplifa að sú umgjörð sem stjórnvöld búa okkur er óviðunandi,“ segir Helgi. „Þegar við segjum það, erum við gjarnan vænd um þröng flokkspólitísk viðhorf, andúð í garð ráðandi afla eða enn furðulegri hvatir,“ sagði hann. Hins vegar hefði málflutningur samtakanna fengið stoð í orðum stjórnarformanns Össurar í viðtali í Fréttablaðinu um síðustu helgi. Hann gagnrýndi hversu erfitt væri að reka alþjóðlegt fyrirtæki á Íslandi.



**ÍSLENSKUR IÐNAÐUR** Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, segir að umgjörð stjórnvalda um atvinnulífið sé óviðunandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þá sagði hann að Íslendingar þyrftu að hætta að verða sér til minnkunar á alþjóðlegum vettvangi með því að hóta þjóðnýtingu lögmætra erlendra fjárfestinga að hætti Bólivíu og Ekvador.

Í ræðu sinni á þinginu vék Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, að stöðu nýsköpunarfyrirtækja. Hann fagnaði lögum um eflingu nýsköpunarfyrirtækja frá síðasta ári, og sagði þau styrkja samkeppnishæfi Íslands í þróun og nýsköpun.

Orri segir þó að því miður hafi hluti þeirra laga, sem laut að skattaafslætti vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum, verið felldur úr gildi síðar, vegna athugasemda frá ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA.

„Ég vona að sá hluti komi aftur til framkvæmda í ár,“ segir Orri í samtali við Fréttablaðið.

**stigur@frettabladid.is, thorgils@frettabladid.is**






**TEFLT AF KAPPI** Önnur umferð MP Reykjavíkurskákmótsins fór fram í gær. Þröstur Þórhallsson vann góðan sigur á Þjóðverjanum Jan Gustafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Önnur umferð MP Reykjavíkurskákmótsins:

## Þröstur lagði Jan Gustafsson að velli

**SKÁK** Þröstur Þórhallsson lagði þýska stórmeistarann Jan Gustafsson í annari umferð MP Reykjavíkurskákmótsins í gær.

Meistari síðustu þriggja ára, Hannes Hlífar Stefánsson, mátti sætta sig við tap gegn Hvítrússanum Önnu Sharevich.

Þröstur er með tvo vinninga það sem af er móti, eins og Jón Viktor Gunnarsson og Bragi Þorfinnsson.

Meðal annarra úrslita má nefna að Englendingurinn Luke McShane lagði Norðmanninn Björn Tiller.

Mótið í ár er einnig minningarmót um Inga R. Jóhannsson skákmeistara, auk þess að vera bæði Norðurlandamót í opnum flokki og kvennaflokki. **- þj**

-góð kaup

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ




NÝTT!

NÝTT!

**ALYSSA hægindasófar**
Glæsilegir hægindasófar með PELLISIMA áklæði. Hægt er að halla baki, lyfta skemli og rugga. Í miðjunni eru tveir glasahaldarar og geymsluhólf. Sniðugur sjónvarpssófi á frábæru verði! Sófinn er fáanlegur í brúnum og svörtum lit.
Stærð: L186 x H102 x D100 sm.

HÆGINDASÓFI
129.950,-



**GOLD E5 rafmagnsrúm**
Einstaklega vandað rúm með springdýnu. Góð 5 sm. þykk yfirdýna með latex kjarna. Þykkt og sterkt áklæði. Stillingar fyrir bak og fætur. Falleg, bólstruð rúmumgjörð.

YFIRDÝNA INNIFALIN

Þægindasvæði | Rafmagns | Yfirdýna | Dönsk gæðaframleiðsla | 2 ár áklæði Ábyrgð | 2 ár mótor Ábyrgð

**UPPLÝSINGAR**
- Bólstruð umgjörð
- Rafmagnsbotn + fætur
- GOLD E5 springdýna
- Vönduð og þykk yfirdýna

ST. 90 X 200 SM.
VERÐ ÁÐUR: 169.950,-
89.950,-

SPARIÐ 80.000



**LUPO skóhilla**
Falleg og góð skóhilla úr olíuborinni hnotu.
St. B50 x H41 x D26 sm.

SKÓHILLA
1.995,-

# HELGARTILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA 11.03 - 13.03



FATASLÁ
2.295,-

**MATS fataslá**
Fín fataslá á góðu verði. Stærð: B90 x H104/173 x D47 sm.



SPARIÐ 3.000

VENJULEGT VERÐ: 12.950,-
9.950,-

**MAGNUS skrifborðsstóll**
Skrifborðsstóll á krómfæti með stillanlegu baki og setu. Þverband í baki. Hægt að rugga. Litur: Svartur.



Price Star

ÓTRÚLEGT VERÐ!

STÆRÐ: 90 X 200 SM.
14.950,-
VERÐ ÁN FÓTA

**PRICE STAR B10 dýna**
Einföld dýna með 102 BONELL gormum pr. m². Dýnan er með polýúretan svampi. Ótrúlega gott verð! Verð á fótum frá: **4.995,-**



SPARIÐ 20.000

VENJULEGT VERÐ: 59.950,-
39.950,-

**HEMINGWAY svefnsófi**
Fallegur svefnsófi með slitsterku PU áklæði og rúmfatageymslu.
Stærð: B186 x H92 x D95 sm. Í svefnstöðu: B125 x L186 sm.
Litur: Svartur. Frábær svefnsófi á góðu verði!



SPARIÐ 3.000

VENJULEGT VERÐ: 6.995,-
3.995,-

**LENINGRAD fatastandur**
Fínn fatastandur með svörtum knöppum.
Hæð: 176 sm.



LUPO HILLA
6.995,-

**LUPO hilla**
Falleg og góð hilla úr olíuborinni hnotu.
St. B36 x H150 x D36 sm.



SPARIÐ 2.000

FÆST EINNIG Í HVÍTU

VENJULEGT VERÐ: 4.990,-
2.990,-

**BASEL náttborð**
Stærð: B38 x H48 sm.



**ÓÐRUVÍSI NÁLGUN** Bandaríkjaher hefur sent 40 kvenkyns landgönguliða til átakasvæða í Afganistan, einkum til að sjá um samskipti við konur og börn á þessum svæðum. NORDICPHOTOS/AFP

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks gagnrýna meirihluta varðandi skólamál:

# Óeðlilega lítill tími til stefnu

**REYKJAVÍK** Þeir sem koma að fyrirhuguðum breytingum á skólastarfi í Reykjavík eiga að skila inn umsögnum vegna tillagna fyrir 25. mars næstkomandi.

Lagðar voru fram ýmsar fyrirspurnir um málið á borgarráðsfundi í gærmorgun af hálfu Sjálfstæðisflokks. Meðal þeirra var hversu langur tími yrði gefinn til þess að fara yfir umsagnir hagsmunaaðila áður en endanleg tillaga yrði lögð fyrir.



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

„Meirihluti Samfylkingar og Besta flokks hefur stefnt að því að senda leikskóla- og skólastjórnendum uppsagnarbréf fyrir 1. apríl,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. „Og verða gerðar breytingar á þessari tímaáætlun í ljósi þess hve skammur tími er til stefnu?“

Jón Gnarr borgarstjóri hefur boðað til fundar á laugardag, ásamt borgarfulltrúum Besta flokksins og Samfylkingarinnar, með foreldrum leik- og grunnskólabarna í Grafarvogi. Er þetta vegna tillagna um sameiningu skóla.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði lögðu fram fyrirspurnir varðandi fundinn. Meðal annars var spurt hvort áður hefði verið boðað til íbúafunda af æðsta embættismanni borgarinnar ásamt einungis hluta borgarfulltrúa. Einnig var spurt hver greiddi kostnaðinn af umræddum fundi. - sv

Dæmdur fyrir skattalagabrot:

## Skal greiða 25 milljónir í sekt

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu 25 milljóna í sekt til ríkissjóðs vegna brota gegn skattalögum.

Maðurinn starfaði sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi fyrir einkahlutafélag. Hann stóð ekki skil á virðisaukaskattskýrslum á lögmætum tíma, né heldur skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda.

Við ákvörðun refsingar var horft til þess að maðurinn játaði brot sín hreinskilnislega. - jss

Rússnesk vopn rokseljast:

## Selja vopn fyrir 1.000 milljarða

**RÚSSLAND Rússneski hergagnaiðnaðurinn sló í fyrra sölumet í vopnasölu. Útflutningur á rússneskum vélbyssum, herþotum og skriðdrekum nam rétt tæpum 1.000 milljörðum króna. Þetta er ívið hærri upphæð en árið 2009.**

**Salan í fyrra mun þó hafa verið töluvert undir væntingum. Rússneskir vopnasalar töldu að salan yrði um 150 milljörðum króna meiri en raunin varð. Þetta skýrist af því að nokkrir samningar sem verið hafa lengi í bígerð gengu ekki eftir.**

**Það er opinber stofnun, Rosoboronexport, sem sér um alla löglega vopnasölu frá Rússlandi.**

**Kínverjar eru stærstu einstöku kaupendur rússneskra vopna en 10 prósent af vopnaútflutningi Rússa eru til Kína. - bg**

Kröfu dótturfélags Kaupþings um 87 milljarða hafnað:

## Fór út fyrir umboð sitt

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur úrskurðað að slitastjórn Kaupþings beri að hafna kröfu í bú bankans frá dótturfélagi Kaupþings á eyjunni Mön. Krafan nemur 463 milljónum punda, jafnvirði um 87 milljarða króna.

Kaupþing Singer & Friedlander Isle of Man Limited (Kaupþing á Mön) var hluti af Kaupþingssamstæðunni og byggði kröfu sína á því að Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi, hefði með ábyrgðaryfirlýsingu til Fjármálaeftirlitsins á Mön árið 2005 skuldbundið móðurfélagið til að verja fjárhagslegan stöðugleika dótturfélagsins og tryggja í hvívetna að það gæti staðið við skuldbindingar sínar.

Kaupþing á Mön er nú í slitameðferð og duga eignirnar ekki upp í skuldir. Því var farið fram á að þrotabú móðurfélagsins greiddi það sem upp á vantaði í samræmi við ábyrgðaryfirlýsinguna.



INGÓLFUR HELGASON

Kröfunni var hafnað með þeim rökum að Ingólfur, sem var sem áður segir bankastjóri Kaupþings á Íslandi, hafi ekki haft umboð til að skrifa undir yfirlýsinguna fyrir hönd móðurfélagsins, sem hafi ekki haft um hana vitneskju eða staðfest hana. Á þetta fellst héraðsdómur. - sh



**UPPREISNARMAÐUR Á FLÓTTA** Her Gaddafís einræðisherra beitti mikilli hörku gegn uppreisnarmönnum í hafnarborginni Ras Lanuf í gær. Rauði krossinn segir uppreisnina í Líbíu borgarastyrjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# NATO mælir fyrir hertum aðgerðum

**Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna sagði í gær fyrirhugað að NATO mælti fyrir um flugbann yfir Líbíu. Her Gaddafís lét sprengjum rigna jafnt yfir borgara sem uppreisnarmenn sem flýja í austurátt.**

**LÍBÍA, AP** Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sagði í gær í bígerð að Atlantshafsbandalagið, NATO, mælti fyrir flugbanni yfir Líbíu á meðan ófriður geisar þar. Þá yrðu skip á vegum bandalagsins send að ströndum Líbíu með hjálpargögn ef þeirra gerðist þörf. Ekki kemur hins vegar til greina að senda her inn í landið nema Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna álykti um hernaðaríhlutun, að sögn Gates.

Gates hélt fund með blaðamannafund í Brussel í gær að loknum samráðsfundi varnarmálaráðherra aðildarríkja NATO þar sem farið var yfir stöðu mála í Líbíu.

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, tók í sama streng og landi hennar heima fyrir í Washington. Hún sagði meðal annars að skærist alþjóðaher í leikinn gæti það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér.

Á sama tíma lét her Múammars Gaddafí, einræðisherra Líbíu, sprengjum og skotum rigna jafnt úr lofti sem láði yfir uppreisnarmenn og híbýli í hafnarborginni Ras Lanuf í norðurhluta landsins. Íbúar borginnar flúðu frá heimilum sínum, opinberum byggingum og sjúkrahúsum undan sprengjurigningu. Þá hröktust hundruð uppreisnarmanna á jeppum í austur til Egyptalands.

Átökin í Líbíu hafa valdið því að olíuframleiðsla í landinu hefur dregist saman um tæplega sjötíu prósent og nemur hún nú hálfri milljón tunna á dag. Af þeim sökum hafa alþjóðleg matsfyrirtæki fært niður lánshæfiseinkunnir landsins. Fitch færði lánshæfi landsins niður í ruslflokk um mánaðamótin. Standard & Poor's fylgdi í kjölfarið í gær þrátt fyrir að leiðtogar uppreisnarmanna hefðu lofað að standa við gerða samninga um alþjóðleg olíufyrirtæki.




Frábært úrval
af ungbarnaskóm frá Ecco

Góður stuðningur við ökkla • Leður að utan sem innan • Léttir, liprir og meðfærilegir á fæti sem fyrstu skór



KICK-START Verð kr. 8.995 Stærðir: 19 - 26 | Vörunr. 751511-56510
KICK-START Verð kr. 8.995 Stærðir: 19 - 26 | Vörunr. 751511-56573
HIDE & SEEK Verð kr. 7.995 Stærðir: 19 - 26 | Vörunr. 752021-57001
HIDE & SEEK Verð kr. 7.995 Stærðir: 19 - 26 | Vörunr. 752021-57023
MIMIC Verð kr. 9.995 Stærðir: 19 - 26 | Vörunr. 73071-57021
MIMIC Verð kr. 9.995 Stærðir: 19 - 26 | Vörunr. 750021-55396
MIMIC Verð kr. 9.995 Stærðir: 19 - 26 | Vörunr. 750021-50829
MIMIC Verð kr. 9.995 Stærðir: 19 - 26 | Vörunr. 750011-55276

ecco KRINGLAN Sími 553 8050
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN SMÁRALIND Sími 551 8519
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN Sími 568 9212
ecco

# HREINLÆTISTÆKI

## - gott verð fyrir alla - alltaf

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**



FC 504 Sturtuhorn 90x90 cm

**29.900**



Sturtuklefi 80x80x195cm með botni, vatnslás og botnventli

**41.900**



ALIBERT Salerni með stút í gólf og setu
Tilbúið til tengingar

**15.700**



EURO handklæðaofn 50x80 cm kúptur króm

**13.490**



Innbyggður kassi, hnappur, WC og seta

Allt settið

**25.900**



FC 503 Sturtuhorn m. botni 90x90 cm

**49.900**



FC 512 Sturtuhorn m. botni 145x80 cm

**59.900**



ADELL sturtusett

**2.995**



MILAN 80x80 cm með botni og vatnslás

**27.900**



Öflugur stíflueyðir

**1.195**



Sturtuhreinsir 0,5L

**1.395**



OVA handlaug 45x35 cm

**3.900**



NAPOLI hitastýrt sturtusett

**29.900**



NAPOLI hitastýrð blöndunartæki f. baðkar

**13.995**



Stálvaskur 43x76 cm

**6.990**



Stálvaskur ø 38 cm

**5.990**



NAPOLI handlaugartæki

**3.295**

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Reykjanesbæ** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík - Flúðum - Vestmannaeyjum***

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

föstudagur **Föstudagsviðtalið**

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra um aldurhnigna umhverfislöggjöf og skotleyfið

# Gæfa landsins hvað við erum fá

**Svandís Svavarsdóttir** umhverfisráðherra hefur verið á milli tannanna á mörgum frá því hún fór að láta til sín taka sem umhverfisráðherra. Hún sagði *Brjáni Jónassyni* frá stöðu umhverfismála og hvernig það er að vera skotspónn hópa í samfélaginu.



**LANGTÍMAMARKMIÐ** „Við getum ekki leyft okkur að taka ákvarðanir til að bjarga einhverju fyrir horn fram að næstu kosningum," segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar talið berst að leiðum til að komast út úr kreppunni og búa til störf eru umhverfissjónarmið gjarnan látin mæta afgangi. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra lítur á það sem sitt hlutverk að standa vörð um umhverfismálin. Hún hefur staðið í ströngu frá því hún tók við embættinu árið 2009.

*Hvernig metur þú stöðu umhverfis- og mengunarmála hér á landi? Getur þú sagt sem umhverfisráðherra að Ísland sé þetta hreina og ómengaða land sem það er gjarnan sagt vera við hátíðleg tilefni?*

Umhverfismál og umhverfisumræðan á Íslandi er talsvert á eftir ef við berum okkur saman við hin Norðurlöndin. Við erum að sumu leyti að taka umræðu hér sem hefur náð að festast betur í sessi á Norðurlöndunum.

Við erum ennþá að deila um hvort umhverfissjónarmið eigi rétt á sér yfir höfuð. Málsmetandi menn í forystu atvinnulífsins stinga meira að segja upp á því í fullri alvöru í virðulegum viðtölum að það eigi að leggja ráðuneyti umhverfismála niður. Nágrannaþjóðirnar eru einfaldlega komnar lengra í þessari umræðu, þar þurfa menn ekki að standa í varnarbaráttu fyrir því að málaflokkurinn sé til.

Við erum að sumu leyti útbelgd af ýmsum mýtum, um að við búum hér við meiri hreinleika en gerist og gengur. Ég hef stundum sagt að það sé okkar gæfa hvað við erum fá. Ef við værum mikið fleiri væri landið ekki jafn hreint og það þó er, vegna þess að við göngum frekar illa um. Við náum ekki að skemma það jafn mikið og við gætum gert ef við værum fleiri. Þar má til dæmis nefna utanvegaakstur og hversu skammt við erum á veg komin með neytendavitund á sviði sorps og úrgangs.

### Hvergi bannað að menga

*Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við HÍ, hefur sagt að umhverfislöggjöfin hér á landi sé úrelt. Hún sé orðin 30 ára gömul og svari kalli tímans engan veginn. Munt þú beita þér fyrir heildarendurskoðun umhverfislaganna?*

Tilhneigingin hefur verið sú að umhverfislöggjöfin sé fyrst og fremst löggjöf ferla. Það er löggjöf sem segir til um hvernig standa skuli að fundum, kynningum, mati og fleira í þeim dúr, en kannski minna um efnisleg þætti. Þetta endurspeglast vel í mengunarlöggjöfinni, þar sem hvergi kemur fram að það megi ekki menga. Okkar aðferð hefur verið að fela takmarkanir í starfsleyfum. Við setjum þeim skilyrði sem eru að fara út í mengandi starfsemi, hvort sem það er svínabú eða álver, og búum til skilmála utan um starfsemina. Að þessu hefur Aðalheiður fundið, að það séu ekki skýrari efnisleg atriði í lögunum, hvað má og hvað má ekki. Einnig hefur hún fjallað um skort á því að meginreglur umhverfisréttarins séu til staðar í löggjöfinni.

Við umhverfissinnar höfum haldið mikið í að setja framkvæmdir í mat á umhverfisáhrifum. Svo sjáum við eftir því sem árunum vindur fram að mat á umhverfisáhrifum verður stundum ekkert annað en hraðahindrun. Matið snýst um að fá öll umhverfisáhrifin fram, eins og orðið gefur til kynna, en hvað svo? Framkvæmdaaðilinn getur eftir sem áður farið í verkefnið ef hann fær til þess leyfi óháð áhrifunum. Það eina sem hefur breyst er að það liggur fyrir hver áhrifin á umhverfið verða. Það eru engir innbyggðir stopparar, það er ekki þannig að þegar farið er yfir einhver mörk sé verkefnið sjálfkrafa stöðvað. Ég sé sem náttúruverndarsinni að löggjöfin er veik þegar kemur að því að náttúran njóti vafans.

Ég er að láta endurskoða náttúruverndarlögin, það starf hófst fljótlega eftir að ég tók við sem umhverfisráðherra árið 2009 og er nú langt komið. Hér er líka í gangi skoðun á lagaumhverfi um villt dýr á Íslandi, þar með talið um fugla og skotveiðar. Svo er ég setja í gang á þessu ári endurskoðun á landgræðslu- og skógræktarlögum sem eru frá 6. og 7. áratug síðustu aldar svo það er kominn tími til að endurskoða þau. Ætli ég þurfi ekki að vera verulega lengi í umhverfisráðuneytinu til að ljúka þessum málum öllum.

Líka má nefna innleiðingu Árósasamningsins sem er væntanleg í frumvarpi á þessu þingi og frumvarp um umhverfisábyrgð sem er til umfjöllunar hjá umhverfisnefnd þingsins. Hvort tveggja mjög mikilvæg löggjöf til að styrkja stöðu náttúrunnar.

Við tölum gjarnan um að við eigum þessa grænu og hreinu orku, en verðum að átta okkur á því að þar eru ákveðin umhverfisútgjöld. Sérstaklega þegar kemur að jarðhita, þar sem við erum meðal annars að glíma við brennisteinsmengun. Við höfum ekki verið hikandi við að byggja hér upp mjög metnaðarfullar og einhliða áætlanir um stóriðju sem fela í sér losun gróðurhúsalofttegunda umfram allt sem eðlilegt er í litlu samfélagi. Jafnvel á grundvelli þess að orkan sé hrein og græn.

Þegar fólk er spurt hverju það sé stoltast af nefnir það sjaldnast tungumálið, fánann, þjóðsönginn eða forsetann, heldur fyrst og fremst náttúruna. Þannig að þegar allt kemur til alls er það þó hún sem við viljum standa vörð um, en bara ekki núna heldur seinna.

Núna vilja sumir uppbyggingu og störf, þótt slíkt geti myndað álag á náttúruna og jafnvel spillt henni. Það að verja náttúruna og gera kröfu um sjálfbæra umgengni um hana gerir kröfu um nýja hugsun. Það gerir kröfu um að teknar séu ákvarðanir sem standa í 50 ár eða 100 ár.

Við getum ekki leyft okkur að taka ákvarðanir til að bjarga einhverju fyrir horn fram að næstu kosningum. Ég vil leggja áherslu á að umhverfisvernd og atvinnuuppbygging eru í mínum huga ekki andstæður.

### Díoxínmengun alvarlegt mál

*Mengun hefur mikið verið til umfjöllunar vegna mála sem tengjast sorpbrennslu og losunar eiturefna, meðal annars díoxíns. Hvar liggur ábyrgðin í þessu máli helst að þínu mati? Sveitarfélögin og Umhverfisstofnun hafa viðurkennt að hafa sofið á verðinum en liggur ábyrgðin ekki alltaf hjá ráðherra þegar upp er staðið?*

Það er þannig í öllum málaflokkum að endanleg ábyrgð liggur hjá ráðherranum. Einmitt þess vegna tók ég þetta mál mjög alvarlega og óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun færi yfir málið frá upphafi. Mér fannst ekki ganga að við hjá umhverfisráðuneytinu, eða Umhverfisstofnun færum að skoða okkar eigin mál, heldur fannst mér mikilvægt að Ríkisendurskoðun færi yfir málið allt frá því óskað var eftir undanþágu frá Evrópureglunum vegna sorpbrennslanna. Það hefur kannski skort á að menn líti á það sem sitt hlutverk að upplýsa almenning.

Umhverfisstofnun hefur sett af stað rannsóknaráætlun í tengslum við þetta mál. Þar er stofnunin ekki bara að rannsaka nágrenni sorpbrennslanna, heldur einnig aðrar uppsprettur díoxínmengunar, sem eru bæði álverin og önnur stóriðja. Mér finnst þetta mjög alvarlegt mál sem þarf að taka á með myndugleika og skörungsskap.

> Það virðist vera orðið þannig að það teljist ekkert tiltökumál þegar ég og mín verk eru annars vegar að taka djúpt í árinni.

*Getur þú sem umhverfisráðherra fullyrt að það séu engin önnur svipuð mál núna kraumandi einhvers staðar og almenningi hefur ekki verið sagt frá?*

Ég get ekkert fullyrt um að það sé ekki eitthvað einhvers staðar, en ég hef lagt metnað minn í að bæta þessa hlið umhverfismála, að styrkja eftirlitshlutverkið. Ég lít svo á að Umhverfisstofnun eigi að starfa sem eins konar Fjármálaeftirlit í umhverfismálum. Það er stofnunin sem á að sjá til þess að farið sé eftir mengunarlöggjöfinni og umhverfislöggjöfinni. Þess vegna er hlutverk hennar mjög dýrmætt.

Það þarf að skoða eftirlitsstofnanir í umhverfismálum alveg eins og skoða þurfti aðra geira samfélagsins sem brugðust í aðdraganda hrunsins.

### Skotleyfi á umhverfisráðherra

*Þú hefur verið harðlega gagnrýnd af ýmsum fyrir störf þín sem umhverfisráðherra. Þú hefur verið kölluð hryðjuverkamaður, fyrirtæki á Suðurnesjum hafa birt auglýsingar sem beindust gegn þér og fleira í þeim dúr. Hvernig er að vera skotspónn áhrifamikilla hópa í samfélaginu?*

Það er ekkert skemmtilegt að vera skotspónn. Það er ekkert þægilegt. En það skerpir kannski línurnar að einhverju leyti. Það er mín einlæga upplifun og tilfinning að ég sé bara að vinna vinnuna mína. Ég er bara að sinna starfi umhverfisráðherra, hvernig í ósköpunum á ég að gera það öðruvísi en að standa stífan vörð um náttúruvernd og umhverfissjónarmið? Til hvers erum við með umhverfisráðuneyti ef það á ekki að vera þannig?

Ég er hugsi yfir því að það skuli kalla á svona ofboðslega hörð viðbrögð. Það gæti skýrst að einhverju leyti af því að þetta sé nýtt, að það sé verið að taka rými í samfélagsumræðunni sem einhverjir aðrir hafa átt áður. Að það sé verið að efast um vald einhvers annars, um hefðbundin sjónarmið um atvinnumál og uppbyggingu eigi að ráða för.

Ég hef líka velt fyrir mér kynjavinklinum í þessu. Ég er femínisti og hef áhuga á þeim sjónarmiðum. Stjórnmál eru fyrst og fremst vettvangur karla, búin til á forsendum karla. Svo koma konur og reyna að búa sér til rými. Það sama gildir sennilega um umhverfismál sem málaflokk. Hann kemur inn í umhverfi þar sem ekki er gert ráð fyrir þessum sjónarmiðum. Á sama hátt eru umhverfismálin að reyna að fóta sig í umhverfi þar sem ekki er gert ráð fyrir þeim. Þegar kona tekur mikið pláss undir merkjum þessa málaflokks verða mögulega mögnunaráhrif á báða bóga.

Svo er það þannig að það verður til skotleyfi, við vitum hvernig það virkar. Þegar einhver einn byrjar að kalla einhvern annan fífl virðist öðrum þykja í lagi að gera það líka. Það virðist vera orðið þannig að það teljist ekkert tiltökumál þegar ég og mín verk eru annars vegar að taka djúpt í árinni. Það er fyrst og fremst ósiður, en auðvitað er þetta slítandi. Mótlætið styrkir mig þó eindregið í þeirri trú að umhverfismálin séu brýnasti málaflokkur nýrrar aldar.

SS

**Aðalfundur**
**Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 25. mars 2011 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 7. mars 2011.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**

NÝTT Á ÍSLANDI

# HÓPKAUP.IS

Skoðaðu fjölmörg tilboð á Hópkaup.is og bentu vinum þínum á síðuna! Því fleiri, því betra!

## Á hopkaup.is næstu daga



**RubyTuesday**

Bacon Cheeseburger, sígildur hamborgari með osti, beikoni og frönskum.

KAUPA **595 kr.**

| Verð | Afsláttur | Afsláttur í kr. |
|---|---|---|
| ~~1.590~~ kr. | 63% | 995 kr. |

100 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



**Fótsnyrting**

Fótsnyrting hjá Snyrtistofu Ágústu ásamt nuddi.

KAUPA **2.900 kr.**

| Verð | Afsláttur | Afsláttur í kr. |
|---|---|---|
| ~~6.200~~ kr. | 53% | 3.300 kr. |

20 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



**uno** cucina italiana

Kaffi og gómsæt Amaretto súkkulaði brownie með vanillu gelato.

KAUPA **350 kr.**

| Verð | Afsláttur | Afsláttur í kr. |
|---|---|---|
| ~~1.280~~ kr. | 73% | 930 kr. |

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



**GO-KART**

Prófaðu alvöru Gokart tímatöku á ótrulegu verði. Sjá nánar á gokart.is

KAUPA **1.499 kr.**

| Verð | Afsláttur | Afsláttur í kr. |
|---|---|---|
| ~~2.900~~ kr. | 48% | 1.401 kr. |

100 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

### Flýtileið á www.hopkaup.is

Notaðu snjallsímann til að komast fljótt og örugglega á **www.hopkaup.is**

### Hvernig virkar Hópkaup?

Reglulega birtum við nýtt tilboð, eitt eða fleiri.
Afsláttur virkjast um leið og fyrirfram ákveðnum lágmarksfjölda kaupenda er náð.
Líst þér vel á tilboðið? Mæltu með tilboðinu við vini og vandamenn á Facebook, Twitter eða með tölvupósti til að virkja tilboðið eins fljótt og auðið er.

HÓPKAUP

**í krafti fjöldans**

Nóatúni 17 - 105 Reykjavík - hopkaup.is - Sími 520 1030

PIPAR\TBWA • SÍA • 110641

# VERÐHRUN
## Á VETRARFATNAÐI



**20-40% AFSLÁTTUR***
**AF ÚLPUM OG FLÍSPEYSUM**
**FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS**



**30% AFSLÁTTUR**
**af öllum snjóþotum og sleðum**
**Um helgina!**



**2.990,-**
**Skíðagleraugu**
Barna.
5872113

**verð frá**
**4.990,-**

**Skíðahjálmur**
Svartur, EN1077.
5872110-14

**Skíðahjálmur**
Bleikur, EN1077.
5872108-9

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga
sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# TAX FREE

## AF INNIMÁLNINGU*

**HEFST Í DAG!**

**FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS**




Látum verkin tala!

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

***LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR**

TAXFREE og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar". enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bændur vilja engar breytingar á sínum högum.

## Í tímahylki

Afstaða Búnaðarþingsins sem lauk í fyrrakvöld til aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið kom ekki á óvart. Bændur telja sig ekki þurfa að sjá aðildarsamninginn til að meta hvort hann geti verið hagstæður fyrir íslenzka bændur.

Bændasamtökin virðast ætla að hætta þátttöku í samningaviðræðunum við ESB, verði „varnarlínur“ sem þau hafa skilgreint ekki virtar. Þær eru sagðar „lágmarkskröfur“ en eru í raun úrslitakostir, sem þýða að aðildarviðræðum yrði sjálfhætt, yrði þeim haldið til haga. Raunar eru skilyrðin þess eðlis að þau gefa ekkert færi á breytingum í íslenzkum landbúnaði. Bændur á Búnaðarþingi virðast þeirrar skoðunar að stjórnvöld á Íslandi hafi af vizku sinni smíðað hið fullkomna landbúnaðarkerfi og hljóta þá að una býsna sáttir við sinn hag og greinarinnar. Þeir eru að minnsta kosti ekki til í að skoða aðrar leiðir til að styðja við landbúnað en þá heimasmíðuðu.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Á meðal „varnarlínanna“ er að Ísland hafi „fullt frelsi frá reglum og stefnu ESB til að ríkisstyrkja landbúnað og íslenskan úrvinnsluiðnað“. Það er sögð „lágmarkskrafa að ríkisstyrkir verði a.m.k. með sama hætti og fyrir aðild“.

Sömuleiðis vill Búnaðarþing að áfram verði heimilt að leggja tolla á búvöru frá löndum ESB, sem gengur þvert gegn meginreglu Evrópusambandsins um viðskiptafrelsi. Og ekki nóg með það: „Verði breytingar á reglum WTO þannig að heimildir til álagningar tolla verði skertar þarf að bæta það með öðrum hætti.“

Bændasamtökin vilja að komi til ESB-aðildar verði „samtökum bænda … jafnframt tryggð sambærileg staða og nú“ og ríkisstyrkir í því skyni tryggðir. Hagsmunasamtökin eiga með öðrum orðum að halda áfram að njóta ríkisstyrkja, útdeila þeim, safna opinberum hagtölum um landbúnaðinn og njóta áfram síns notalega samkrulls við ríkisvaldið.

„Varnarlínur“ Bændasamtakanna má draga saman í nokkur gegnsæ slagorð: Ekkert viðskiptafrelsi! Enga samkeppni! Engar nýjar leiðir til að styrkja landbúnað! Engar breytingar á stöðu okkar eigin þrýstihóps! Engar breytingar yfirleitt – nema kannski meiri ríkisstyrki!

Þessar kröfur eru meðal annars rökstuddar með vísan til svokallaðs fæðuöryggis, sem er hugtak sem Bændasamtökin draga gjarnan upp þegar þarf að réttlæta ríkisstyrki og ofurtolla. Eins og samtökin nota orðið virðist gengið út frá því að Ísland geti verið sjálfu sér nægt um landbúnaðarvörur, til dæmis ef stríð og drepsóttir brystu á, og ESB-aðild myndi raska því öryggi. Vandinn er að í dag búum við ekki við neitt slíkt öryggi; flytjum til dæmis inn nánast alla kornvöru, ávexti og mikið af grænmeti. Aðföngin til innlendrar búvöruframleiðslu eru líka innflutt; vélar, olía, fóður og fleira. Ísland er ekki sjálfu sér nægt og það breytist ekkert við ESB-aðild. Nú eru sagðar fréttir af því að það geti orðið skortur á grillkjöti af því að bændur eru svo duglegir að flytja út lambakjöt. Gengur það ekki þvert gegn tryggingu fæðuöryggis?

Búnaðarþing virðist vilja setja íslenzkan landbúnað í einhvers konar tímahylki og varðveita hann þar. Viljum við hin vera með í þessu hylki?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

RÁÐGJÖF VIÐ GERÐ SKATTFRAMTALA 2011

Lögfræðiþjónusta Lögréttu, félags laganema við Háskólann í Reykjavík, með aðstoð KPMG, veitir einstaklingum endurgjaldslausa ráðgjöf við gerð skattframtala fyrir skattskil 2011.

Ráðgjöfin verður veitt **laugardaginn 12. mars nk. frá 9:00-18:00** í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1 í Sólinni (aðalbyggingu) og eru allir velkomnir.

**Hvað þarf að hafa meðferðis?**

- Lykilorð og auðkennislykil til að komast inn í heimabanka
- Veflykil inn á rsk.is
- Verktakamiða síðasta árs (ef við á)

LÖGRÉTTA KPMG HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Steingrímur skástur

Niðurstöður könnunar MMR á persónueiginleikum stjórnmálamanna eru athyglisverðar. Þar var fólk spurt hvort heimfæra mætti átta jákvæða eiginleika upp á leiðtoga flokkanna á þingi, auk Besta flokksins. Steingrímur J. Sigfússon er óumdeildur sigurvegari könnunarinnar. Hann trónir á toppnum í helmingi flokkanna og er einungis í neðri helmingi sexmenninganna í tveimur flokkum.

### Vinsælt gamalt kærustupar

Hina fjóra flokkana toppa Jón Gnarr og Birgitta Jónsdóttir. Jón þykir heiðarlegastur sexmenninganna, gæddur mestur persónutöfrum og í mestum tengslum við almenning. Birgitta þykir standa best við eigin sannfæringu, auk þess sem hún kemur næst Jóni í tengslum við almenning og heiðarleika. Það er gaman að geta þess að Jón og Birgitta voru einmitt kærustupar um skeið á unglingsárum.

### Almenn ógleði



Þrátt fyrir allt þetta leiðir könnunin hins vegar aðallega í ljós það sem flestir vissu: að fólki finnst pólítíkusar mestanpart ömurlegir. Mesta jákvæðni í garð forystumanns er með Steingrím þegar spurt er hvort hann er ákveðinn. Rúmur þriðjungur er á því. Meirihluti þátttakenda er þeirrar skoðunar að enginn hinna jákvæðu eiginleika eigi við um Jóhönnu Sigurðardóttur eða Sigmund Davíð Gunnlaugsson. Og svo eru oft langtum færri sem telja formann kostum búinn en styðja flokk hans.



Þannig telja einungis tæp 11 prósent þátttakenda að Bjarni Benediktsson sé heiðarlegur. Flokkurinn mælist hins vegar með 40 prósenta fylgi – reyndar að þeim frátöldum sem styðja engan flokk. Þeir eru ansi margir.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvenær er komið nóg?

Borgarmál



Hanna Birna Kristjánsdóttir
oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn

Nú hefur útsvar í Reykjavík verið hækkað eina ferðina enn. Aðeins eru nokkrar vikur síðan sama útsvar var hækkað með samþykkt fjárhagsáætlunar, þar sem aðrir skattar og öll gjöld voru einnig hækkuð.

Þessar aðgerðir meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar bætast ofan á þá staðreynd að ríkisstjórnin hefur hækkað alla skatta sem hægt er að hækka og bætt við nýjum. Fáir hafa fulla yfirsýn yfir allar þessar hækkanir en við finnum fyrir þeim af miklum þunga á hverjum degi, á launaseðlinum, við matarinnkaup, bensínkaup og víða annars staðar.

Rökin fyrir þessum hækkunum virðast alltaf þau sömu. Kerfið þarf meira, þjónustan er kostnaðarsöm og þegar fjármagnið er sótt í vasa fólks smátt og smátt er upphæðin sem hver og einn ber ekki svo há að um hana muni verulega. Þessi rök eru auðvitað hvorki alröng né alslæm en þegar þeim er beitt er litið framhjá afar veigamiklum staðreyndum sem vekja upp spurninguna um hvenær sé komið nóg.

Þannig líta þeir sem stöðugt leita lausna í skattahækkunum framhjá því að nú þegar eru innheimtir háir skattar og sérhver viðbót, þótt ein og sér sé ekki mikil, er einfaldlega meiri en fólk ræður við í dag. Í stað þess að viðhalda umfangsmiklu kerfi eða stækka það enn frekar er verkefnið nú að finna leiðir til að veita góða þjónustu án fjárfrekrar yfirbyggingar. Og það sem mestu skiptir fyrir samfélag í heild, þá er það þekkt að of umfangsmikil skattheimta nær sjaldnast þeim markmiðum sem að er stefnt. Ósanngjarnar skattahækkanir munu því ekki koma okkur út úr kreppunni, heldur lengja hana með því að tefja nauðsynlegan vöxt.

Þessar staðreyndir þekkja flestar þjóðir og flestar borgir sem margar hafa varað Reykjavík við að fara þá leið. Á árunum 2008–2010 var í Reykjavík ákveðið að fylgja þeirri ráðgjöf og í samstarfi allra borgarfulltrúa, starfsmanna og íbúa var ráðist í umfangsmikla hagræðingu, án skattahækkana. Nú er hins vegar kominn til valda í borginni meirihluti sem telur sig vita betur en allir þessir aðilar og velur að fara árangurslitla leið ríkisstjórnarinnar. Það er vond þróun fyrir borgarbúa, höfuðborgina sjálfa og þjóðina alla.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# Sköttum alla í drull

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Myndin með þessum pistli sýnir hve mikið ráðstöfunartekjur fólks með ólík laun hækka þegar það eykur atvinnutekjur sínar um 10 þúsund krónur. Útreikningarnir miða við einstætt reykvískt foreldri með tvö börn, eitt í leikskóla og annað í grunnskóla. Tekið er tillit til hugsanlegra atvinnuleysisbóta, húsaleigubóta, barnabóta og síðan er gert ráð fyrir öllum þeim tekjusköttum sem leggjast á venjulegt launafólk.

Þannig að ef menn eru með 600 þúsund á mánuði þá halda þeir eftir um það bil 5.500 kr. af hverjum viðbótar-tíuþúsund krónum sem þeir þéna.

Þeir sem eru með 400 þúsund á mánuði halda eftir um 4.300 krónum af sömu upphæð, en þeir eru með laun í kringum 200 þúsund á mánuði hækka um einungis 1.000 krónur í ráðstöfunartekjur, hækki laun þeirra um 10 þúsund krónur.

**Með 150 krónur á tímann**

Lengst til vinstri á myndinni er sem sagt djúp gjá, í daglegu máli kölluð fátæktargildra. Atvinnuleysisbætur, barnabætur og húsaleigubætur skerðast allar með auknum tekjum og því verða margfeldisáhrifin þau að fólk sem stritar á algjörum lágmarkslaunum þarf að skila 80%-90% af viðbótarkrónunum sínum aftur út í kerfið.

Þetta þarf að ítreka: láglaunamaður með 1.400 kr. í laun er í raun með tímakaup upp á 150 krónur.

Meira að segja er það svo að á ákveðnum stað í grafinu, þegar menn hætta að eiga rétt á sérstökum húsaleigubótum, lækka menn talsvert í ráðstöfunartekjum, nánar til tekið um 30 þúsund krónur, við 10 þúsund króna launahækkun. Það er aldeilis hvati til að vinna baki brotnu. Vel að merkja, fjárhagsaðstoð og önnur neyðarúrræði eru ekki tekin með í þessa útreikninga. Með þeim yrði gjáin án efa enn dýpri.

Sé horft á myndina er það vissulega dálítið forvitnilegt að þeir fá mestu tekjurnar græði meira á því að vinna meira en til dæmis þeir sem hafi 800 þúsund á mánuði. Þetta skýrist af því að á ákveðnum tímapunkti hætta menn alfarið að fá barnabætur og launin hætta því að skerða þær. Vilji menn, má laga þetta t.d. með því að fella barnabæturnar alfarið inn í persónuafslátt, en satt að segja er það undarlegt að menn skyldu horfa á umrætt graf og komast að þeirri niðurstöðu að stærsti vandi skattkerfisins liggi þar. Vandinn er hve vinnuletjandi það er gagnvart þeim sem síst skyldi.

**Ú á ríka liðið**

Þessi skyndilega umræða um 80% skatta á dæmigerð hásetalaun er fremur óhugnanleg, og þá sérstaklega allur aðdragandi hennar. Í kjölfar frétta af launum tveggja bankastjóra er nú farið að ræða um upptöku sannkallaðra ofurskatta á svokölluð ofurlaun. Samt sem áður hafði ríkið tæki í gegnum bankaráð þessara banka til að reyna að hindra umræddar launahækkanir, tæki sem ekki voru nýtt, því auðvitað var enginn að spá í þetta fyrirfram. En nú á að skatta alla aðra í kaf til að sýna einhvern lit.

> Láglaunamaður með 1.400 kr. í laun er í raun með tímakaup upp á 150 krónur.

Eitt er nú það að hafa ákveðnar hugmyndir um hvernig skattkerfið eigi að vera uppbyggt. Séu menn dæmigerðir norrænir sósíalistar þá geta menn lagt til nokkurra þrepa skattkerfi, kynnt það í kosningabaráttu, leyft kjósendum að veita því stuðning og útfært það að því loknu. Það er þá einhver yfirveguð, lýðræðisleg leið. Það er hins vegar ótækt að ákvarðanir um ný skattþrep séu teknar í geðsýkiskasti í kjölfar frétta af launum tveggja manna. Þá er sannarlega engin stefna í gangi önnur en: „Ekki voga þér að skara fram úr í launum! Við munum taka þetta allt af þér og uppskera klapp hinna blóðþyrstu fyrir.“

Svo uppteknir eru menn af hatri á ríka liðinu að fátæka fólkið gleymist. Á meðan láglaunafólk liggur í fátæktargildru, sem jöfnunar- og tekjutengingarárráttan hefur grafið, leita menn leiða til að hafa enn meira fé af þeim hluta samfélagsins sem þó reynir enn að skila sínu. Í stað þess að hjálpa láglaunafólki upp á yfirborðið og moka svo ofan í gatið, er reynt að leita uppi þá sem enn hafa eitthvað umfram, svo er það tekið og því hent niður í fátæktargildruna. „Verði ykkur að góðu!“

# Bindum enda á síbyljuna

Icesave

**Sjö hæstaréttarlögmenn** skrifa um Icesave-lögin

Við erum öll orðin leið á endalausu málæðinu um Icesave. Getur sá leiði átt að valda því að við samþykkjum lögin til að losna við málæðið? Varla.

Ef við samþykkjum lögin eiga umræður um þetta ömurlega mál eftir að lifa á Íslandi um ókomin ár, meðan við erum að greiða þessar kröfur sem ekki hefur aldrei borið lagaleg skylda til að greiða.

Við verðum því að hafna kröfunum ef við viljum einhvern tímann fá frið fyrir síbyljunni um þetta. Fellum Icesave-lögin.

**Um fjárhagslegt traust**

Af hverju er því haldið að Íslendingum að við munum glata fjárhagslegu trausti annarra ef við borgum ekki Icesave-kröfurnar? Þeir sem segja þetta eru hættir að reyna að halda því fram að okkur beri skylda til að borga þær. Hvenær hafa menn áunnið sér fjárhagslegt traust með því að taka á sig þungar skuldbindingar sem þeim ber ekki skylda til að taka á sig?

Slíkt er auðvitað eingöngu fallið til að kalla yfir sig fyrirlitningu annarra, í besta falli meðaumkun. Menn treysta ekki lyddum í fjármálum. Fellum Icesave-lögin.

*Brynjar Níelsson hrl.*
*Björgvin Þorsteinsson hrl.*
*Haukur Örn Birgisson hrl.*
*Jón Jónsson hrl.*
*Reimar Pétursson hrl.*
*Tómas Jónsson hrl.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.







NÁTTÚRUVERNDARVIÐURKENNING SIGRÍÐAR Í BRATTHOLTI 2011

Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti verður afhent í annað sinn á degi umhverfisins 25. apríl næstkomandi. Viðurkenningin er veitt einstaklingi sem hefur unnið markvert starf á sviði náttúruverndar. Sigríðar Tómasdóttur í Brattholti var brautryðjandi náttúruverndarmála hér á landi sem barðist gegn virkjun Gullfoss og hafði sigur. Hún hefur æ síðan verið íslenskum náttúruverndarsinnum fyrirmynd.

Umhverfisráðneytið óskar eftir tilnefningum til viðurkenningarinnar. Tilnefningar, ásamt rökstuðningi, þurfa að berast ráðuneytinu eigi síðar en 1. apríl næstkomandi merktar *Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti*, á póstfangið postur@umhverfisraduneyti.is eða með pósti í umhverfisráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík.


Myndverk: Ríkharður Jónsson

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ
www.umhverfisraduneyti.is

# Skynsamir menn semja

Icesave

Jakob R. Möller
hæstaréttarlögmaður



Hinn 9. apríl næstkomandi mun atkvæðisbært fólk á Íslandi greiða atkvæði um það hvort lögin um samninga um Icesave við Breta og Hollendinga haldi gildi sínu.

Þegar brýn mál bíða ákvörðunar er öðru mikilvægara að rök með og móti séu íhuguð af vandvirkni. Íslendingum er mjög margt betur gefið en að taka vitrænar ákvarðanir eftir skynsamlegar umræður og rökræður hverfa ótrúlega oft í misskilning og tittlingaskít.

Undanfarna áratugi hef ég sinnt lögmannsstörfum í Reykjavík fyrir mjög mismunandi viðskiptamenn. Í þeim störfum hef ég m.a. öðlazt þá reynslu að í deilum manna á milli, eða deilum fyrirtækja og stofnana, sé mikilvægt að freista þess að ná sáttum, semja frekar en að fara með mál fyrir dóm. Fornkveðið er: Betri er mögur sátt en feitur dómur. Boðskapurinn er að sjálfsögðu sá að með því að leysa mál með samningum veit hvor aðili um sig hvað hann hreppir og hverju hann sleppir. Jafnframt eru málin þá afgreidd og hægt að taka til við önnur og frjórri verkefni. Sumir Íslendingar á öllum tímum hafa verið miklir málafylgjumenn og haft yndi af því að argast í dómsmálum, hugsanlega sjálfum sér til ánægju en jafnframt öðrum til ama.

Að sjálfsögðu er það svo að engum kjósanda fellur að þurfa að „greiða erlendar skuldir óreiðumanna“, þó nú væri. Sú andúð má þó ekki koma í veg fyrir að Íslendingar taki ábyrga afstöðu fyrir sig sjálfa, börn sín og annað ungt fólk. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), sem sinnir eftirliti með framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES), hefur nú komizt að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að íslenzka ríkið hafi brotið EES-samninginn með því að bæta ekki erlendum innstæðueigendum í Landsbanka Íslands að minnsta kosti þá lágmarksfjárhæð sem reglur EES kveða á um. Virtir íslenzkir lögfræðingar hafa komizt að annarri niðurstöðu. Skoðanir þeirra hafa þó ekki mikla vigt í samanburði við skoðun ESA. Felli íslenzkir kjósendur lögin um Icesave er nánast víst að ESA muni höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur íslenzka ríkinu fyrir samningsbrot. Í langflestum tilvikum sem ESA hefur höfðað mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur samningsríkjunum hefur dómstóllinn fallizt á kröfur eftirlitsstofnunarinnar. Yrði sú niðurstaðan stæði íslenzka ríkið uppi brotlegt við mikilvægan alþjóðasamning, sem Íslendingar eiga mikið undir. Og það sem verra er, Íslendingar stæðu þá uppi sem óreiðumenn sem ekki greiða skuldir sínar.

Bretar og Hollendingar þurfa ekki að höfða mál fyrir íslenzkum dómstólum né annarra ríkja til að heimta kröfur sínar vegna Icesave, raunar ósennilegt að þeir myndu gera það. Þótt fjárhæðirnar séu okkur háar eru þær lágar fyrir ríkissjóði Breta og Hollendinga. Íslendingar mundu gjalda þess á alþjóðavettvangi að vera óskilamenn. Það frost sem hefur verið í framtakssemi Íslendinga undanfarin tvö ár mundi halda áfram, traust okkar í útlöndum sem hefur sennilega farið heldur vaxandi undanfarin misseri mundi hverfa eins og vorsnjór í aprílregni.

> Íslendingar yrðu litlu betur settir þótt íslenzka ríkið ynni mál sem höfðað væri fyrir íslenzkum dómstólum, fórnarkostnaðurinn kæmi fram á öðrum vettvangi.

Við mat á því hvort stefna eigi málum til dóms verður ekki síður að huga að því hvað kunni að tapast en hvað kunni að vinnast. Hætt er við því að Íslendingar yrðu litlu betur settir þótt íslenzka ríkið ynni mál sem höfðað væri fyrir íslenzkum dómstólum, fórnarkostnaðurinn kæmi fram á öðrum vettvangi. Ef íslenzka ríkið tapaði málinu er hætt við að Icesave-samningurinn yrði eins og barnaleikur hjá þeirri fjárhæð sem krafan yrði þá um.

Þeir sem komnir eru vel yfir miðjan aldur og efnalega vel settir þurfa í sjálfu sér engu að kvíða (öðru en spotti á erlendum grundum). Ungu fólki sem enn liggur mikið á mun sýnast efnalegar framfarir mjög miklu minni en það nú væntir. Framtíð þess væri stefnt í óvissu. Allt til þess að efla enn smáborgaraskap og fávizku þeirra sem vilja allt til vinna að koma höggi á þá sem veittu umboðið til samninga um lyktir Icesave-deilunnar. Hætt er við að stórmennskukast þeirra sem ævinlega vilja segja: Komdu ef þú þorir, sérstaklega ef þeir eru í tryggu skjóli, gæti reynzt dýrkeypt.

# Hvað vinnst með áhlaupi á leikskólana?

Leikskólar

Rósa Steingrímsdóttir,
formaður Barnanna okkar, samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík



Börnin okkar, samtök foreldra leikskólabarna í Reykjavík, harma vinnubrögð borgarinnar við undirbúning niðurskurðar og sameiningartillagna á leikskólum. Foreldrar voru kallaðir til allt of seint og þeim gert að koma með tillögur um sparnað, sem þeir höfðu litlar forsendur fyrir. Allt of þröngur umræðugrunnur var á hverfafundum um málið. Að ráðast í margar sameiningar og uppsagnir 60 leikskólastjóra á einu bretti er áhlaup og aðför að leikskólum borgarinnar. Í niðursveiflu þyrfti miklu frekar að hlúa að börnum í stað þess að rífa niður faglegt leikskólastarf.

### Lítill fjárhagslegur ávinningur

Reykjavíkurborg virðist aðeins stefna að rúmlega eins prósents heildarhagræðingu við þessar sameiningar fyrir árið 2014, en þá verða áhrif sameininga komin vel á veg. Síðan má færa rök fyrir því að hagræðingin sé í raun mun minni, jafnvel ekki nema rúmlega ½ prósent. Skýringin á því felst í því að sumir sparnaðarliðir eru í raun sýndarsparnaður, eins og sparnaður á innri leigu fyrir byggingar sem ekki verða byggðar. Auk þess bendir samrekstur í öðrum sveitarfélögum til þess að aðeins helmings líkur séu á að enginn sparnaður náist, sbr. könnun sem Samband íslenskra sveitarfélaga lét vinna árið 2010 og birt er á vefsíðu þeirra. Þar kemur fram að kostnaður hjá meira en helmingi sveitarfélaga jókst eða stóð í stað eftir samrekstur, sem sagt leiddi ekki af sér fjárhagslegan ávinning.

Börnin okkar kalla eftir yfirliti yfir víðtækar rannsóknir sem sýna fram á faglegan og fjárhagslegan ávinning af sameiningu leikskóla og einnig sameiningu leik- og grunnskóla. Þá er sérstaklega óskað eftir yfirliti yfir rannsóknir sem sýna fram á ávinning af sameiningu leikskóla með ólíkar stefnur.

### Faglegur ávinningur óskilgreindur

Það fer fáum orðum í skýrslu starfshópsins um faglegan ávinning af sameiningu leikskóla en samkvæmt leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um samrekstur er fjallað um mikilvægi þess að byrja á að skilgreina hvaða ávinningi stefnt er að, áður en hafist er handa við undirbúning samreksturs. Einnig er fjallað um mikilvægi þess að hafa gott samráð við foreldra og starfsmenn. Foreldrar hafa áður bent á að þeir upplifi ekki að um samráð hafi verið að ræða. Megin rökin fyrir faglegum ávinningi í skýrslunni eru þessi „sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til þróunar nýbreytni í leikskólastarfi. Í stærri starfsmannahópum verður oft til fjölbreyttari þekking og reynsla“

Við viljum benda á að við sameiningar verða leikskólarnir ekki í sama húsi og í fæstum tilvikum eru leikskólarnir á sömu lóð þannig að lítil tækifæri eru fyrir starfsfólk að hittast og deila þekkingu enda hittast starfsmenn ekki allir saman nema á starfsdögum. Þannig að meintur ávinningur af þekkingarflæði verður lítill þegar starfsfólk hittist nánast aldrei. Því er enn alveg ósvarað hver hinn meinti faglegi ávinningur af sameiningu leikskóla eigi að vera.

> Því er enn alveg ósvarað hver hinn meinti faglegi ávinningur af sameiningu leikskóla eigi að vera.

### Mikil andstaða

Af þeim 800 ábendingum sem bárust í ábendingagátt voru 65% um sameiningu og meirihluti þeirra innihélt varnaðarorð eða mótmæli gegn niðurskurði í menntakerfinu. Þetta endurspeglar vel þá miklu andstöðu sem er meðal foreldra gegn fyrirhuguðum sameiningum. Einnig sýndu foreldrar leikskólabarna andstöðu sína við frekari niðurskurð og sameiningar leikskóla þann 10. febrúar síðastliðinn þegar um eitt þúsund leikskólaforeldrar söfnuðust saman fyrir utan ráðhúsið. Það er með öllu óásættanlegt að ábendingar sem bárust í ábendingagátt séu ekki gerðar opinberar, ef einhverjar eru nafngreindar á skóla eða persónur mætti afmá slíkt, en þetta eru afar mikilvægar upplýsingar sem endurspegla hug foreldra og fagfólks í málinu.

Við teljum að farið sé allt of geyst í sameiningar leikskóla. Uppsagnir á 60 leikskólastjórnendum á einu bretti segir allt sem segja þarf um hversu glæfraleg og forkastanleg vinnubrögðin eru. Hvað ef enginn leikskólastjóri sækir um aftur? Mikil þekking og reynsla getur tapast út úr leikskólakerfinu. Að vinna þetta með áhlaupi og í mikilli andstöðu við bæði foreldra og fagfólk getur haft afdrifaríkar og óafturkræfar afleiðingar fyrir leikskólastarf til framtíðar. Þetta er ekki forgangsröðun fyrir börnin í borginni.

RÁÐSTEFNA UM ÁTAKSVERKEFNI Í MINKAVEIÐUM OG FRAMTÍÐARSÝN

Átaksverkefni um staðbundna útrýmingu minks fór fram í Eyjafirði og á Snæfellsnesi 2007-2010. Veiðiálag var aukið og samhliða var unnið að rannsóknum til þess að meta árangur af átakinu og leita svara við þeirri spurningu hvort mögulegt væri að útrýma mink á landsvísu. Tilgangur ráðstefnunnar er annars vegar að kynna árangur verkefnisins og niðurstöður rannsókna og hins vegar að velta upp spurningum um framtíðarfyrirkomulag minkaveiða í ljósi þeirra upplýsinga sem verkefnið hefur dregið fram.

Ráðstefnan verður haldin á Grand Hótel, mánudaginn 14. mars næstkomandi kl. 13:00-16:00.
Ráðstefnan verður send út á netinu á heimasíðu umhverfisráðuneytisins.
Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Dagskrá:

13:00-13:10. Ávarp umhverfisráðherra, Svandísar Svavarsdóttur.
13:10-13:25. Átaksverkefni um útrýmingu minks. Hugi Ólafsson, formaður umsjónarnefndar.
13:25-13:50. Framkvæmd veiðiátaks. Arnór Þ. Sigfússon, umsjónarmaður veiðiátaks.
13:50-14:10. Rannsóknir í tengslum við átakið. Róbert Stefánsson, líffræðingur.
14:10-14:30. Mat á árangri átaksverkefnisins. Páll Hersteinsson, prófessor.
14:30-14:45. Kaffihlé.
14:45-15:05. Veiðiátakið frá sjónarhóli veiðimanna. Hannes Haraldsson og Helgi Jóhannesson.
15:05-16:00. Pallborð: Hvernig er best að haga minkaveiðum í ljósi niðurstöðu átaksins?

Erla Friðriksdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri í Stykkishólmi, er ráðstefnustjóri.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

www.umhverfisraduneyti.is

# Icesave-kynningarnefndin

Icesave

Gunnar Bragi Sveinsson
alþingismaður Framsóknarflokks



Því ber að fagna að skilanefnd gamla Landsbankans telur nú að meira fáist fyrir eignasafn bankans sem verður þá til þess að lækka eitthvað þær greiðslur sem ríkisstjórnir Bretlands, Hollands og Íslands vilja að íslenska þjóðin taki á sig fyrir fjárglæframennina. Ég fagna því að börnin mín þurfi að greiða minna af skuldum annarra.

Hins vegar verðum við að muna að mat þetta byggir á mati skilanefndarinnar eða þeirra sem vinna fyrir hana en ekki sjálfstæðu mati óháðra aðila. Ég hef því ásamt nokkrum öðrum þingmönnum lagt fram þingsályktun um að sjálfstætt mat verði lagt á eignasafnið áður en Íslendingar ganga til kosninga um Icesave III. Reikna ég með að ályktunin gangi fljótt og vel í gegnum þingið enda mikilvægt fyrir alla að trúverðugleiki ríki um matið. Vonandi er eignasafnið enn betra en skilanefndin gerir ráð fyrir.

> Hver greiðir kynningarkostnaðinn?

Fyrir því má færa rök, að ef eignasafnið batnar og batnar líkt og kynnt var nýlega þá hlýtur að vera betra að bíða og sjá hver þróunin verður í stað þess að efna til skuldbindinga sem enginn hefur fært rök fyrir að okkur beri að axla. En getur verið að verðmæti eignasafnsins sveiflist til? Fyrir Icesave II atkvæðagreiðsluna var eignasafn Landsbankans metið á 1172 milljarða. Nú er talað um að það sé mjög ánægjulegt að það hafi hækkað upp í 1175 milljarða. Hvers vegna? Jú, vegna þess að í millitíðinni LÆKKAÐI það niður í 1132 milljarða! Ekki minntist kynningarnefndin á þetta í gær.

Þá komum við að þeirri undarlegu sýningu sem haldin var í fjármálaráðuneytinu nýlega er íslenska samninganefndin kynnti nýtt mat skilanefndarinnar! Hvers vegna í ósköpunum var samninganefndin að kynna matið? Hvar var skilanefndin? Því miður þá sýnist mér að nú sé samninganefndin ekki lengur samninganefnd heldur kynningarnefnd þríflokksins (Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og VG). Það er ljóst að umboð það sem ég taldi mig veita samninganefndinni náði ekki til kynningarstarfs.

Hver greiðir kynningarkostnaðinn?

# PANASONIC TILBOÐ




AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ!

**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma,VIERA CAST nettengingu, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), innb. gervihnattamóttakari, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990

Panasonic
ideas for life

---

32" Vreal 4 · DVB-T · 2 HDMI · SKERPA 40.000:1

**Panasonic TXL32C20**
32" LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, Vreal 4, 40.000:1 skerpu, 24p Playback, Intelligent Scene Controller 3D, Sub-Pixel Control, stafrænum DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI tengi ofl.

**TILBOÐ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990

37" Vreal PRO 4 · 100Hz · SKERPA 2.000.000:1

**Panasonic TXP37C2**
37" HD Ready Plasma sjónvarpmeð 1024x768p upplausn, Vreal 4 Engine, 100Hz, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamiskri skerpu ofl.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990

42" Vreal PRO 5 · LED · FULL HD 1920x1080p · SKERPA 2.000.000:1

**Panasonic TXL42D25**
42" Vreal Pro5 IPS LED LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 24p Smooth Film/Play Back, 2 msek. svartíma, 2.000.000:1 skerpu ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990

50" Vreal PLUS · 600Hz · 3 HDMI · SKERPA 2.000.000:1

**Panasonic TXP50C3**
50" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal Plus, 600Hz Sub-field Drive, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamiskri skerpu, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakari (MPEG4) ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990

42" Vreal PRO 5 · 600Hz · FULL HD 1920x1080p · SKERPA 5.000.000:1

**Panasonic TXP42G20**
42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma ofl.

**TILBOÐ 229.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

46" Vreal PRO 5 · 600Hz · FULL HD 1920x1080p · SKERPA 5.000.000:1

**Panasonic TXP46G20ES**
46" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 369.990

50" Vreal PRO 4 · 600Hz · 3 HDMI · SKERPA 2.000.000:1

**Panasonic TXP50S20**
50" Plasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 600Hz Intelligent Frame Creation, Vreal Pro4, 24p Playback, 2.000.000:1 skerpu, C.A.T.S háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4) ofl.

**TILBOÐ 259.990**
FULLT VERÐ kr. 349.990

50" Vreal PRO 5 · 600Hz · FULL HD 1920x1080p · SKERPA 5.000.000:1

**Panasonic TXP50G20ES**
50" NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, C.A.T.S háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4) ofl.

**TILBOÐ 299.990**
FULLT VERÐ kr. 399.990

50" EISA AWARD Best Product 2010-2011 · 3D-PLASMA TV · Panasonic TX-P50VT20 · 3D FULL HD

AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ!

2 stk 3-D gleraugu fylgja

**Panasonic TXP50VT20**
50" Full HD 3D NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 3-D, Pro 24p Smooth Film/Play Back, Infinite Black Pro 5.000.000:1 skerpu, C.A.T.S háskerpu DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), gervihnattamóttakara ofl.

**TILBOÐ 399.990**
FULLT VERÐ kr. 499.990

---

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Panasonic ideas for life Á ÍSLANDI

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**65 KRISTÍN STEINSDÓTTIR RITHÖFUNDUR ER 65 ÁRA Í DAG.**

*„Þú áttir náttúrlega bara að fæða börnin og ala þau svo upp, hugsa svo um þitt heimili og þinn karl.“*



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Björnsson Malmquist**

Skógarhlíð 29, Akureyri,

lést á Öldrunarlækningadeild FSA, Kristnesi, fimmtudaginn 10. mars. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Öldrunarlækningadeild FSA, Kristnesi.

**Liesel Malmquist**
**Björg Jóhannsdóttir Malmquist** — **Gylfi Ægisson**
**Hilmar Jóhannsson Malmquist** — **Helga Bogadóttir**
**Karen Jóhannsdóttir Malmquist** — **Gunnar Eiríksson**
**Finnur Jóhannsson Malmquist** — **Kristjana Vigdís Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



FRUMSÝNT Í KVÖLD Leikfélag Ólafsfjarðar sýnir verkið Leika, alltaf leika… í kvöld í tilefni fimmtíu ára afmæli félagsins. MYND/ÞURÍÐUR SIGMUNDSDÓTTIR

LEIKFÉLAG ÓLAFSFJARÐAR: FRUMSÝNIR Á FIMMTUGSAFMÆLI

# Ein stór fjölskylda á æfingum

Leikfélag Ólafsfjarðar fagnar fimmtugu í dag. Af því tilefni frumsýnir leikfélagið í kvöld verkið Leika, alltaf leika…, samantekt af leiknum þáttum, söngvum og dönsum úr leikritum sem félagið hefur sett upp í gegnum tíðina.

„Þarna er farið yfir sögu leikfélagsins, mikill söngur og dans. Svo brjótum við aðeins upp með leikþáttum úr Draumur á Jónsmessunótt eftir Shakespere,“ útskýrir Þuríður Sigmundsdóttir, formaður leikfélagsins. Samantektin var unnin af Guðmundi Ólafssyni leikara, sem einnig leikstýrir sýningunni og er sjálfur frá Ólafsfirði.

„Hann er alltaf kallaður Gummi Fjóla hér,“ segir Þuríður og bætir við að mikill fengur sé að Guðmundi til að leikstýra. „Gummi er allur í öllu og mjög duglegur. Honum gengur líka alltaf vel að virkja fólk í að leika en félagið telur um 30 manns. Við erum 17 sem leikum núna. Í félaginu er fólk á öllum aldri og sú elsta er 71 árs Guðrún Elísabet Víglundsdóttir. Hún hefur verið í félaginu frá upphafi,“ segir Þuríður, sem er einmitt dóttir Guðrúnar. Fleiri fjölskyldumeðlimir eru einnig viðriðnir leikfélagið og segir Þurðíður þeim stundum strítt á æfingum. „Þetta er orðinn innanbæjarbrandari hér, að Glaumbæjarættin sé að taka yfir leikfélagið. Við mæðgurnar höfum haldist í hendur hér í leikfélaginu síðustu ár. Bróðir minn hefur einnig mikið leikið í félaginu og sonur minn tekur þátt í sýningunni í ár. Pabbi er síðan að stíga sín fyrstu skref á sviðinu, sjötugur og eins leikur eiginmaður minn í sýningunni og systir mín.“ Eins segir Þuríður að stór hópur leikfélagsins sé giftur inn í fjölskylduna eða tengdur á annan hátt svo oft sé heimilisleg stemming á æfingum. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegt tímabil, að vera umvafinn fjölskyldunni í félaginu.“

Guðbjörn Arngrímsson hefur einnig verið í leikfélaginu frá því það var stofnað og lék 12 ára í fyrstu uppsetningu félagsins. Hann fer einnig með hlutverk í þessu verki en alls hefur félagið sett upp 37 sýningar á fimmtíu árum.

Æfingar á Leika, alltaf leika… hafa staðið yfir síðustu sex vikur og segir Þuríður allt klárt fyrir kvöldið. „Mig langar að þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn og við vonumst svo til að sjá sem flesta Ólafsfirðinga og nærsveitamenn í Tjarnarborg í kvöld.“

Aðrar sýningar verða dagana 13., 18. og 19. mars.

heida@frettabladid.is



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erna E. Olsen**

Eiðistorgi 5, Seltjarnarnesi,

sem lést 5. mars, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni mánudaginn 14. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS – samtök aðstandenda Alzheimersjúklinga. Við viljum þakka Jóni Snædal lækni og starfsfólki Landakotsspítala, deild L-4, fyrir alúðlega og hlýja umönnun.

**Jón Ágúst Ólafsson**
**Ellen Ragnheiður Jónsdóttir** — **Hjörtur Cyrusson**
**Arnar Jónsson** — **Steinunn H. Hannesdóttir**
**Róbert Jónsson**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Kristjánsson**

Einilundi 10e, Akureyri,

lést sunnudaginn 6. mars á Sjúkrahúsi Akureyrar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 16. mars kl. 13.30.

**Kristján Halldórsson** — **Olga Guðnadóttir**
**Sólveig Halldórsdóttir** — **Garðar Jóhannsson**
**Harpa Halldórsdóttir**
**Halla B. Halldórsdóttir** — **Brynjar Bragason**
**Hjördís Halldórsdóttir** — **Magnús Rúnar Magnússon**
**Sólveig Hjaltadóttir**
**afa- og langafabörn**



†

*Færum öllum þakkir sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát*

**Ásdísar Eyjólfsdóttur**

Aflagranda 40.

**Víglundur Þorsteinsson** — **Kristín M. Thorarensen**
**Hafdís B. Þorsteinsdóttir** — **Flemming Korslund**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


## 70 ára afmæli

Laugardaginn 12. marz verður sjötugur

**Bogi Sigurðsson**

frá Akranesi.

Hann tekur á móti gestum milli kl. 15 og 17 á afmælisdaginn í félagsheimili Karlakórs Reykjavíkur í Pfaff-húsinu við Grensásveg.




†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu mér samúð, hlýju og gleðilega uppörvun við lát móður minnar,*

**Guðfinnu Gyðu Guðmundsdóttur**

Sólheimum 25, Reykjavík.

Starfsfólki Heimahlynningar og Líknardeildar Landspítalans Kópavogi þakka ég einnig ógleymanlega alúð og hæfni í starfi.

**Helga Magnúsdóttir**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorfinnur Tómasson**

ökukennari, Selfossi,

sem lést á Fossheimum þriðjudaginn 1. mars, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 12. mars kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Vinafélag Fossheima og Ljósheima.

**Skúli Valtýsson**
**Hjördís Þorfinnsdóttir** — **Agnar Pétursson**
**Kristín Þorfinnsdóttir** — **Kristinn Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Ingva Sigurðssonar**

hæstaréttarlögmanns.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki deildar 2N á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir einstaka umönnun og þjónustu.

**Sigurður Guðmundsson** — **Sigríður Snæbjörnsdóttir**
**Þórður Ingvi Guðmundsson** — **Guðrún Salome Jónsdóttir**
**Þórunn Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Nótan – uppskeruhátíð** tónlistarskólanna hefst með fortónleikum fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurland og Suðurnes í Hátíðarsal Tónlistarskóla FÍH á morgun. Fimmtán atriði öðlast að þeim loknum þátttökurétt á lokatónleika Nótunnar á landsvísu í Langholtskirkju 26. mars. Nánar á www.notan.is



**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Yesmine Olsson hreppti bronsverðlaun fyrir nýjustu matreiðslubókina sína í París á dögunum.

# Heiður og tækifæri



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Matreiðslubókahöfundurinn Yesmine Olsson gerði sér lítið fyrir og hreppti bronsverðlaun í flokki indverskra matreiðslubóka á stærstu matreiðslubókaverðlaunahátíð heims í París á dögunum. Keppnin ber yfirskriftina Gourmand World Cookbook Awards og voru þátttakendur frá 154 löndum. Það er metþátttaka en talið er að 26.000 matreiðslubækur séu gefnar út í heiminum ár hvert og eykst fjöldi þeirra ár frá ári.

Keppt var í 53 riðlum og vermir nýjasta bók Yesmine Olsson, Yesmine framandi og freistandi í eldhúsinu heima, þriðja sætið í fjölbreyttum flokki indverskra matreiðslubóka „Þetta er í annað skipti sem ég tek þátt og besti árangur minn hingað til," segir hún glöð í bragði en þess má geta að Íslendingar hafa áður tekið þátt í keppninni með góðum árangri. Umfram heiðurinn sem verðlaunahafarnir hljóta segir Yesmine tilganginn með verðlaununum meðal annars þann að matreiðslubókahöfundar fái tækifæri til að hitta erlenda útgefendur og freista þess að fá bækur sínar þýddar og gefnar út í öðrum löndum. Bók Yesmine hefur þegar verð þýdd á þýsku og gefin út í Austurríki og segir hún jafnvel möguleika á frekari útgáfu erlendis. „Þetta er þriðja matreiðslubókin mín en hinar tvær eru uppseldar hjá útgefanda svo þetta virðist vera að virka."

Nýjustu bókinni fylgir DVD-geisladiskur og á honum byggja sjónvarpsþættir sem hafa verið sýndir á RÚV að undanförnu en síðasti þátturinn var í gær. „Ég er svo að vinna að gerð nýrrar matreiðslubókar í Svíþjóð auk þess sem ég stend fyrir matreiðslunámskeiðum í Veisluturninum sem byggja á bókunum mínum en þess má geta að næsta námskeið verður haldið næstkomandi þriðjudag."

*vera@frettabladid.is*




abbey road / design



**Alvöru**
**helgar-Brunch**

**Nú er kominn tími á alvöru helgar-brunch:**
Steikt beikon, spælt egg, steiktar pylsur, pönnukökur með sírópi, grillaður tómatur, kartöfluteningar, ristabrauð, ostur, marmelaði, sneiðar af ferksum ávöxtum, ávaxtasafi og te eða kaffi.
Ótrúlega gómsæt byrjun á góðum degi.

**Verð kr. 1.590 pr mann**
**50% afsláttur fyrir börn undir 12 ára.**

**Alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 11.00 til kl. 14.30**



Grillhúsið Sprengisandi og Tryggvagötu - Sími 5275000 - www.grillhusid.is

# Þau vita hvað þarf til að ná árangri

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.



*Ágúst Guðmundsson*
*Slökkviliðsmaður og keppandi í Sahara eyðimerkurhlaupi 2011*

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni.
Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.




*Annie Mist*
*Silfurhafi á heimsleikum í Crossfitt 2010, Evrópumeistari í Crossfitt 2009 og 2010 ásamt því að vera margfaldur þrekmótsmeistari Íslands*

**Heilsu-réttir Nings**
*og kroppurinn blómstrar*

**NINGS**

**Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12**
**Sími 588 9899 • www.nings.is**

TRANS FITA
MSG

**Pitsa er með því algengasta** sem Bandaríkjamenn leggja sér til munns en um tuttugu prósent veitingastaða í Bandaríkjunum eru pitsustaðir.



Ertu búin að prófa spelt- og heilhveitipizzadeigið frá Wewalka?




# Feykigóðir forréttir

**Pitsur geta verið bæði bragðgóðar og hollar og hægt að bera þær fram á ýmsa vegu. Það þekkir Þórdís Sigurðardóttir hjá HaPPi sem leggur hér til uppskrift að girnilegri pitsu sem tilvalið er hafa í forrétt.**

Segja má að þær séu sannkallað happ í hendi, pitsurnar sem búnar eru til á veitingastaðnum HaPPi, ljúffengar og hlaðnar hollum áleggstegundum. Þórdís Jóna Sigurðardóttir, sem á HaPP ásamt Unni Guðrúnu Pálsdóttur, eða Lukku, segir pitsugerð bjóða upp á alls konar möguleika sem geti verið gaman fyrir fjölskylduna að reyna.

„Einn helsti kosturinn við okkar pitsur er sá, að fyrir utan að vera ómótstæðulega góðar þá er ekkert sérlega flókið að útbúa þær. Þannig að það er um að gera að fá börnin til liðs við sig heima í eldhúsi, við að velja á pitsurnar álegg sem þeim þykir gott og gera matseldina þannig að skemmtilegri fjölskyldustund,“ segir Þórdís og bætir við að gott sé að leiða stubbunum fyrir sjónir ávinninginn af notkun hollra hráefna.

„Botninn er þunnur og stökkur, laus við ger og því lítill hluti af máltíðinni og borinn fram óhitaður. Svo fer á hann pestó, spínat og hollt álegg, vínber, hráskinka, eplabitar og annað sem krökkunum gæti þótt gott. Þannig að manni verður hvorki bumbult né finnur fyrir brjóstsviða eftir mat. Markmiðið er að sporna gegn þeirri hugmynd að hollur matur sé vondur heldur sýna að hann geti verið lostæti,“ útskýrir hún og segir sniðugt að útbúa minni pitsur fyrir litla munna og maga.



Þórdís Sigurðardóttir á og rekur HaPP ásamt Unni Guðrúnu Pálsdóttur. Hér er hún með girinilega pitsu að hætti hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta þurfa ekkert að vera einhverjir rosalegir skammtar og að auki getur verið skemmtilegt að bjóða upp á forréttapitsur til dæmis þegar von er á gestum, því bæði eru þær bragðgóðar og sú framsetning falleg,“ segir Þórdís sem gefur hér uppskrift að botni og bætir við að hjá HaPPi sé hægt að kaupa helstu hráefni.

„Við erum með allt til alls, ávexti, grænmeti og tilbúna botna. Svo er fleira gott hér á Höfðatorgi, samlokur með girnilegum áleggstegundum og nýpressaðir ávaxta- og grænmetissafar á djúsbar sem við opnuðum fyrir skömmu og er gott að drekka með pitsunum.“ *roald@frettabladid.is*

## HOLLUR OG GÓÐUR SKYNDIBITI AÐ HÆTTI HAPPS

**Pitsubotnar**
600 g gróft spelti eða heilhveiti
200 g hafrar og/eða gott múslí
200 g blönduð fræ, svo sem hörfræ, sesamfræ, sólblómafræ og graskersfræ.
4 msk. lyftiduft
1 msk. sjávarsalt
2 msk. oregano
8 msk. ólífuolía
2 bollar volgt vatn

*Hnoðað saman, skipt 10-12 botna. Fletjið út og bakið við 200°C í 7-10 mín.*

**Tómatsósa**
2 bollar sólkysstir tómatar
2 ferskir tómatar
grænt epli
rauðlaukur
1 msk. agave
1-2 tsk. sjávarsalt
½-1 tsk. rautt chili
1 bolli ólívuolía



**Hollt álegg**

*Í raun má hafa það sem hugurinn girnist og til er í ísskápnum.*





# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 11. mars 2011

## Fríða María Harðardóttir

er sannur eyjarskeggi

- Helicopter vekur athygli
- Á rúmstokknum
- Tískan á pöllunum
- Árshátíðarförðunin


TILBOÐ

Kr. 117.950

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Acer Aspire 5742G-373G32Mn

- 2.4GHz Intel Core i3-370M - Dual core
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA harðdiskur
- 15,6" WXGA LED CineCrystal skjár
- ATI Mobility Radeon HD 5470 skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- DVD og CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium
- 64-BIT

acer
15.6"

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna
✻ Ekki missa af

**RAFMÖGNUÐ GLEÐI** Sérstakt raftónlistarkvöld fer fram á skemmtistaðnum bakkus annað kvöld. Kvöldið ber heitið Electric Ethics og þar munu nokkrir af bestu raftónlistarmönnum landsins stíga á stokk og leika listir sínar. Gamanið hefst klukkan 21.00 og er aðgangur ókeypis.



## blogg vikunnar

### Beint frá Japan



Japanar þykja nýjungagjarnir hvað tískuna varðar og þaðan koma margar öfgafullar tískustefnur. Japanska tískubloggið www.webblog.tinytoadstool.com er þó langt frá því að vera öfgafullt og er heldur klassískt og fallegt. Á blogginu er einnig hægt að bjóða í notaðan fatnað. Mæli með þessu bloggi fyrir alla þá sem kunna að meta „vintage".

### Díva



Þeir sem hafa gaman af hátísku, litum, fjöðrum og höttum ættu að hafa gaman af því að renna í gegnum blogg Önnu Dello Russo á slóðinni www.annadellorusso.com. Russo er listrænn ráðgjafi japanska Vogue og lifir og hrærist í hátískunni.

Helga Lilja Magnúsdóttir kynnti hönnun sína á tískuvikunni í New York:

# JÁKVÆÐAR VIÐTÖKUR

Fatahönnuðurinn Helga Lilja Magnúsdóttir tók þátt í sölusýningu í tengslum við tískuvikuna í New York sem fram fór í febrúarlok. Þar frumsýndi hún nýja haust- og vetrarlínu sína en Helga Lilja hannar undir heitinu Helicopter.

„Ég ætlaði upphaflega að taka þátt í sölusýningu á tískuvikunni í London en það datt upp fyrir og þá ákvað ég að sækja um á tískuvikuna í New York og fékk þar inni," útskýrir Helga Lilja. Hún segir móttökurnar hafa verið góðar og að margir hafi sýnt hönnun hennar áhuga. „Móttökurnar voru mjög jákvæðar og ég fékk einnig nokkrar góðar umfjallanir á tískubloggum þannig þetta gekk allt rosalega vel." Haustlínan er að sögn Helgu Lilju ekki svo ólík því sem hún hefur verið að gera hingað til og inniheldur sömu stóru og þægilegu sniðin en aðra liti og meira af prjónaflíkum.

Helga Lilja stefnir á að fara aftur til New York í lok sumars þar sem hún mun sýna vorlínu næsta árs auk þess sem hún hyggst taka þátt í tískuvikunni í París í sömu erindagjörðum. „Mér fannst ég ekki alveg nógu vel undirbúin fyrir New York-ferðina núna þar sem ég hafði lítinn undirbúningstíma. En næst ætla ég að koma fersk inn og halda áfram að kynna mig fyrir mögulegum kaupendum," segir Helga Lilja að lokum. - sm



**Vinnusöm** Helga Lilja Magnúsdóttir tók þátt í tískuvikunni í New York og fékk jákvæð viðbrögð við hönnun sinni. Hún hannar falleg og þægileg föt undir heitinu Helicopter. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI








Fyrirsæta sest í hönnunarstólinn:

# Patti Smith veitir innblásturinn

Hin eitursvala fyrirsæta Erin Wasson mun hanna fatalínu fyrir frönsku tískuverslunina Zadig & Voltaire.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Wasson tekur að sér slíkt verkefni því árið 2008 sendi hún frá sér skartgripalínu undir heitinu LowLuv auk þess sem hún starfaði sem stílisti fyrir hönnuðinn Alexander Wang.

Zadig & Voltaire opnaði sína fyrstu verslun í New York fyrir skemmstu og ætti þetta samstarf við Wasson væntanlega að vekja athygli þarlendra tískuunnenda á hönnun þeirra. Wasson segist fyrst og fremst sækja innblástur sinn til tónlistarkonunnar Patti Smith og rokkíkona áttunda áratugarins. - sm



**Í hönnunarstólinn** Fyrirsætan Erin Wasson mun hanna fatalínu fyrir franska tískumerkið Zadig & Voltaire. NORDICPHOTOS/GETTY

## ✻ augnablikið



**FRÍSKLEG** Leikkonan Amanda Seyfried mætti í þessum fjólubláa kjól á frumsýningu kvikmyndarinnar Red Riding Hood. NORDICPHOTOS/AFP

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Bernhard Kristinn **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
39.900.-
39.900.-
39.900.-
SKEMILL 19.900.-
39.900.-
59.900.-
LEÐURSÓFI 119.900.-
FULLT AF NÝJUM VÖRUM
Á FRÁBÆRU VERÐI
INNSKOTSBORÐ 24.900.-
6990.-
FÍLL 9990.-
RAMMAR VERÐ FRÁ 1490.-
6990.-
7990.-
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# útlit

✻ Lífið og hlæið



**KONUDAGSSÁPA** Þessi sápa frá L'Occitane er gerð í samvinnu við sápuverksmiðju í Búrkína Fasó sem rekin er eingöngu af konum. Sápan inniheldur shea-smjör og er framleidd í tilefni af alþjóðlegum konudegi sem var 8. mars síðastliðinn.

NAHM frumsýnir sína fyrstu línu:

## Ágætis byrjun

NAHM er nýtt hönnunartvíeyki sem samanstendur af hönnuðinum Nary Manivong og Ally Hilfiger, dóttur hönnuðarins Tommy Hilfiger. Tvíeykið sýndi sína fyrstu línu á tískuvikunni í New York sem fram fór í lok febrúar.

Manivong og Hilfiger ákváðu að skapa heila línu út frá hinum klassíska skyrtukjól og tókst þeim ætlunarverk sitt ágætlega. Línan inniheldur meðal annars síða og stutta skyrtukjóla í svörtum og ryðlitum tónum og eru flest sniðin víð og þægileg. Byrjunin lofar góðu og verður gaman að fylgjast með framhaldi þessa tvíeykis. **- sm**



**Góð byrjun** Hönnunartvíeykið NAHM sendi frá sér sína fyrstu línu núna í febrúar og lofar byrjunin góðu. Línuna unnu þau út frá hinum klassíska skyrtukjól eins og myndirnar sýna.
NORDICPHOTOS/GETTY

Carine Roitfeld gæti stofnað franska Harper's Bazaar:

## Í samkeppni við VOGUE

Goðsögnin Carine Roitfeld, fyrrverandi ritstjóri franska Vogue, sagðist ætla að sigla á ný mið eftir starf sitt hjá tímaritinu. Samkvæmt heimildum gæti þó vel verið að Roitfeld haldi sig við það sem hún gerir best og stofni franska Harper's Bazaar.

Samkvæmt Hintmag.com gæti verið að Roitfeld muni stofna franska Harper's Bazaar í nánustu framtíð. Verði ekkert úr því hefur henni boðist starf sem listrænn ráðgjafi tískuhússins YSL og hefur Dior einnig sýnt áhuga á að fá hana til starfa sem stílista.

Það kemur mörgum á óvart að Roitfeld ætli sér að halda áfram í sama bransa og þá sérstaklega að hún hafi kosið að fara í beina samkeppni við franska Vogue. Flestir töldu að Roitfeld myndi finna sér starf sem stílisti en hún hóf einmitt feril sinn innan tískubransans sem slíkur.

Í viðtali við Style.com sagði Roitfeld að framtíðin væri enn óráðin en að hún ætlaði sér að halda áfram að starfa innan tískuheimsins. „Ég veit ekki hvaða leið ég mun velja. Annað hvort held ég áfram í fjölmiðlum eða gerist músa einhvers." Hún staðfesti einnig að samband hennar og Emmanuelle Alt, arftaka hennar hjá franska Vogue, væri ekki gott og gæti það verið ástæðan fyrir því að hún ætli sér í samkeppni við sinn gamla vinnustað. **- sm**



**Goðsögn** Carin Roitfeld gæti stofnað franska Harper's Bazaar og farið í beina samkeppni við sinn gamla vinnustað, franska Vogue.
NORDICPHOTOS/GETTY






## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

*?Kæra Sigga Dögg! Ég er búin að vera í sambúð með unnusta mínum í þrjú ár og yfirleitt erum við nokkuð lukkuleg. Þegar okkur lendir saman er það oftast vegna smávægilegra hluta sem við koma heimilishaldi. Ég er ekkert allt of þrifin sjálf, er gjörn á að láta föt liggja á gólfinu alltof lengi og finnst hundleiðinlegt að vaska upp, en ég skil að þetta er eitthvað sem þarf bara að gera. Unnusti minn virðist ekki vera á sama máli og það er nánast ómögulegt að fá hann til að hjálpa við þrifin og hann ofnotar setninguna: Ég sé bara ekki þennan skít þannig að hvernig á ég að geta þrifið? Kanntu einhver ráð til að gera hann virkari í heimilishaldinu?*

**Svar:** Þegar stórt er spurt! Ég er einmitt sú sem held yfirborði heimilisins hreinu en er ekki mikið fyrir að þrífa „ósýnilega" skítinn. Maðurinn minn á hinn bóginn ryksugar undir húsgögnunum og á bak við þau og það er nokkuð sem ég hef aldrei pælt í að gera. Þetta leysir þó tæpast þinn vanda. Óþrifnaður, eða skítaþröskuldurinn, er einstaklingsbundinn og því er þetta eitt af þeim málum sem hvert par þarf að koma sér saman um þegar það hefur sambúð. Hér er málamiðlun lykilorðið og nú reynir á hæfni ykkar í samskiptum sem byggja á þolinmæði, skilningi og sveigjanleika. Það þarf samt að fara varlega í skilgreiningar á skít og hverslags þrifum hver þarf að sinna og hversu reglulega þeim skal sinnt. Ég hef heyrt konur ráðleggja hvor annarri ýmislegt misskynsamlegt þegar kemur að því að virkja makann og gott ef þær ráðleggingar snúist oftar en ekki um kynferðislega neitun og aðhald. Ég mæli ekki með því enda græðir þú ekkert á því nema meiri skít og pirring.

**✻ Hér tel ég að það þurfi að taka uppeldisfræðilega á málunum. Þú þarft að setja upp verðlaunakerfi fyrir ykkur bæði.**

Hér tel ég að það þurfi að taka uppeldisfræðilega á málunum. Þú þarft að setja upp verðlaunakerfi fyrir ykkur bæði. Þó hann sjái ekki skítinn þá gilda reglur á heimilinu og þetta er bara eitt af því sem þarf að gera. Heimilið er ekki svo frábrugðið hreinlæti líkamans, báðu þarf að sinna reglulega. Það gildir líka fyrir þig hvað varðar frágang á fatnaði því það er erfitt að skúra þegar hindranir eru á vegi manns. Nú komið þið ykkur saman um þrifdag, skiptið niður verkum og verðlaunið ykkur svo að verklokum. Fólk þrífur á ólíkan hátt og misvel og það er eitthvað sem maður þarf að sætta sig við. Ef þér finnst hlutirnir illa gerðir þá kannski ættir þú að slaka á kröfunum eða gera þá sjálf. Það er fátt meira óþolandi en að hafa þriflögguna yfir sér kvartandi og kveinandi yfir því að borðtuskunni sé ekki snúið rétt á borðinu. Það er engin ein rétt leið og ef einhver vill þurrka af í kassamunstri en ekki áttlaga þá má það líka. Aftur að verðlaunakerfinu, persónulega finnst mér mjög hvetjandi að geta hugsað mér gott til glóðarinnar þegar ég þríf klósettskálina því það þykir mér leiðinlegt að gera. Ef þrifmálin fara að verða stórmál á ykkar heimili og orsök deilna þá má líka kanna hvort þið séuð tilbúin til að borga reglulega utanaðkomandi manneskju fyrir þrifin. Það er atvinnuskapandi, fríar ykkar tíma og þið hættið að rífast og þar með er málið leyst!

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***




# 20% afsláttur af GUERLAIN. *

Kynning á nýjungum frá Guerlain í snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu, Kringlunni 10.-16. mars.
Vertu velkomin til okkar og fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum Guerlain.

* Afsláttur frá 10. mars - 13. mars.

Lyf & heilsa
Kringlunni

**Fríða María Harðardóttir hefur starfað sem förðunarfræðingur undanfarin þrettán ár. Á þeim tíma hefur hún náð að skapa sér nafn sem einn fremsti förðunarfræðingur landsins og tekið að sér fjölda verkefna.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Bernhard Kristinn

Fríða María ólst upp í Skerjafirðinum og segir hverfið vera nánast eins og lítið þorp í miðri borginni. „Það var mjög skemmtilegt að alast þarna upp. Krakkarnir í hverfinu léku sér alltaf saman þrátt fyrir að vera á mismunandi aldri og það var alltaf mjög skemmtileg stemning sem ríkti þarna," segir Fríða.

Móðir hennar er færeysk og faðir hennar frá Vestmannaeyjum og segist Fríða María því vera mikill eyjarskeggi í sér. „Afi minn og amma fluttu til Íslands þegar móðir mín var unglingur og bjuggu alltaf hér. Þrátt fyrir það finn ég fyrir sterkum tengslum til Færeyja og þá sérstaklega í gegnum afa minn sem fór með barnabörnin eitt og eitt sumar til Færeyja. Mér líður alltaf voðalega vel í Færeyjum og reyni að fara í heimsókn þegar ég get," útskýrir Fríða og bætir við að það sama gildi um Vestmannaeyjar. „Ég er alltaf að vonast eftir því að þeir lagi þessa nýju höfn svo ég geti farið oftar. Vandamálið er að ég verð svo sjóveik og það hefur svolítið stoppað mig í að fara eins oft og mig langar til."

Móðir Fríðu Maríu er matgæðingurinn og veitingakonan Marentza Poulsen og þegar Fríða er innt eftir því hvort hún sé jafn mikill ástríðukokkur og móðir sín svarar hún hlæjandi: „Nei. Matargerðargeninu var svolítið misskipt, bróðir minn fékk töluvert meira af því en ég þó ég vilji nú ekki meina að ég sé alslæmur kokkur. Pabbi eldaði oft handa okkur þegar við vorum börn þar sem mamma vann gjarnan á kvöldin og þá fengum við oft eitthvað sem kallað var „ísskápaslys" og samanstóð af hinu og þessu sem fannst í ísskápnum. Ætli ég hafi ekki erft svolítið af kokkahæfileikum beggja foreldra minna."

### ÓVART ÚT Í FÖRÐUN

Fríða María stundaði myndlistarnám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 1998. Hún átti von á sínu fyrsta barni þegar þetta var og fannst því skynsamlegra að leita sér að fastri vinnu eftir útskrift heldur en að reyna fyrir sér sem listamaður. „Ég fór að vinna í verslun í Kringlunni sem var við hliðina á förðunarvöruverslun sem rak einnig förðunarskóla. Ég var alltaf eitthvað að sniglast þarna í kring og ákvað að taka eitt námskeið um sumarið og fékk fljótlega



**Datt óvart í framtíðarstarfið** Fríða María Harðardóttir leiddist óvart út í förðunarstarfið. Hún hefur unnið sem förðunarfræðingur í þrettán ár o

# FÓR ÓVAR
# FÖRÐUNARSTA

eftir það vinnu við leikhús. Kona að nafni Systa Thors, sem ég kalla alltaf sminkumömmu mína, tók mig undir sinn verndarvæng og í gegnum hana komst ég inn í Þjóðleikhúsið og Loftkastalann. Um svipað leyti kynntist ég ljósmyndaranum Ara Magg sem var líka að stíga sín fyrstu skref í bransanum á þessum tíma, þó kominn aðeins lengra en ég, og við fórum að vinna einhver verkefni saman og eitt leiddi eiginlega bara að öðru."

Fríða María viðurkennir það hafa komið sér og fjölskyldunni á óvart að hún hafi fetað þessa braut enda hafi hún aldrei verið sérstaklega mikil pæja. „Þessu kynntist ég bara óvart og fattaði í kjölfarið að starfið getur bæði verið spennandi og fjölbreytt. Mamma varð mjög hissa og ég held að fáir hafi séð þetta fyrir og þá allra síst ég sjálf. Ég var alltaf svolítil strákastelpa í mér því allt þetta pæjustand átti ekki vel við mig," segir hún brosandi.

### NAUÐSYNLEGT AÐ BRJÓTA UPP RÚTÍNUNA

Í gegnum árin hefur Fríða María komið að fjölda verkefna og vann meðal annars við gerð sjónvarpsþáttanna Tíma nornarinnar og kvikmyndarinnar Mömmu Gógó auk fjölda erlendra og innlendra auglýsinga, tónlistarmyndbanda, tískusýninga og tískumyndaþátta. Aðspurð segist Fríða María hafa gaman af starfi sínu sem hún segir skemmtilega fjölbreytt. „Stundum er þetta mikil rútína en svo koma alltaf krefjandi og skapandi verkefni inni á milli sem gerir þetta þess virði, mér finnst nefnilega nauðsynlegt að brjóta aðeins upp í rútínunni reglulega. Svo fer þetta mikið eftir samstarfsfólkinu og starfsumhverfinu,

> *„Fyrir þrettán árum sagðist ég ætla að hætta í bransanum þegar ég væri orðin 35 ára því þá væri maður líklega orðinn of gamall."*

sum verkefni sem virka kannski óspennandi á pappír geta verið bráðskemmtileg bara vegna hópsins og stemningarinnar sem myndast innan hans."

Fríða María starfar helst hér á landi en tekur gjarnan að sér verkefni fyrir ýmsa erlenda aðila sem koma hingað til að vinna tónlistarmyndbönd, auglýsingar eða tískuþætti. „Ég er ekki að leita annað eftir vinnu enda er nóg að gera hér. Það mundi líka þýða minni tíma með fjölskyldu minni," útskýrir hún. Fríða María er gift og á tvö börn, stúlku á þrettánda ári og átta ára gamlan strák. Hún segir langa vinnudaga taka sinn toll af heimilislífinu en segir fjölskylduna sýna sér mikinn skilning. „Vinnudagurinn getur verið mjög langur og það getur verið svolítið erfitt að samræma vinnuna og fjölskyldulífið. Fjölskylda mín er orðin vön því, sem er ekki endilega jákvætt, og eru börnin hætt að kippa sér upp við það að ég komist ekki á tónleika eða skólasýningar heldur upplifi þetta í gegnum myndbandsupptökur, það er ekki skemmtilegt. Álagið á makann getur líka oft á tíðum verið alltof mikið."

Það getur verið erfitt að planleggja fram í tímann þegar maður starfar sjálfstætt og viðurkennir Fríða María að það sé nokkuð sem hún eigi erfitt með að taka í sátt. „Mér finnst ekkert mál að vinna langa daga ef ég vissi svo nákvæmlega hvenær ég ætti frí, en í þessum bransa er erfitt að skipuleggja fram í tímann."

### MJÖG HEIMAKÆR

Blaðamaður spyr Fríðu Maríu hvort hún fái frið frá vinkonum og fjölskyldumeðlimum á frídögum sínum eða hvort hún sé gjarnan fengin til að aðstoða við helgarförðunina? „Nei, ég er blessunarlega nokkuð laus við það," segir hún og brosir. „Ég held að mínir nánustu fatti það að maður nennir ekki alltaf að vera í vinnunni. Ég man bara eftir einu partíi stuttu eftir að ég kláraði förðunarskólann þar sem ég farðaði eina vinkonuna og þá var allt í einu komin röð og allt kvöldið fór í þetta. Auðvitað kemur fyrir að maður aðstoði sína nánustu



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
Leggings, bolir, kjólar, töskur, skart og mfl.
SOHO MARKET
SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Grensásvegur 16 - sími 553 7300
Opið mán-fös 14–19. Laugd. 12–17



Karlmennogkrabbamein.is

MOTTU MARS
Gegn krabbameini í körlum






# Ætlum áfram að vera í fremstu röð!






MYNDIR/GVA


Sigríður og Ragnheiður hvetja alla til að taka þátt í átakinu. MYND/GVA

# *ALLIR SAMAN NÚ!*

Nú í mars stendur Krabbameinsfélag Íslands fyrir árvekni- og fjáröflunarátaki með það að markmiði að efla fræðslu og forvarnir, rannsóknir og ráðgjöf vegna krabbameina hjá karlmönnum. Í fyrra tókst átakið mjög vel og miðlað var mikilvægum upplýsingum til almennings, auk þess sem við söfnuðum fé sem gerði okkur kleift að takast á við verkefni félagsins af auknum krafti. Við gerum grein fyrir árangri átaksins og nýtingu fjárins á heimasíðu félagsins og erum stolt af verkum okkar.

Í ár ætlum við að gera enn betur. Mottumars, söfnun yfirvaraskeggs til marks um samstöðu og til áheita, er mikilvægur hluti átaksins. Efnt er til liða- og einstaklingskeppni og frést hefur af áhöfnum, sveitarfélögum, fyrirtækjum og alls kyns klúbbum sem ætla að keppa af lífi og sál. Hægt er að tengja saman samkeppni og samstöðu, auk þess sem kímnigáfan er ekki langt undan.

Krabbameinsfélag Íslands er sextíu ára í ár. Við ætlum að minnast þeirra tímamóta með margvíslegum hætti og vinna áfram að markmiðum félagsins í þágu íslensku þjóðarinnar.

Við viljum hvetja alla til að taka þátt í marsátakinu okkar og leggja góðu málefni lið, með þeim hætti sem hverjum og einum hentar best.

*Sigríður Snæbjörnsdóttir,*
*formaður stjórnar Krabbameinsfélags Íslands*

*Ragnheiður Haraldsdóttir,*
*forstjóri Krabbameinsfélags Íslands*

● **BÓK UM ALGENGASTA MEINIÐ** Þeir sem vilja fræðast um algengasta krabbamein karla ættu að lesa bókina „Krabbamein í blöðruhálskirtli" sem læknarnir Eiríkur Jónsson og Snorri Ingimarsson þýddu úr sænsku og staðfærðu.

Í bókinni eru gagnlegar upplýsingar um sjúkdóminn frá mörgum sjónarhornum, meðal annars um greiningu hans og gildi PSA-blóðprófa. Fjallað er um flókinn sjúkdóm á auðskilinn hátt og í bókinni eru margar skýringarmyndir.

Bókin kostar 2.880 krónur og er seld hjá Krabbameinsfélagi Íslands, Skógarhlíð 8 og í netverslun félagsins á www.krabb.is. Geisladiskur með málþingi um krabbamein í blöðruhálskirtli fylgir frítt með.

Eins má nálgast bókina á almenningsbókasöfnum. Stuðningshópurinn „Góðir hálsar" gaf þeim hana í tilefni af 10 ára afmæli sínu en allan þann tíma hafa þeir haft rabbfundi og fræðslufundi fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði.





„Ég tel að Íslendingar geti verið stoltir af þeim árangri sem hefur náðst í þjónustu við þá sem greinast með krabbamein," segir Geir Gunnlaugsson landlæknir. MYND/GVA

# Gerum góða þjónustu betri

**Rætt við Geir Gunnlaugsson landlækni.**

Geir Gunnlaugsson tók við embætti landlæknis í byrjun síðasta árs. Í vor stendur til að sameina Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð. „Ég er á þeirri skoðun að við sameininguna muni það besta í báðum stofnunum dafna og eflast," segir Geir. „Landlæknisembættið á djúpar rætur í íslensku samfélagi, enda vorum við að fagna 250 ára afmæli. Verkefnin nú eru á margan hátt byggð á þeim grunni sem þá var lagður. Lýðheilsustöð er aftur á móti átta ára gömul stofnun og fékk í heimanmund nokkur verkefni sem áður voru á vegum Landlæknisembættisins, auk nýrra verkefna á sviði lýðheilsu í landinu.

Sameiningin gefur okkur því tækifæri til að endurmeta og skipuleggja á ný þau verkefni sem okkur eru falin af löggjafanum. Allt starf hins sameinaða embættis á síðan að miðast við að bæta heilbrigði og lífsgæði fólks á öllum æviskeiðum."

En hver er ávinningurinn af samstarfi við frjáls félagasamtök á heilbrigðissviði, að mati Geirs, og hvernig sér hann það þróast?

„Frjáls félagasamtök eru mikilvæg viðbót við starf opinberra stofnana til að efla heilbrigði og lífsgæði fólks. Þau virkja einstaklinga til að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi og eru þannig stöðug hvatning fyrir opinberar stofnanir til að gera betur. Það er því mikilvægt að sameinuð stofnun landlæknis og lýðheilsu haldi áfram að rækta tengsl sín við frjáls félagasamtök. Starf Krabbameinsfélags Íslands er mikilvægt til að gera góða heilbrigðisþjónustu enn betri og hefur félagið átt gott samstarf við embætti landlæknis á liðnum árum."

Geir var spurður að því hverjir væru helstu veikleikar og styrkleikar þeirrar þjónustu sem krabbameinssjúklingum stendur nú til boða.

„Ég tel að Íslendingar geti verið stoltir af þeim árangri sem hefur náðst í þjónustu við þá sem greinast með krabbamein," segir landlæknir. „Lífshorfur hafa aukist á liðnum árum og þjónustan batnað. Ég hef í starfi mínu fundið fyrir miklum metnaði fagfólks sem sinnir þeim sem greinast með krabbamein. Alltaf má þó gera betur, til dæmis bæta aðstöðu þeirra sem eru í virkri lyfjameðferð og aðstandenda þeirra."

Sagt er að karlmenn séu líklegri til að leita sér seinna lækninga en konur. Hver heldur Geir að sé ástæða þess?

„Væntanlega er helsta skýringin sú að konur eru í meiri tengslum við heilbrigðisþjónustuna en karlmenn. Þær mæta vel í mæðravernd og oftast eru það konur sem koma síðan með börnin sín í ungbarnavernd og smábarnavernd og sinna þeim þegar þau veikjast. Þannig kynnast þær betur þeirri þjónustu sem í boði er á heilsugæslustöðvum," segir Geir.

# Fólk var tilbúið að hlusta

Rúnar Sigurðsson bar sigur úr býtum í einstaklingskeppni Mottumars í fyrra. Hann fór þó ekki af stað í keppnina með það markmið. „Í upphafi setti ég inn mynd af mér á síðuna í rælni og hugsaði ekki um það frekar," segir Rúnar en bróðir hans var mjög veikur af krabbameini á þessum tíma. „Hann talaði um hvað ég væri að gera mikið góðverk og þó mér fyndist nú ekki mikið góðverk að safna skeggi óx mér máttur við þetta og ég einsetti mér að tala um málefnið við alla," segir Rúnar. Þegar bróðir hans dó 9. mars ætlaði hann að gefast upp á keppninni. „Við vorum svo nánir bræður og alltaf saman," segir Rúnar en á svipuðum tíma greindist faðir hans einnig með krabbamein.

Stuttu síðar dreymdi hann draum. „Ég sat í skólasal og þar var í gangi keppni í að geta upp á lögum. Allt í einu sat bróðir minn fyrir aftan mig og sagði: „Þú getur líka tekið þátt." Í því var spilað lag og ég stóð upp og kallaði að ég vissi svarið," segir Rúnar sem áttaði sig á því að hann ætti að vera með í Mottumars.

„Ég gerði lítið annað en að uppfæra lýsingu mína á síðunni og sagði frá eigin reynslu. Ég var opinn og margir gáfu eitthvað af sér," lýsir hann og áréttar að tilgangur keppninnar sé að auka umræðuna, peningasöfnun sé aukaatriði.


„Ég einsetti mér að tala um málefnið við alla," segir Rúnar Sigurðsson, sem sigraði síðast í einstaklingskeppni Mottumars. MYND/VILHELM

En hvað gaf keppnin honum sjálfum? „Ég hafði þarna misst þann sem ég hafði alltaf getað talað við. Meira að segja áður en bróðir minn dó gat ég ekki talað um það við hann hvað mér liði illa yfir því að hann væri veikur. En allt í einu var í lagi fyrir mig að tala um líðan mína og fólk var tilbúið til að hlusta."

**Útgefandi:** Krabbameinsfélag Íslands **Heimilisfang:** Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík
**Vefsíða:** www.krabb.is og/eða www.karlmennogkrabbamein.is
**Ritstjóri:** Laila Sæunn Pétursdóttir **Ábyrgðarmaður:** Ragnheiður Haraldsdóttir

# Íslenskt grænmeti

## styður Mottumars í verki






**islenskt.is**

**Íslenskt grænmeti er stoltur styrktaraðili Krabbameinsfélags Íslands.**

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti



Ljósmyndarinn Einar Smárason og Jón Aðalsteinn Sveinsson, betur þekktur sem Nonni Quest. MYND/GVA

# Ljósmyndasýning í Kringlunni

Nú stendur yfir ljósmyndasýning á 1. hæð Kringlunnar þar sem sjá má yfir 20 karlmenn á öllum aldri sem skarta myndarlegu yfirvaraskeggi. Unnt er að kaupa myndirnar á þjónustuborði Kringlunnar. Stórar myndir eru seldar á 50.000 krónur en hægt er að fá gæðaprentun af minni myndum á 15.000 krónur. Allur ágóði af sölunni rennur til Krabbameinsfélags Íslands. Myndirnar verða afhentar kaupendum í lok átaksins.

Nonni, eigandi hárgreiðslustofunnar Krista/Quest í Kringlunni, átti þessa hugmynd en hann fékk ýmsa karlmenn í lið með sér og snyrti skegg þeirra. Strákarnir hjá Illusion sáu um myndatökuna og gerðu einnig myndband um skeggsnyrtinguna og lögðu spurningar fyrir þátttakendur. „Mig langaði til að setja enn meiri kraft í Mottumars og hafði samband við ýmsa stráka en í fyrra komu fjölmargir menn til mín í skeggsnyrtingu. Mér finnst Mottumars frábært framtak og gaman að fá að mynda skegg af ýmsum stærðum og gerðum.“

Myndirnar verða til sýnis og sölu í Kringlunni út mars en einnig er hægt að skoða þær á www.karlmennogkrabbamein.is. Kringlan er einn af mörgum samstarfsaðilum Krabbameinsfélags Íslands í árvekniátakinu Mottumars.

**● SÓL OG LJÓS GETA VALDIÐ SORTUÆXLUM** Sortuæxli eru ein af mörgum tegundum húðkrabbameina. Auðvelt er að lækna slík mein greinist þau snemma en þau geta verið banvæn greinist þau seint og hafa náð að dreifa sér. Hér á landi hefur sortuæxlum fjölgað mikið undanfarið. Tíðnin hefur tvöfaldast á einum áratug. Nú greinast að meðaltali 20 karlar á ári með sortuæxli í húð og 30 með önnur illkynja húðæxli.



Eftirtaldir þættir geta aukið líkur á myndun sortuæxla: Ljós húð, freknur, húð sem brennur auðveldlega, sólbruni í ljósabekkjum, margir fæðingarblettir, óreglulegir fæðingarblettir og ef náinn ættingi hefur greinst með sortuæxli. Allir sem hafa einn eða fleiri áhættuþætti ættu að láta lækni skoða sig. Ef grunur vaknar að um sortuæxli geti verið að ræða þarf að fjarlægja meinið með skurðaðgerð.

Vitað er að sólin getur valdið sortuæxlum. Sólböð barna og unglinga virðast vera sérstaklega hættuleg. Ljósabekkir eru einnig mjög hættulegir. Ef farið er í sól, hérlendis eða erlendis, skal nota sterka sólarvörn, að minnsta kosti SPF 25, sem ver bæði fyrir A- og B-geislum en gæta þess samt að vera ekki lengi í sól í einu.

*Úr fræðsluriti Krabbameinsfélagsins „Sortuæxli í húð“ eftir læknana Bárð Sigurgeirsson og Jón Hjaltalín Ólafsson.*

**● VILTU KAUPA SKEGG?** Þeir sem ekki ætla að safna skeggi í marsmánuði – og allir hinir – geta nælt yfirvaraskegg í barminn til að sýna samstöðu í baráttunni gegn krabbameini hjá körlum.

Dagana 12.-26. mars verða svonefndar skeggnælur, barmmerki sem eru í laginu eins og yfirvaraskegg, til sölu í flestum verslunum Kringlunnar. Auk þess munu stuðningshópar og svæðafélög Krabbameinsfélags Íslands selja skeggnælur dagana 17.-20. mars.

Skeggnælan kostar 1.500 krónur og rennur ágóðinn til fræðslu og forvarna, rannsókna og ráðgjafar.



# Aðstoð og fræðsla eftir blöðruhálskirtilsnám

**Risvandamál er algengur fylgikvilli eftir aðgerð þar sem blöðruhálskirtillinn er fjarlægður vegna krabbameins.**

Á göngudeild þvagfærarannsókna 11-A á Landspítala við Hringbraut er móttaka fyrir karla með risvandamál eftir brottnám á blöðruhálskirtli vegna krabbameins. Móttakan hefur verið starfrækt í rúm tvö ár.

„Þeir sjúklingar sem koma til okkar hafa farið í aðgerð þar sem blöðruhálskirtillinn er fjarlægður vegna krabbameins og eru með risvandamál í kjölfarið. Við fáum beiðni frá þvagfæraskurðlækni sem hefur metið þörf á sérhæfðri meðferð hjúkrunarfræðinga. Einnig fáum við beiðnir frá krabbameinslæknum vegna karla sem eiga við risvandamál vegna lyfja- og geislameðferða,“ segir Hólmfríður Traustadóttir, hjúkrunarfræðingur á göngudeild 11-A. „Hér fá þeir kennslu í að sprauta sig með lyfi sem veldur stinningu og hvernig á að nota sogdælu.“

Eru risvandamál algeng eftir aðgerð? „Þetta er talsvert algengt vandamál til að byrja með eftir brottnám á blöðruhálskirtli, en það getur lagast þegar frá líður,“ segir Hólmfríður. „Það eru um fimmtíu manns sem fara í svona aðgerð á ári en þeir koma auðvitað ekki allir til okkar þótt margir geri það. Hingað koma þeir yfirleitt bara einu sinni og fá þessa kennslu. Þessir sjúklingar fá einnig kennslu í grindarbotnsæfingum en nýjar rannsóknir hafa sýnt að þær hjálpa gegn bæði risvandamálum og þvagleka. Það er talið að 40 til 50 prósent karlmanna um fimmtugt séu með einhverjar ristruflanir, sem aukast með aldrinum, og grindarbotnsæfingar eru taldar hjálpa þeim sem eiga við þetta vandamál að stríða, ekki bara þeim sem hafa farið í aðgerð.“

En ef þetta dugar ekki eru til önnur úrræði? „Já, það eru til önnur úrræði. Það er hægt að setja ígræði eða pumpu í liminn.“



Hólmfríður Traustadóttir hjúkrunarfræðingur starfar á göngudeild 11-A á Landspítala við Hringbraut. Þar er móttaka fyrir karla með risvandamál eftir brottnám á blöðruhálskirtli. MYND/GVA

# *Mikilvægt að greina sjúkdóminn snemma*

Valur Þór Marteinsson, yfirlæknir þvagfæraskurðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri, segir mikilvægt að karlar sem komnir eru yfir fimmtugt láti mæla PSA í blóði ef bróðir, faðir eða afi hafa greinst með sjúkdóminn. Aðrir á þessum aldri ættu einnig að huga að mælingu á PSA, ekki síst ef þeir verða varir við einkenni svo sem þvagtregðu eða tíð þvaglát. Valur segir að því miður gefi gildi á þessu mótefni ekki einhlíta niðurstöðu um tilvist krabbameins en með viðbótarrannsóknum megi oftast skera úr um það.

Aðspurður segir Valur Þór að lítið sé vitað um það hvernig koma megi í veg fyrir krabbamein í blöðruhálskirtli. Þó séu sífellt fleiri rannsóknir sem sýna gildi hreyfingar, einnig eftir að sjúkdómurinn hefur verið greindur. Þá sé ýmislegt sem bendi til þess að neysla ávaxta og grænmetis dragi úr líkum á að sjúkdómurinn myndist en engar óyggjandi sannanir hafi þó fengist.

Meðalaldur þeirra sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli er rúmlega sjötíu ár. Valur Þór segir að oft séu karlar á þeim aldri mjög vel á sig komnir og eigi mörg ár eftir. Lífshorfurnar eru yfirleitt mjög góðar en mikilvægt er að læknir og sjúklingur taki sameiginlega ákvörðun um val á meðferð. Oft fái hann þó sömu spurninguna: Hvað myndir þú gera?

Með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar fjölgar þeim körlum sem geta átt á hættu að greinast með sjúkdóma í blöðruhálskirtli en hafa ber í huga að þessir sjúkdómar eru ekki allir illkynja. Valur Þór segir að jafnvel sumar tegundir krabbameins í blöðruhálskirtli geti verið mjög hægfara og hafi þannig lítil áhrif á lífsgæðin. Á næstu árum er þess vænst að betri greiningarpróf komi á markaðinn og að þannig verði auðveldara að velja úr þá sem þurfa að fara í róttækar aðgerðir.



Valur segir lítið vitað um hvernig megi fyrirbyggja krabbamein í blöðruhálskirtli. MYND/KRISTINN KRISTINSSON

# Aðstoð við val á meðferð

**Tvær spennandi rannsóknir standa yfir um þessar mundir sem stuðlað gætu að því að nýgreindir karlmenn með blöðruhálskirtilskrabbamein gætu fengið meiri stuðning, bæði tilfinningalega sem og við undirbúning ákvörðunar um meðferð.**



Hópurinn á bak við verkefnið: Laufey Dís Ragnarsdóttir, nemandi í HR, Ragnheiður Alfreðsdóttir hjá Krabbameinsfélaginu, Sjöfn Ágústsdóttir sálfræðingur, Einar Trausti Einarsson, nemandi í HR, og Heiðdís Valdimarsdóttir sálfræðingur. MYND/GVA

Heiðdís Valdimarsdóttir, doktor í heilsusálfræði, starfaði í nærri þrjátíu ár í Bandaríkjunum, þar á meðal á einum virtasta krabbameinsspítala Bandaríkjanna, Sloan Kettering í New York. Hún starfar nú sem prófessor við Háskóla Reykjavíkur og við rannsóknir á Mount Sinai School of Medicine í New York. Heiðdís ásamt Sjöfn Ágústsdóttur, sálfræðingi hjá Miðstöð sálfræðinga og doktorsnema í sálfræði við Háskóla Íslands, leiða rannsóknirnar sem báðar eru styrktar af Rannís, Rannsóknarmiðstöð Íslands.

Margir aðilar koma að rannsóknunum, þar á meðal þvagfærasérfræðingar Landspítalans, Unnur Valdimarsdóttir frá lýðheilsudeild Háskóla Íslands, Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins undir forystu Ragnheiðar Alfreðsdóttur og ýmsir erlendir sérfræðingar á þessu sviði. Einnig taka þátt í báðum rannsóknunum nemendur í sálfræði við Háskólann í Reykjavík, þau Einar Trausti Einarsson og Laufey Dís Ragnarsdóttir og nemendur við Háskóla Íslands, þær María Reykdal, María Þóra Þorgeirsdóttir og Unnur Vala Guðbjartsdóttur.

Fyrri rannsóknin sem Heiðdís og Sjöfn vinna að kannar áhrif skriflegrar tjáningar á líðan karla sem greinast með blöðruhálskirtilskrabbamein. Að þeirra sögn er vitað að þegar einstaklingar lenda í áföllum hafa þeir mikla þörf fyrir að fá að tala um það sem hefur gerst en það getur reynst mörgum erfitt.

„Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að þeir sem nota skriflega tjáningu virðast sáttari við þá ákvörðun sem var tekin um meðferð og finna minna fyrir depurð en þeir sem tjá sig ekki skriflega. Rannsóknin er enn í gangi og ef það kemur í ljós að þetta er aðferð sem virkar er hún bæði mjög auðveld í framkvæmd og hagkvæm,“ segir Sjöfn. Í síðari rannsókninni er þróað og prófað gagnvirkt ákvörðunartól til að aðstoða nýgreinda karla við undirbúning meðferðarákvörðunar.

„Karlmenn sem greinast með blöðruhálskirtilskrabbamein eiga oft mjög erfitt með að taka ákvörðun um hvaða meðferð þeir vilja fara í. Þeir sem eru með staðbundið mein hafa nokkra valkosti um meðferð en það sem gerir ákvörðunina erfiða er að með rannsóknum hefur ekki tekist að sýna fram á yfirburði einnar meðferðar fram yfir aðra. Sjúklingarnir þurfa sjálfir að taka þá erfiðu ákvörðun að velja meðferð og lifa með þeim aukaverkunum sem hún getur haft í för með sér og áhrifin sem meðferðin hefur á lífsgæði. Samkvæmt erlendum rannsóknum sjá sumir þeirra eftir því hvaða meðferð þeir völdu og finnst þeir ekki hafa fengið nægilegar upplýsingar um meðferðarúrræði. Vel þekkt er að þegar fólk er undir miklu álagi til dæmis nýbúið að fá greiningu um krabbamein, þá man það aðeins hluta af því sem var sagt, þrátt fyrir að læknirinn hafi veitt ítarlegar upplýsingar,“ segir Heiðdís.

„Sú rannsókn sem er að fara af stað og tengist því að auðvelda þetta ferli, að taka ákvörðun um meðferð, kallast „decision-aid“, sem myndi þýðast sem gagnvirkt ákvarðanatól,“ bætir Einar Trausti við. „Verkefnið er hugsað sem upplýsingabrunnur á internetinu sem nýtist karlmönnum með blöðruhálskirtilskrabbamein við að velja meðferð. Ætlunin er að þróa ákvörðunartól, þar sem karlar svara ákveðnum spurningum til þess að komast nær því hvaða meðferð gæti hentað þeim með tilliti til aldurs, lífsstíls og fleiri þátta,“ segir Heiðdís.

„Þar sem viðkomandi getur farið hvenær sem er og skoðað heimasíðuna með maka og sínum nánustu aukast líkurnar á því að tekin verði vel upplýst ákvörðun um meðferð,“ segir Laufey Dís.

„Mikið af efni er á netinu en það er misgott, oft á erfiðri ensku og byggir oft á röngum staðreyndum. Þetta kerfi byggist bæði á fræðslu um krabbameinið sem og upplýsingum um kosti og galla hverrar meðferðar,“ bæta Sjöfn og Einar Trausti við.

Ragnheiður, forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, leggur áherslu á að aukaverkanir af meðferð við blöðruhálskirtilskrabbameini geti haft mikil áhrif á lífsgæði, þar sem langtímaafleiðingar meðferðar geti komið fram í getuleysi, þvagleka og ýmsum öðrum vandamálum og því sé oft vandasamt að velja meðferð. „Óttinn við krabbamein getur gert það að verkum að menn taka ákvörðun um meðferð sem losar þá sem fyrst við meinið en þeir hugsa síður út í þær aukaverkanir sem þeir gætu þurft að lifa með til langframa,“ segir Heiðdís.



● **EKKI LENGUR DAUÐADÓMUR** Í leiðara nýjasta tölublaðs Læknablaðsins tekur Jón Gunnlaugur Jónasson, yfirlæknir Krabbameinsskrár Íslands hjá Krabbameinsfélaginu, svo til orða að farið sé að líta á krabbamein sem sjúkdóm en ekki dauðadóm, eins og áður hafi verið. Hlutfall sjúklinga sem lifir í fimm ár eða lengur eftir greiningu krabbameins hefur gjörbreyst frá upphafi krabbameinsskráningar fyrir rúmri hálfri öld og hækkað úr um 30 prósentum í um 60 prósent. Ástæðan er meðal annars sú að meinin greinast mun fyrr en áður og lækning því auðveldari.

Árlega greinast meira en 700 karlar með krabbamein. Jón Gunnlaugur segir afar mikilvægt að karlar haldi árvekni sinni gagnvart einkennum og hugi að viðurkenndum forvörnum, lifi almennt heilbrigðu lífi, gæti hófsemi og fjölbreytni í matarvenjum og hreyfi sig reglulega.


Skilaboð til karla

Hver og einn karl getur gert ýmislegt til að draga úr líkum á að fá krabbamein og til að auka batahorfur ef sjúkdómurinn greinist:

1. Reykjum ekki og forðumst reyk frá öðrum. Notum ekki munn- og neftóbak.
2. Hreyfum okkur að minnsta kosti í hálfa klukkustund á dag.
3. Borðum hollan og fjölbreyttan mat. Neytum grænmetis og ávaxta daglega.
4. Forðumst að vera of þungir.
5. Takmörkum neyslu áfengra drykkja.
6. Vörumst ljósabekki og óhófleg sólböð.
7. Verum vakandi fyrir krabbameinsvaldandi efnum í umhverfinu.
8. Verjumst HPV-veirusmiti með því að stunda öruggt kynlíf.
9. Kynnum okkur hvort krabbamein er í ættinni.
10. Öflum okkur upplýsinga um helstu einkenni krabbameins og bregðumst við þeim.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðu Krabbameinsfélagsins, www.krabb.is og á www.karlmennogkrabbamein.is

Krabbameinsfélagið


# Algengustu krabbamein karla

Samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsskránni (www.krabbameinsskra.is) er krabbamein í blöðruhálskirtli lang algengasta krabbameinið hjá körlum á Íslandi, eins og í öðrum vestrænum löndum.

Árlega greinast um 220 karlar og nú eru á lífi um 1.700 karlar sem hafa einhvern tímann greinst með þetta mein. Í öðru sæti er lungnakrabbamein, 77 karlar greinast árlega og um 160 eru á lífi. Krabbamein í ristli og endaþarmi eru í þriðja sæti, 75 karlar greinast árlega og yfir 500 eru á lífi.

Ef horft er á dánartíðni er lungnakrabbamein í efsta sæti, eða 23 prósent krabbameinsdauðsfalla. Þrátt fyrir að krabbamein í blöðruhálskirtli sé lang algengasta mein karla er dánartíðni af völdum þess í öðru sæti, eða 18 prósent, en í þriðja sæti (9 prósent) eru krabbamein í ristli og endaþarmi.

Hætta á að greinast með krabbamein eykst með hækkandi aldri og sum mein eru hlutfallslega algengari í yngri aldurshópum en önnur í þeim eldri.

Sem dæmi má nefna að á aldrinum 15-49 ára greinast árlega um tíu karlar með krabbamein í eistum, sem er í efsta sæti hjá þessum hópi. Nú eru á lífi um 240 karlar sem hafa greinst með eistnakrabbamein, því nánast allir læknast.

Sortuæxli og krabbamein í ristli og endaþarmi eru svo í öðru og þriðja sæti í þessum aldurshópi.

**Árlegt nýgengi hjá körlum á öllum aldri (af 100.000)**




**Árlegt nýgengi hjá körlum 15-49 ára (af 100.000)**






● **VILT ÞÚ EKKI ÖRUGGLEGA HÆTTA?** Tóbaksneysla snýst hjá flestum um fíkn í nikótín. Nikótín er eitt öflugasta fíkniefni sem til er og er sett í sama flokk og heróín hvað fíkn varðar. Flestir sem vilja hætta að reykja eða nota munntóbak þurfa oftast að gera nokkrar tilraunir áður en þeim tekst að losna undan fíkninni. Þetta er flókin fíkn sem er líkamleg, andleg, félagsleg og vani.

Krabbameinsfélagið hefur lengi sinnt tóbaksvörnum af miklum krafti enda ljóst að reykingar eru mikill skaðvaldur og einn stærsti einstaki áhættuþáttur krabbameina. Í tóbaksreyk og munntóbaki er fjöldinn allur af krabbameinsvaldandi efnum. Talið er að í Bandaríkjunum megi rekja þriðjung af krabbameinum til reykinga. Sterkust eru tengslin við lungnakrabbamein en um 90 prósent tilfella tengjast reykingum, beinum eða óbeinum, um 40 prósent af krabbameini í þvagblöðru eru talin tengjast reykingum og um 30 prósent af krabbameini í nýrum.

Krabbameinsfélagið hvetur þá sem eru að hugsa um að hætta að reykja eða nota munntóbak að fá faglega aðstoð þar sem hún bætir árangur. Hjá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur er hægt að fá ráðgjöf og stuðning til þess. Frekari upplýsingar má fá í síma 540 1900 og á www. krabbameinsfelagid.is/reykleysi.

● **ÞETTA ER SVO LÚMSKT** Ristil- og endaþarmskrabbamein er þriðja algengasta krabbameinið á Íslandi og ein algengasta dánarorsökin af völdum krabbameins. Að meðaltali greinast um 140 einstaklingar á ári og tíðnin hefur vaxið mikið að undanförnu. Árlega deyja um 50 manns af völdum þessa sjúkdóms. Krabbameinsfélagið vill vekja fólk til vitundar um gildi forvarna og skimunar fyrir ristil- og endaþarmskrabbameini með áherslu á að oft er hægt að koma í veg fyrir það með skimun.

Nú er verið að ljúka við fræðslumyndina „Þetta er svo lúmskt“ sem er um krabbamein í ristli og endaþarmi en Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Ristilfélagið og Stómasamtök Íslands standa að gerð hennar. Í myndinni, sem verður sýnd í Sjónvarpinu í maí, er meðal annars fjallað um forvarnir og greiningu og rætt við fagfólk og þá sem hafa greinst með sjúkdóminn.



**„Holl fæða er lykilaatriði. Svo þarf að hreyfa sig reglulega og gott er að hjón setji sér markmið og veiti hvort öðru stuðning,“ segir Guðjón Valur Sigurðsson, spurður út í grunninn að góðu heilbrigði.** MYND/GEORGE DINER

# Hreyfðu þig og borðaðu hollt

**Rætt við Guðjón Val Sigurðsson handknattleikskappa.**

Guðjón Valur Sigurðsson, landsliðsmaður í handknattleik, hefur verið í sviðsljósinu undanfarna mánuði. Hann féllst á að svara nokkrum spurningum varðandi heilsu og heilbrigði karlmanna, hvernig hans lífi væri háttað og hvort hann gæti gefið kynbræðrum sínum einhver ráð.

Fyrst var Guðjón spurður að því hvernig dæmigerður dagur væri hjá honum að því er varðaði heilsu, hreyfingu og mataræði.

„Það er hafragrautur og epli eða banani í morgunmat. Síðan er æfing klukkan 10-12. Hádegismatur og kvöldmatur eru oftast heitar máltíðir. Ef það eru tvær æfingar þá er sú seinni klukkan 17-19 og svo er kvöldið rólegt. Ég reyni að borða mikið af ávöxtum og grænmeti og hreyfi mig mikið. Oftast eru 7-10 æfingar og leikir í hverri viku. Svo borða ég að mestu leyti hollan mat, þó svo að mér finnist gott inni á milli að fá eitthvað sætt.“

En hvernig ætli Guðjón Valur myndi fara að til að fá karlmann til að hreyfa sig?

„Ég myndi spyrja hann hvort hann væri sáttur við líkama sinn og formið sem hann er í. Svo þarf að vera með lausnir fyrir hann ef hann vill breyta einhverju, ekki bara segja: Hreyfðu þig og borðaðu hollt. Það eru margir sem kunna það ekki. Ef maður er í formi þá er maður kraftmeiri og sefur betur, auk þess sem minni líkur eru á alls kyns lífsstílstengdum sjúkdómum. Ekki má einblína á vigtina heldur frekar á það hvernig manni líður. Ég hlusta ekki á afsakanir eins og tímaleysi og peningaleysi. Það hafa langflestir tíma til að fara út að ganga, skokka og svo framvegis. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við eigum aðeins einn líkama og verðum að hugsa vel um hann.“

Sumir segja að karlmenn fari ekki til læknis nema konurnar þrýsti á þá. Hvernig skýrir hann það?

„Ég veit ekki af hverju við karlmenn erum svona tregir. Ef til vill erum við að þykjast vera harðir eða vonum að verkirnir fari. Það þarf samt ekki að hlaupa til læknis í hvert skipti sem maður hnerrar! Ég geri mér ekki grein fyrir því hvort þetta er vandamál eða ekki. Flestir karlmenn sem ég þekki hugsa vel um sjálfa sig hvað varðar heilbrigði almennt.“

Að lokum er Guðjón Valur spurður um hvað ætti að einkenna heilbrigt líf karlmanna, án tillits til aldurs?

„Holl fæða er lykilatriði. Svo þarf að hreyfa sig reglulega og gott er að hjón setji sér markmið og veiti hvort öðru stuðning. Síðast en ekki síst þarf að tryggja að maður fái nægan svefn.“

# Stuðningur um allt land

Nú efnir Krabbameinsfélagið í fjórða sinn til átaks um karlmenn og krabbamein og í annað sinn er hluti af því nefndur Mottumars.

Átakið beinist að árvekni og fjáröflun. Árvekniátakið miðar að því að vekja athygli á krabbameini hjá körlum og benda á hvað hægt sé að gera til að koma í veg fyrir það eða greina það snemma. Það fé sem safnast verður notað til að efla forvarnir og fræðslu, rannsóknir og ráðgjöf.

Í fyrra voru viðtökurnar einstaklega góðar. Rætt var með opinskáum hætti um leit að krabbameinum hjá körlum, þeir leituðu meira til heilbrigðisþjónustunnar en áður og um 38.000 manns söfnuðu yfirvaraskeggi.

Og enn er tilmælum Krabbameinsfélagsins vel tekið. Víða má sjá karlmenn sem eru að safna skeggi og fjölmargir heita á vini og vandamenn og styrkja þar með Krabbameinsfélag Íslands.

Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands eru nú þrjátíu, bæði svæðafélög um land allt og stuðningshópar sjúklinga. Þessi félög veita þeim sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendum þeirra ýmis konar þjónustu og ráðgjöf.




● **SVÆÐAFÉLÖG UM LAND ALLT**
**og stuðningshópar á fjölmörgum stöðum**

**Reykjavík:** Krabbameinsfélag Reykjavíkur – Framför, Góðir hálsar, Kraftur, Ný rödd, Ristilfélagið, Samhjálp kvenna, Stómasamtökin, Styrkur. **Akranes:** Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis – Elja **Borgarnes:** Krabbameinsfélag Borgarfjarðar **Snæfellsbær:** Krabbameinsfélag Snæfellsness **Reykhólar:** Krabbameinsfélag Breiðfirðinga **Patreksfjörður:** Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar **Ísafjörður:** Krabbameinsfélagið Sigurvon - Vinir í von **Hvammstangi:** Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs **Blönduós:** Krabbameinsfélag Austur- Húnavatnssýslu - Samhugur **Sauðárkrókur:** Krabbameinsfélag Skagafjarðar - Dugur **Siglufjörður:** Krabbameinsfélag Siglufjarðar **Akureyri:** Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis - Norðankraftur **Húsavík:** Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga - Birta **Þórshöfn:** Krabbameinsfélag Norðausturlands **Egilsstaðir:** Krabbameinsfélag Austurlands **Reyðarfjörður:** Krabbameinsfélag Austfjarða - Styrkur á Austurlandi **Hvolsvöllur:** Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu **Selfoss:** Krabbameinsfélag Árnessýslu - Bandið **Vestmannaeyjar:** Krabbavörn Vestmannaeyjum **Reykjanesbær:** Krabbameinsfélag Suðurnesja - Sunnan 5 **Hafnarfjörður:** Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar



Magnús Helgi Steinarsson rafeindavirki greindist með ristilkrabbamein 34 ára. Eftir mikla baráttu er hann laus við meinið og nýtur þess að vera til. MYND/VALLI

# *Þessa stelpu leiði ég upp að altarinu*

**Ungur fjölskyldufaðir greindist með krabbamein þegar von var á þriðja barninu í fjölskyldunni. Magnús Helgi Steinarsson setti sér framtíðarsýn sem fleytti honum gegnum þriggja ára baráttu við sjúkdóminn.**

„Ég hafði leitað læknis vegna einkenna en það var talið gyllinæð. Eftir tvö ár fékk ég síðan greiningu á því hvað þarna var á ferðinni,“ rifjar Magnús Helgi Steinarsson upp en hann greindist árið 2004, þá 34 ára gamall, með krabbamein.

Magnús fór í speglun og sýni var tekið sem staðfesti að um ristilkrabbamein var að ræða. Krabbameinslæknir sendi hann strax í skurðaðgerð. „Þar var allt fjarlægt og einnig hluti af lifrinni en þar hafði komið í ljós mein líka. Svo fór ég í sex mánaða lyfjameðferð en þegar henni lauk kom í ljós við myndatökur að það var komið mein í bæði lungun. Ég fór því beint í aðra skurðaðgerð þar sem fjarlægður var einn þriðji af öðru lunganu og hluti af hinu,“ segir Magnús Helgi, sem fór að því loknu í aðra sex mánaða lyfjameðferð.

Hann var þó ekki sloppinn enn því við myndatökur eftir þá meðferð sást aftur mein í báðum lungunum. Magnúsar beið því þriðja skurðaðgerðin. „Þá voru fjarlægðir bitar úr báðum lungum. Síðan hef ég verið góður og nú eru liðin þrjú og hálft ár síðan ég fór í síðustu aðgerðina.“

### HRÆDDASTUR VIÐ AÐ MISSA AF FÆÐINGU DÓTTUR SINNAR

Magnús Helgi er fjölskyldumaður og átti von á þriðja barninu þegar hann fékk staðfestingu á að um krabbamein var að ræða. Dóttirin fæddist tíu dögum áður en hann átti tíma í fyrstu skurðaðgerðina en sama morgun og hann fór í geislun.

„Hún fæddist klukkan sex um morgun og klukkan níu hljóp ég yfir götuna í geislana. Síðan hljóp ég bara aftur til baka. Ég hafði verið hræddastur um að geta ekki verið viðstaddur fæðinguna og eftir að hún var fædd setti ég mér þá framtíðarsýn að þessa stelpu ætlaði ég að leiða upp að altarinu. Ég horfði á það takmark allan tímann og það hjálpaði mér í gegnum ferlið.“

Það hlýtur að hafa tekið á ungan fjölskyldumann að greinast með alvarlegan sjúkdóm og fá þær fréttir trekk í trekk að enn hafi fundist krabbamein en veikindi Magnúsar stóðu yfir í þrjú ár. Hann segir að erfiðast hafi verið að fá fyrstu greininguna. „Því sem á eftir fylgdi tók ég bara sem hverju öðru verkefni og setti það meðvitað þannig upp fyrir mér og reyndi að hugsa ekki of langt fram í tímann.“

### FÉLAGSLEGI ÞÁTTURINN MIKILVÆGUR

Eftir skurðaðgerðir og lyfjameðferðir tók við endurhæfing á Borgarspítalanum undir handleiðslu Ernu Magnúsdóttur iðjuþjálfa. Þegar Erna stofnaði Ljósið, endurhæfingu, tók Magnús þátt í uppbyggingu starfsins. Hann segir félagslega þáttinn mikilvægan þeim sem hafa greinst með krabbamein. Það hjálpi að hitta fólk með svipaða reynslu.

„Heilbrigðiskerfið sér um líkamann en andlegi þátturinn verður oft eftir. Það er miklu auðveldara að tala um þessa hluti við fólk sem hefur upplifað það sama,“ útskýrir Magnús.

### GOTT FYRIR KARLA AÐ RÆÐA MÁLIN

Magnús segir alla hafa gott af því að tala um reynslu sína, karla jafnt sem konur.

„Karlar geta alveg rætt þessi mál, þeir þurfa bara aðra nálgun á hlutina en konur. Þær virðast eiga auðveldara með að tala út um hlutina meðan karlarnir sökkva sér í vinnu. Ef karlar finna eitthvað til þá trassa þeir að gera eitthvað í því. Maður þekkir það. Þeir þurfa þó að fara í skoðun þó þeir finni ekki til einkenna,“ segir Magnús sem að undangenginni lífreynslu horfir öðrum augum á lífið.

„Ég lifi fyrir núið og nýt þess að vera til. Það er ekki sjálfsagður hlutur að vera til á morgun.“

GUÐBJARTUR HANNESSON VELFERÐARRÁÐHERRA:

# Ætlum áfram að vera í fremstu röð

„Það eru gömul sannindi og ný að því fyrr sem meðferð hefst þeim mun betri eru batahorfurnar. Þess vegna er mikilvægt að karlar þekki helstu einkenni krabbameins og leiti sér aðstoðar verði þeir varir við þau.“ Þetta sagði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra þegar árvekni- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélagsins var ýtt úr vör um mánaðamótin. Hann gat þess að karlar virtust bregðast seinna við einkennum en konur og því væru krabbamein hjá körlum oft lengra gengin við greiningu en hjá konum. „Krabbamein er sjúkdómur sem snertir allar fjölskyldur landsins fyrr eða síðar með einhverjum hætti. Nauðsynlegt er að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir sjúkdóminn, greina hann snemma og veita bestu fáanlegu meðferð. Eins er mjög mikilvægt að styðja sjúklinga og aðstandendur þeirra til að takast á við breyttar aðstæður.“

Í grein sem ráðherrann skrifaði í tilefni af alþjóðakrabbameinsdeginum 4. febrúar lagði hann áherslu á að ekkert yrði gefið eftir í baráttunni við þennan vágest og greindi frá þeirri ákvörðun sinni að gera sérstaka áætlun um aðgerðir og markmið í baráttunni við krabbamein, líkt og margar aðrar þjóðir hafa gert. „Ég tel þetta skynsamlegt enda mikið í húfi og hef því ákveðið að ráðast í þetta verkefni, á þessu ári, þegar Krabbameinsfélag Íslands fagnar sextíu ára afmæli sínu,“ sagði Guðbjartur.



Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir mikilvægt að greindir karlar leiti sér aðstoðar. MYND/GVA

Ráðherrann sagðist vilja hvetja alla landsmenn til að huga að heilbrigðu lífi. „Við höfum staðið okkur vel í forvörnum, greiningu og meðferð krabbameina og í vísindarannsóknum tengdum krabbameinum. Í þessum málaflokki ætlum við áfram að vera í fremstu röð,“ sagði ráðherrann.

Undir lok ávarpsins sagði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra: „Með Mottumars virðist sem Krabbameinsfélag Íslands sé komið vel á veg með að skapa árlega hefð hér í samfélaginu og hvet ég alla þá sem spretta grön að vera með í átakinu og vekja þannig athygli á málstaðnum.“

# Upplýsinga- og stuðningsþjónusta

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins veitir upplýsingar, fræðslu, ráðgjöf og stuðning fyrir þá sem greinast með krabbamein og aðstandendur. Ráðgjafarþjónustan er meðal annars með mánaðarlega fundi fyrir karla sem eru nýgreindir með blöðruhálskirtilskrabbamein.

„Við eigum saman notalega stund í litlum hópi þar sem fólk fær að tala, spyrja og svara af hreinskilni enda er þetta viðkvæmt mál að fjalla um,“ segir Ragnheiður Alfreðsdóttir, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Ráðgjafarþjónustunnar, og getur þess að mikil áhersla sé lögð á að upplýsa karla um meinið, meðferðir og aukaverkanir.

„Einstaklingar sem greinast með staðbundið mein taka þátt í því með sínum lækni að ákveða hvaða meðferð hentar best. Meðferðin getur haft áhrif á lífsgæði einstaklingsins, til dæmis valdið getuleysi eða þvagleka, og því er áríðandi að fá góðar upplýsingar. Fundirnir gefa tilefni til þess þar sem karlarnir geta hlýtt á sjónarmið þeirra sem hafa þegar tekið sína ákvörðun. Það er áfall að greinast með krabbamein, sem veldur því að viðkomandi nær ekki að meðtaka allar upplýsingar sem honum eru veittar um meðferðarleiðir og mögulegar aukaverkanir,“ segir Ragnheiður og bætir við að stundum sé meinið það langt gengið að ekki sé hægt að velja milli meðferða.



Ragnheiður Alfreðsdóttir, forstöðumaður Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins. MYND/VALLI

Hún tekur fram að þjónustan sé hugsuð til þess að gefa nýgreindum körlum og mökum þeirra tækifæri til að ræða upplýsingarnar sem þau hafa fengið hjá viðkomandi lækni og spyrja nánari spurninga og leita svara. „Við teljum það mikilvægt að starfa í samstarfi við lækna og hjúkrunarfræðinga sem annast þann sem greinist, og er æskilegt er að vísað sé á þennan möguleika.“

Ragnheiður segir rabbfundi Ráðgjafarþjónustunnar vera í samvinnu við Framför, félag sem vinnur að því að efla baráttuna gegn blöðruhálskirtilskrabbameini, og Góða hálsa, sem er stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli.

# Sandhverfuflök á beði úr rauðum linsum

**Tími: 30 mín.**
*Auðvelt.*

**4 sandhverfuflök (eða annar flatfiskur), u.þ.b. 125 g flakið.**
**4 msk. ólífuolía.**
**200 g (1 bolli) niðursoðnar rauðar linsubaunir, skolið og látið renna af þeim.**
**1 skalottlaukur, fínsaxaður.**
**1 tsk. túrmerik.**
**3 hvítlauksrif, pressuð.**
**500 ml (2 bollar) kjúklingasoð.**
**25 g (¾ bolli) ferskur graslaukur, saxaður.**
**Salt og nýmalaður pipar**

*Hitið 2 msk. af ólífuolíu á pönnu. Steikið linsur, skalottlauk, túrmerik og hvítlauk í 2–3 mín. við meðalhita. Hellið soðinu saman við og látið malla í 4 mín. Saltið og piprið eftir smekk. Bætið graslauknum út í. Skerið nokkra skurði í roð fisksins með beittum hníf. Hitið afganginn af olíunni, 2 msk., á pönnu og steikið fiskinn í u.þ.b. 2 mín. á hvorri hlið eða þangað til hann er hvítur í gegn. Bragðbætið með salti og pipar. Setjið fiskbitana ofan á linsubaunirnar og berið fram.*

*Prófið líka að bera þennan rétt fram með gufusoðnu spergilkáli og baunaspírum.*

*Jean-Luc Boulay, kokkur og eigandi veitingastaðarins Le Saint-Amour í Quebec.*


**Rétturinn er bæði hollur og góður.**

**● HOLL FÆÐA GETUR HAFT HAMLANDI ÁHRIF Á KRABBAMEIN** „Bragð í baráttunni“ nefnist bók sem Forlagið hefur gefið út í samvinnu við Krabbameinsfélagið Framför. Þar er að finna meira en 140 hollar uppskriftir og ýmsan fróðleik um tengsl mataræðis og krabbameins. Tilgreindar eru fjölmargar fæðutegundir sem eru taldar geta verið mikilvægar í krabbameinsforvörnum, hamlað gegn æxlisvexti og eytt bólgum.



Rannsóknir sýna að meðal fæðutegunda sem hafa hamlandi áhrif á krabbamein eru:

- Tómatar
- Þang
- Sveppir (vissar tegundir)
- Hörfræ
- Sítrusávextir
- Ber
- Sojavörur
- Kál
- Hvítlaukur
- Grænt te
- Kryddjurtir svo sem túrmerik, engifer, chili-pipar, negull, mynta, timjan, marjoram, oreganó, basil, rósmarín, steinselja, kóríander, kummin, fennel og anís.

**● REYKLAUST TÓBAK ER LÍKA HÆTTULEGT** Munntóbaksnotkun er vaxandi vandamál meðal ungra karlmanna hér á landi. Notkun á munntóbaki eða snusi snýst um nikótínfíkn; það að verða háður nikótíni líkamlega, andlega og félagslega. Í munntóbaki getur verið allt að fjórum sinnum meira af nikótíni en í sígarettum. Munntóbakið er alls ekki skaðlaust. Í því er fjöldinn allur af krabbameinsvaldandi efnum sem auka einkum líkur á krabbameini í munnholi, brisi og vélinda. Við notkun munntóbaks dragast æðarnar saman og það veldur hækkuðum blóðþrýstingi og örari hjartslætti. Hækkaður blóðþrýstingur er einn helsti áhættuþáttur hjarta- og æðasjúkdóma.

Munntóbaksnotkun er algeng meðal íþróttamanna í Svíþjóð, einkum í hópíþróttum. Líklegt er að svo sé einnig á Íslandi, þrátt fyrir að öll neysla tóbaks sé bönnuð innan íþróttahreyfingarinnar. Rannsóknir hafa sýnt að munntóbaksneytendum er hættara við meiðslum og að þeir eru lengur að ná sér eftir meiðslin auk þess sem árangur verður lakari. Munntóbaksnotkun veldur skaða á munnholi sem getur valdið lýtum og óþægindum.







g hyggst halda því áfram á meðan hún nýtur þess.

# RT Í
# RFIÐ

og mér finnst til dæmis mjög gaman að farða vinkonur mínar á brúðkaupsdaginn þeirra, þær þurfa ekki að óttast að biðja mig um það,“ segir Fríða María hlæjandi.

Frídögum sínum kýs Fríða María að eyða í faðmi fjölskyldunnar og segist hún vera dugleg að fara í göngur og á skíði með eiginmanni sínum. „Ég er mjög heimakær og finnst æðislegt að vera með fjölskyldunni. Ég fer mjög lítið út á lífið og er alltof ódugleg við að sækja listasýningar og annað slíkt, sem er miður því mér finnst það mjög gaman.“

### HUGURINN LEITAR Í MYNDLISTINA

Þegar Fríða María er spurð út í framtíðaráform sín segist hún opin fyrir öllu en að á meðan hún njóti sín í förðunarstarfinu muni hún halda því áfram. „Fyrir þrettán árum sagðist ég ætla að hætta í bransanum þegar ég væri orðin 35 ára því þá væri maður líklega orðinn of gamall og dottin úr tísku. Nú er ég að verða 37 ára og mér finnst ég enn ágætlega fersk, ég er dugleg að fylgjast með tískunni og lesa mér til um allt það nýjasta og safna í möppur,“ segir hún hlæjandi. „Annars er ég ekki með nein sérstök framtíðaráform, ég er alltaf opin fyrir öllum tilboðum. Ég vona að ég fari þó að fikta meira í myndlistinni því það er búið að liggja á mér lengi,“ segir hún að lokum.

## * bak við tjöldin



Þarna er ég um borð í Herjólfi ásamt Líf, vinkonu minni, á leið til Eyja með félagsmiðstöðinni okkar. Ég er svona um fimmtán ára þegar þetta var.



Þarna er ég ásamt ömmu minni og afa frá Færeyjum.



Þarna er ég ásamt Spike Jonze við tökur á tónlistarmyndbandi fyrir Björk. Ég fékk það hlutverk að farðan þennan gerviköttsem var upphaflega svartur. Eitt furðulegasta og vonlausasta verkefni sem ég hef tekið að mér.














Lífgið upp á útlitið með fallega mynstruðum flíkum:

# Blómamynstur og rendur

Tískan
af pöllunum

Lífgið upp á innihald fataskápsins fyrir vorið með skemmtilegum mynstruðum flíkum. Blómamynstur, rendur, ættbálkamynstur, doppur og óreglulegt mynstur, þitt er valið. D&G og Etro voru jafnframt óhrædd við að blanda saman ólíkum mynstrum frá toppi til táar og því ættu tískuunnendur að vera óhræddir við að gera slíkt hið sama.

- sm



**Accessorize,** 4.299 kr.



**Spútnik,** 14.500 kr.



**Topshop,** 9.990 kr.



**Topshop,** 12.490 kr.



**Zara,** 6.995 kr.



**Ómótstæðileg tvenna frá Shiseido Perfect Refining Foundation**
Nýr fljótandi farði sem fullkomnar áferð húðirnar hún verður silkimjúk og slétt sem endist í allt að 15 tíma. Regluleg notkun viðheldur ákjósanlegu rakastigi og sléttir húðina, Perfect Refining Foundation hentar öllum húðgerðum. Silkimjúk húð, lýtalaus áferð, fullkominn raki.

**Translucent Pressed Powder**
nýtt fast púður sem fullkomnar áferðina og gefur húðinni ómótstæðilegan ljóma passar á alla farða og hvaða húðlit sem er. Má nota með bursta eða kvasta.




**Taj Sunset er frísklegur nýr sumarilmur frá ESCADA í takmörkuðu upplagi;**
sætur og léttur ilmur með tónum suðrænna ávaxta og flauelskenndum keim af kókos. Í fyrsta skipti í ilmiðnaðinum hefur ESCADA tekist að fanga hina einstöku angan af alfonsó-mangó sem er ræktað á Indlandi. Ilmurinn kemur í 30 og 50 ml. EDT ásamt sturtugeli og body lotioni.



**MAX FACTOR 2 EINFÖLD SKREF AÐ FULLKOMINNI SMOKY EYE FÖRÐUN**
Augnskuggapenni sem er tvískiptur með lit á sitt hvorum endanum. Liturinn með breiðari endanum er settur yfir augnlokið og síðan er liturinn með oddmjóa endanum notaður til að ná fram “smoke” áferðinni. 6 litir í boði.




**Nýjung frá Max Factor XPERIENCE**
línan samanstendur af andlitsfarða, maskara og varagloss/salva. Það sem einkennir þessa línu er fiðurlétt áferð og eiginleikar hennar. Farðinn er einstaklega léttur en þekur mjög vel. Maskarinn hefur IFX bursta með gúmmíhárum, þykkir og greiðir augnhárin vel. Varaglossinn virkar eins og varasalvi, nærir varirnar og gefur þeim raka.



**Sensai Triple Touch**
Þrjár vörur í einni öskju allt sem þú þarft í veskið þitt. Askjan inniheldur; litlaust rakagefandi farðaundirlag (gegnsær hyljari) sem sjáanlega mildar hrukkur og misfellur, kremhyljari sem hylur bauga og mislit og silkimjúkt púður sem sveipar húðina fallegri áferð sem endist vel og lengi.




**NÝTT naglalakk frá Dior. Fimm nýjir litir.**
Nýtt lakk og nýjir litir fyrir vorið, þægilegur bursti og flott þekja. Nú getur þú líka dekkt þinn eigin lit með Rock Coat – Top Coat, brúntóna top coat sem ætlað er yfir alla aðra liti til dekkingar. Góða skemmtun.

**Nutritive Confort Cream**
Tafarlaus vellíðan – Auðugt omega3,6,9 andlitskrem. Húðin eflist, endurnýjast og endurheimtir nauðsynlegan þrótt til að verjast öldrunarferlinu á sýnilegan hátt. Frábært og skjótur árangur. Láttu þér líða vel í vetur.




**Insta- Grip Fast Dry Base Coat**
Einstakt undirlakk sem ver neglurnar og læsir hvaða naglalakki sem er þannig að það endist betur! 30 sekúndur að þorna. Einstök ending – fullkomin áferð.






**LA ROSE BUTTERFLIES FOREVER - Flottasti kinnaliturinn!**
Slaufa og fiðrildi voru tveir lykilhlutirnir sem einkenndu tísku áttunda áratugarins og koma þau saman hér í þessum flotta kinnalit. Blandaðu litunum saman fyrir heilbrigðan ljóma eða notaðu þá eina sér.

# Nýjar snyrtivörur




**Skin Illusion SPF10**
Skin Illusion er náttúrulegur farði sem inniheldur steinefni og plöntukjarna.
Farðinn er einstaklega léttur og þægilegur og gefur mjög góðan raka. Hann er hálfgegnsær og gefur jafnt yfirbragð auk þess sem hann gefur húðinni aukinn ljóma.
Skin Illusion er fyrir allan aldur og allar húðtegundir og kemur í sex litum.



**LA BASE DEWY GLOW – FEGRUNARVATN**
Ómissandi í snyrtibudduna. 100% náttúrulegt fegrunarvatn sem hægt er að nota fyrir og eftir förðun. Jafnar opnar húðholur og sléttir húðina. Gefur húðinni raka og ljóma. Veitir náttúrulega áferð og tryggir lítalausa og endingargóðan förðunarárangur. Friskar upp á förðunina og gefur aukinn ljóma.




***Upplifðu hvernig hægt er að fylla „sofandi“ kollagenið í húðinni af orku***

Með Collagenergy, getur þú byrjað hvern einasta dag með húð sem geislar af heilbrigði. Þetta létta dagkrem inniheldur þykkni úr blöðum bæði Stjörnuávaxtarins og Moon Peach-trésins auk CPX Vital Extract en saman örva þessi efni virkni kollagensins svo um munar. Árangurinn verður áberandi stinnari og mýkri húð með meiri útgeislun.




**SKIN ERGETIC SERUM ORKUGEFANDI SERUM**
Lagfærir þreytumerki í húðinni
- Mjög áhrifaríkt serum fyrir daglega notkun
- Lagfærir 5 þreytumerki húðarinnar; skort á ljóma, ójafnan húðlit, opnar húðholur, ójafna og hrjúfa áferð húðarinnar
- Serum sem er virkjað rétt fyrir notkun
Nýjung; snyrtivörur í sínu ferskasta formi
INNIHELDUR 10 x meiri virkni en dagkremið




**Lancôme kynnir GÉNIFIQUE NUTRICS:**
Krem fyrir allar konur sem finna fyrir þurrk í húð. Það endurvekur virkni gena og örvar framleiðslu á próteinum og lípíðum sem endurbæta þurra húð. Húðin verður samstundis nærð og öðlast aukin þægindi sem endast yfir allan daginn. Þetta er ekki tímabundin lausn, heldur lækning gegn þurrki í húð.



**TEINT RADIANCE LIGHT DIFFUSING FOUNDATION SPF 20**
Léttur farði sem gefur húðinni silkiáferð.
Farði sem fangar ljósið fyrir meiri ljóma og sléttir ójöfnur á húðinni.
Inniheldur rakagefandi complex og hyalúrónsýru sem nærir og verndar húðina.



**MATT TOUCH COMPACT FOUNDATION LONG-LASTING MATT COMPLEXION Oil-free / SPF 10**
Þessi nýi púðurfarði er þægilegur viðkomu, og gefur húðinni einstaka mýkt og ljóma.
Sérstök formúla sem dregur úr opnum húðholum, jafnar og sléttir áferð húðarinnar.
Hvert og eitt litarefni er þakið silicone svo liturinn aðlagist húðinni fullkomlega.
Hentar vel fyrir normal, blandaða og feita húð.




**PRODIGY POWERCELL AUGNKREMIÐ:**
Nauðsynleg vara fyrir augnsvæðið
VINNUR SAMSTUNDIS Á ÞROTA, DREGUR ÚR DÖKKUM BAUGUM OG MINNKAR HRUKKUR
PRODIGY POWERCELL augnkremið inniheldur einstakan endurnýjandi kraft frá jurtafrumum Oceanic Crista plöntunnar ásamt krafti (extract) unnum frá Emblica plöntunni sem hefur virka andoxandi eiginleika, lagfærir og verndar viðkvæmt augnsvæðið.





**Fallegt** Harpa Káradóttir förðunarfræðingur farðaði Andreu Röfn Jónasdóttur, fyrirsætu hjá Elite Models. Útkoman er glæsileg árshátíðarförðun sem endist út skemmtilegt kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tími árshátíðanna er runninn upp:

# Frískleg fyrir árshátíð

Tími árshátíðanna er runninn upp og hljóta margar konur að standa frammi fyrir þeirri gamalkunnu spurningu; „Hverju skal klæðast og hvaða varalit á að skarta?“ Föstudagur leitaði ráða hjá Hörpu Káradóttur, förðunarfræðingi hjá MAC, sem kom með hugmynd að hinni fullkomnu árshátíðarförðun.

Nauðsynlegt er að byrja á því að undirbúa húðina vel fyrir förðunina. Undir augun og í kringum nef notaði Harpa Pro Longwear hyljara og farða. Þessi farði gefur náttúrulega áferð og endist út kvöldið. Pink Swoon kinnalitur var settur á kinnar til að draga kinnbeinin frekar fram og Mineralize Skinfinish Dark til að ná fram skyggingu.

Á augun notaði Harpa Da Bling augnskugga sem settur var á mitt augnlokið og Mulch-augnskugga í innri og ytri augnkróka og blandaði vel. Kolablýantur var notaður til þess að ramma augun betur inn og tvískiptur maskari var borinn á augnhárin til að lengja þau.

Að lokum notaði Harpa Super Confident Sheen Supreme varalit sem er mitt á milli þess að vera varalitur og gloss. Hann gefur fallegan gljáa og það sem betra er, hann klístrast ekki.




**ÞÆGILEGAR ABC aðhaldssokkabuxur frá Oroblu fyrir árshátíðir og fermingaveislur.**

Konur þurfa ekki endilega að vera með aukakíló sem þær vilja fela, til að þurfa á aðhaldssokkabuxum að halda. Margar sem eru búnar að eiga börn eru með slappari húð en áður, burtséð frá fituhlutfalli og aukakílóum. ABC sokkabuxur eru draumur hverrar konu, „bumba yfir streng“ hverfur, sokkabuxurnar rúlla ekki niður og konur verða allar stinnari og sléttari, passa betur í fötin og líður einfaldlega betur í fötunum sínum. ABC buxurnar eru einnig með þannig áferð að sokkabuxurnar loða ekki við fatnað, fatnaðurinn situr því á glæsilegri máta. ABC sokkabuxurnar slétta magasvæðið, lyfta upp og undirstrika rassinn ásamt því að styðja við mjaðmir og hliðar, til bæði með og án stuðnings niður á læri. ABC sokkabuxurnar eru til bæði í 40 og 20 denum í svörtum og sun lit, ráðleggjum eindregið 40 den fyrir konur sem eru þéttvaxnar því þær eru hærri upp og rúlla því síður niður. Báðar týpur er hægt að nota við opna skó.



**Super Confident Sheen Supreme varalitur,** 4.190 kr.

**Haute & Naughty maskari,** 5.190 kr.

**Pro Longwear hyljari,** 3.990 kr.

**Augnskuggi,** 3.690 kr.

**Augnskuggi,** 3.690 kr.

**Pink Swoon kinnalitur,** 4.990 kr.

# FALLEGAR YFIRHAFNIR

## Karen Millen
Kringlunni, S: 533 1740
Smáralind, S: 534 1740



Stærð: 8 – 16
Litir: Beinhvítt



Stærð: 8 -16
Litir: Beinhvítt og Svart



Stærð: 8 – 16
Litir: Beinhvítt og dökkblátt

## Kello
Kringlunni 4
S. 568-4900



Verð: 29.990
Stærð: S - XXL
Litir: Svartur og Grá



Verð: 39.990
Stærð: 36 - 46



Verð: 29.990
Stærð: 38 - 46
Litir: Svartur og Beige

## Bernhard Laxdal
verslun
Laugavegi 63,
S: 551-4422



FUCHS SCHMITT
Verð: 59.900
Stærðir: 36 – 46

## KASTANÍA
Höfðatúni 2 (sömu hæð og
Hamborgarafabrikkan)
S: 577-5570



Christian Audiger
Verð: 33.900



Christian Audigier
Grá pallíetta
Verð: 32.500

## MOMO
Laugavegi 42
S. 552-1818
www.momo.is



Verð: 12.990
Stærð: 36 - 42
Klútur. Verð: 2.990

## Vera
Laugavegi 49,
S: 552-2020



Verð: 38.900
Stærð: 38 – 46

## Warehouse
Kringlunni
S. 517-3290



Stærðir: 8-16
**Tilboðsverð til 13/3:**
**17.242 kr.**
Fullt verð: 22.990 kr.



Stærðir: 8-16
**Tilboðsverð til 13/3:**
**14.992 kr.**
Fullt verð: 19.990 kr.



## YFIRHEYRSLAN

**María Guðrún Rúnarsdóttir, ljósmyndari og starfsstúlka í Kron.**

**Háir hælar eða flatbotna skór:** Hælar, ekki spurning!



**Uppáhaldsliturinn:** Núna er það bleikur.



**Ómissandi í snyrtibudduna:** Bodyshop-augnlínupenni.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Bleikur peysukjóll frá Sonia by Sonia Rykiel.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Nýja Chie Mihara korkhæla fyrir sumarið.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** State Trooper remixað af Trentmöller.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Sonia Rykiel, Marc Jacobs og þar sem ég er skósjúk þá verður Chie Mihara og Kron by Kronkron að fylgja með.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Jarðarberjamojito og kaffi.




Sigríður Klingenberg hefur þetta að segja um Metasys



**Metasys breytti lífi mínu!**
„Fyrir 5 árum byrjaði ég að taka inn Metasys vegna þess að Metasys hafði hjálpað vinkonu minni mikið sem er með liðagigt."

**Alltaf þreytt**
„Í langan tíma hafði ég verið rosalega þreytt, þurfti að leggja mig daglega og hafði alls ekki þann lífskraft sem ég vildi hafa. Þetta breyttist á aðeins þrem dögum eftir að ég byrjaði að taka Metasys.

Metasys er andoxunarefni sem lagar húð, hár og lífskraftinn. Það líta allir út eins og unglingar sem taka Metasys, sjáið bara mig!

Öll fjölskylda mín tekur Metasys og ég segi við fólk sem vill breyta lífi sínu strax, Þá er þetta auðvelda leiðin."

**Kraftaverk**
„Sl. vor var ég í miklum rannsóknum vegna sykursíki og í framhaldinu leitaði ég til Happ um ráðleggingar með mataræði. Ég fékk hjálp frá þeirra sérfræðingum og fóru þeir í gegnum allt hjá mér. Þeir hentu út m.a. öllum vítamínbirgðunum en eftir stóð Metasys og lífrænn matur. Ég er allt önnur í dag og sykursíkin sefur vært. Ég hef upplifað mörg kraftaverk á lífsleiðinni og Metasys er eitt þeirra. Það er svo auðvelt að bæta líf sitt svo um munar með Metasys."

metasys®
Þyngdarstjórnun – orka – úthald – árangur

100% náttúrulegt

www.metasys.is
Innflutningsaðili: Gengur vel ehf.

Metasys er fáanlegt í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða


PRENTUN.IS


**Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan**

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**
**Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is**

föstudagur
Fylgstu með

# Freistandi sælgæti í pitsuformi

**Pitsur eru ekki allar eins. Þær geta líka verið góðar sem eftirréttir eins og þessi ljúffenga bananapitsa sannar:**

## BANANAPITSA

**FYRIR 8**



**Deig:**
2 tsk. þurrger
1 msk. sykur eða hunang
¾ bollar heitt vatn
1 ½ til 2 bollar hveiti
2 msk. hveitiklíð (má sleppa)
1 tsk. salt
2 msk. olía

**Fylling:**
1 msk. smjör eða smjörlíki
3 bananar, skornir í sneiðar
2 msk. púðursykur eða hunang
1 tsk. kanill
3 msk. romm (má sleppa)

*1. Leysið þurrgerið upp í heitu vatni með sykrinum. Setjið plastfilmu yfir og geymið á hlýjum stað í u.þ.b. 10 mínútur.*

*2. Hrærið saman hveiti og hveitiklíði í stórri skál. Gerið holu í miðjuna og bætið við uppleystu þurrgerinu, saltinu og olíunni. Hnoðið saman eða blandið með sleif. Setjið deigið á hveitistráð bretti og hnoðið í um 5 mínútur, bætið við meira hveiti ef þarf. Setjið deigið aftur í skálina, breiðið yfir og látið hefast í um 40 mínútur.*

*3. Hitið ofninn í 200°C. Fletjið út deigið og setjið það á bökunarplötu og dreifið örlítilli olíu yfir. Raðið bananasneiðunum ofan á og og dreifið sykri og kanil yfir þær. Bakið í neðri hluta ofnsins í 25-30 mínútur.*

*4. Ef þið viljið flambera pitsuna hellið þið romminu í stóra skeið og haldið skeiðinni yfir kertaloga í u.þ.b. hálfa mínútu. Þegar það er orðið heitt kveikið þið í því með langri eldspýtu eða kertakveikjara. Hellið logandi romminu yfir pitsuna og berið fram.*

*Ef þið viljið ekki flambera er gott að sprauta íssósu yfir pitsuna og bera hana fram með þeyttum rjóma eða vanilluís.*



Bananar og súkkulaði fara dæmalaust vel saman.



Ekki eru allir sammála um hvernig rita eigi orðið pitsa. Í byrjun var erlenda heitið pizza notað en brátt var farið að íslenska það sem pítsa eða pitsa. Samkvæmt athugun á íslenskum vefsíðum hinn 17. janúar árið 2006 er erlenda heitið notað um 30 sinnum oftar á íslenskum vefsíðum en þau íslensku. Því má segja að ekki sé beinlínis rangt að rita pizza.

**wikipedia.org**



Pepperoni er vinsælasta pitsuáleggið í heimi en fiskiálegg eru áberandi lægst á flestum vinsældalistum. Áleggsvalið er þó misjafnt eftir löndum og í Japan eru kolkrabbi, rækjur, krabbakjöt, smokkfiskur, majones, kartöflur, þari, aspas og maís meðal vinsælla áleggstegunda. Fátt af því ratar á pitsur Íslendinga en hví ekki að prófa?

**Heimild: www.ezinearticles.com**






**Askja efnir til bílasýningar** á milli 12 og 16 morgun í tilefni af 125 ára afmæli Mercedes-Benz, elsta bílaframleiðanda heims. Aðalviðburður sýningarinnar er frumsýning á nýjum Mercedes-Benz GLK sportjeppa.



ZEPA
Nýtt í Fríform > Frá Ítalíu
ZEPA helluborð á SPENNANDI verði !



| | | |
|---|---|---|
| Keramik | 300x505 mm | kr. 39.900 |
| Keramik m/snertirofum | 580x505 mm | kr. 69.900 |
| Keramik m/snertirofum | 770x505 mm | kr. 99.900 |
| Spansuðuborð | 580x505 mm | kr. 109.900 |

FULLKOMIN TÆKNI
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
www.friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Full búð af nýjum vörum



MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Jóhannes Frank opnar í dag klukkan 15 ljósmyndasýningu í Galleríi Fold við Rauðarárstíg. Á sýningunni, sem listamaðurinn kallar Birtuskil, gefur að líta svarthvítar ljósmyndir af náttúru Íslands.



www.myndlist.is

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál



GÆÐAFISKUR
Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.



Ólöf María Vigfúsdóttir, Bryndís Gunnarsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Helga Þórarinsdóttir, Guðbjörg Andrésdóttir og Dóra Jónsdóttir skörtuðu skautbúningum á þjóðbúningadegi. MYNDIR/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

# Í hátíðaskrúða

**Þjóðminjasafn Íslands efnir til þjóðbúningadags á sunnudaginn. Þeir sem mæta í búningi síns lands fá ókeypis aðgang að sýningum.**

„Þjóðbúningadagurinn er haldinn sunnudaginn 13. mars, í þriðja sinn á jafnmörgum árum. Hann er að festa sig í sessi á góunni,“ segir Helga Vollertsen, kynningarstjóri Þjóðminjasafnsins. Hún rekur hugmyndina til þess að áhugafólk um búninga hafi vantað vettvang til að hittast. „Námskeið í þjóðbúningasaumi hafa verið vinsæl og ýmsir leggja líka stund á búningarannsóknir,“ segir hún og tekur fram að fólk sem er upprunnið annars staðar en á Íslandi sé hvatt til að koma í þjóðbúningum síns heimalands.



Eins og klippt út úr sögu.

Auk Þjóðminjasafnsins standa Heimilisiðnaðarfélagið, Þjóðbúningaráð og Þjóðbúningastofa að þessum viðburði. Helga segir aðstoð verða veitta þar við að setja upp höfuðbúnað. „Faldurinn getur vafist fyrir fólki og jafnvel skotthúfan,“ segir hún. En mæta karlmenn á svona samkomur? „Já. Fyrsta árið komu þeir bara í sínum venjulegu fötum en í fyrra voru þó nokkrir í hnébuxum og háum sokkum.“ Sjálf ætlar Helga að halda upp á daginn í 19. aldar búningi. „Móðir mín á búninginn en hann er frá langömmu. Svo eigum við annan sem ég ætla að gifta mig í í sumar.“

Á torgi við Safnbúðina er sýningin Kvon, þar eru kjólar hannaðir af Maríu Th. Ólafsdóttur sem sækir meðal annars innblástur í íslenska þjóðbúninga. Helga bendir líka á ljósmyndasýningu Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar og segir gaman að virða fyrir sér fólk á henni, bæði prúðbúið og í hvunndagsklæðum.

*gun@frettabladid.is*

japanskir dagar 10.-13. mars



101 hotel reykjavik
borðapantanir í síma: 5800 101
101hotel@101hotel.is
www.101hotel.is

ERUM FLUTT AÐ SKEIFUNNI 8
OPNUNARTILBOÐ FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
15%
afsláttur af öllum vörum
full búð af nýjum vörum
Vertu vinur á Facebook
Flott föt fyrir flottar konur,
belladonna
Stærðir 40-60.
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



AÐHALDSUNDIRFÖT
Frábært úrval
Selena
Hæðasmári 4
(í sama húsi og bílaapótekið)
Sími 553 7355 • Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15

Kynning

# Engiferdrykkurinn aada frá My Secret fær frábæra dóma í Danmörku

**Bryndís Hákonardóttir næringarþerapisti fékk engiferdrykkinn aada sendan til Danmerkur til að prófa á hópi fólks sem hún starfaði með.**



Bryndís Hákonardóttir

Bryndís var búin að heyra af My Secret vörunum í þó nokkurn tíma. Og eftir að ein af vinkonum hennar á Íslandi, sem hafði lengi verið með mikla verki í hnénu, sagðist finna mikinn mun á sér eftir að hafa byrjað að neyta þessa drykkjar, datt henni í hug að þetta gæti verið eitthvað fyrir sinn hóp. Svo hún ákvað að heyra í eigendum My Secret og þeir tóku mjög vel á móti henni og voru meira en til í að styrkja verkefnið og sendu henni vörur um hæl.

Bryndís hefur heillast af náttúrulegum leiðum til að lækna líkamann og fyrirbyggja ótímabæra öldrun og lífsstílssjúkdóma.

Um tvítugt flutti hún til Los Angeles í Bandaríkjunum til að nema viðskiptafræði. Eftir útskrift starfaði hún í eitt ár í New York og sneri svo að ári loknu aftur til Íslands. Frá 1995 og fram til 2004 starfaði hún við sölu- og markaðssetningu á íslenskum vörum fyrir Evrópu, Norður Ameríku og Asíu. Árið 2004 tók hún að sér að byggja upp og stýra einkaþjálfaradeild Hreyfingar og hefur allt tengt heilsu átt hug hennar allan síðan. Árið 2005 flutti hún svo til Danmerkur ásamt manni sínum og þremur börnum. Þar fór hún í þriggja ára nám við Center for Ernæring og Terapi í Kaupmannahöfn og útskrifaðist sem næringarþerapisti. Í náminu var megináhersla lögð á það hvernig hægt væri að beita mataræði og lífsstílsbreytingum til að koma veikum líkama og þreyttri sál í eðlilegt jafnvægi. Í framhaldi af því hefur hún lagt mikla áherslu á að styrkja hjá sér þekkingu í lithimnagreiningu (Iridology) og útskrifaðist nýlega úr því fagi frá School of Natural Health Sciences í Bretlandi. Hún er svo með vikulega næringarráðgjöf í samvinnu við stóra keðju heilsubúða í Danmörku sem heitir Helsam. Í dag vinnur hún sem næringarþerapisti hjá fyrirtæki sem selur sveitarfélögum þjónustu sína. Þeirra áhersla er að hjálpa atvinnulausu fólki að ná heilsu á nýjan leik svo það komist aftur út á vinnumarkaðinn.

**Tilraunahópur Bryndísar**

Í nóvember 2010 byrjaði hún með 12 vikna námskeið fyrir fólk sem vildi létta sig. Hún var með 20 manna hóp þar sem megináherslan var lögð á lífsstílsbreytingar. Allir þessir einstaklingar voru að kljást við hina ýmsu sjúkdóma eins og sykursýki, gigt, þunglyndi, of háan blóðþrýsting, mígreni, beinverki, síþreytu og margt fleira. Með breyttu mataræði ásamt því að nota aada-engiferdrykkinn, góðri hreyfingu, hugleiðslu og öðrum æfingum sem vinna á móti stressi náði hópurinn í heild sinni mjög góðum árangri.

**Ótrúlegur árangur**

Þegar aðeins tvær vikur voru eftir af námskeiðinu dreifði hún 5 lítra My Secret brúsum til þátttakenda sem allir tóku spenntir á móti þessum íslenska töfradrykk og drukku þau samviskusamlega tvö glös á dag í tvær vikur. Bryndís trúði varla hvað þessi drykkur hafði góð áhrif. Hún nefnir eitt ótrúlegt dæmi: Kona í hópnum sem á meðal annars við þunglyndi að stríða var búin að vera mjög neikvæð allan tímann. Bryndís var mikið búin að reyna að hvetja hana áfram og styðja við hana en hún náði ekki þeim árangri sem Bryndís vonaðist eftir. Fljótlega eftir að hún byrjaði á aada frá My Secret varð hún glaðari og byrjaði að brosa til hennar á morgnana. Þegar hún útskrifaðist af námskeiðinu var svo mikill munur á henni að samstarfsfélagar Bryndísar spurðu hana hvað hún hefði eiginlega gert. Hún svaraði að sjálfsagt væri eitthvað jákvætt að gerast í hennar persónulega lífi sem hefði þessi áhrif. En hún stóðst ekki mátið fyrst samstarfsfélagar hennar höfðu líka tekið eftir þessum breytingum svo hún ákvað að spyrja hana sjálfa og hún svaraði brosandi út að eyrum að þetta væri út af engiferdrykknum.



Það er gaman frá því að segja að Bryndís er byrjuð með annan hóp núna og þau vilja endilega fá þennan drykk frá Íslandi. Þau hafa heyrt þá sem voru á fyrra námskeiðinu tala mikið um töfradrykkinn frá Íslandi.

Bryndís er sannfærð um að vörur MySecret hafi átt stóran þátt í bata margra einstaklinga í hópnum, bæði andlegum og líkamlegum bata. „Það besta var hvað fólk fann mikinn mun á sér strax. Drykkurinn er mjög vatnslosandi og konurnar töluðu um að þær væru farnar að geta notað armbönd og hringa sem þær höfðu ekki getað notað lengi. Kona sem var lengi búin að vera með stíflaðar ennisholur fékk bót meina sinna á mjög skömmum tíma.“

**My secret í Danmörku**

Að sögn Ólafs Sólimanns, eiganda My Secret, eru þetta frábærar niðurstöður sem urðu til þess að nú hefur verið hafist handa við að undirbúa útflutning á vörum My Secret til Danmerkur.




## Þakka engiferdrykknum aada frá My Secret betri heilsu



Anna Árnadóttir

Ég hef verið sjúklingur í nokkur ár. Með vefjagigt og þar af leiðandi mikla verki um allan líkamann auk þess sem ég hef fengið mikinn bjúg vegna lyfjanna sem ég hef tekið til að geta komist í gegnum daginn.

Mér var bent á engiferdrykkinn aada og fór á heimasíðuna www.mysecret.is til að kynna mér hann.

Ég keypti mér drykkinn og drakk tvisvar á dag eitt glas. Eftir smá tíma dró verulega úr öllum verkjum og ég ákvað að hætta að taka inn öll mín gigtarlyf og aðrar verkjatöflur.

Brjóstsviði sem var viðloðandi sl. ár (líklega vegna lyfjanna) hvarf.

Ég prófaði að hætta í viku til tíu daga að drekka drykkinn til að sannfærast um að ég væri ekki ímyndunarveik og viti menn! Ég var komin með verki á ný þannig að ég fór og keypti mér hann aftur.

Ég drekk alltaf drykkinn minn á morgnana og hefur hann breytt lífi mínu algjörlega.

Í dag tek ég hvorki gigtarlyf né verkjalyf og ætla ekki að gera enda engin þörf á því og auk þess hefur þetta verið mest vökvalosandi drykkur sem ég hef kynnst.

Nýlega prófaði ég þann „græna“, en mér var bent á að prófa að skola munninn með honum vegna þrálátra sára í munni og, viti menn! Allt stóðst – engin sár!

Í dag tek ég eingöngu blóðþrýstingslyf og vítamín.

Ég er búin að missa 18 kíló og er verkjalaus. Öll mín lund er miklu léttari og lífið auðveldara.

Takk fyrir að leyfa mér að kynnast þessum yndislega töfradrykk.

Líf mitt er allt annað eftir að ég byrjaði að neyta hans.

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting
- Garðaúðun
- Þökulagnir
- Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Garðlist.is

## Bókhald

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

Framtalsþj. fyrir einst. og félög. Einfalt framtal kr. 5.000. Framtalsþj. HR s. 6634141

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Málarar geta bætt við sig verkum. Innanhús og utan. Uppl. í s. 661 9046.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk -Smíðavinna- Flísalagnir -Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

**Nýsmíði og viðhald**
Tökum að okkur hverskonar viðhald og nýsmíði. T.D. þök, glugga, gler, utanhúsklæðningar ásamt sumarhúsum og annari nýsmíði. Áratuga reynsla.
S.K.E - Verk SF - S. 861 7749.
Blikktak ehf. - S. 861 7733.
bragimarunn@simnet.is

**Ástandsskoðun.**
Góður undirbúningur að framkvæmd. Við aðstoðum húseigendur/húsfélög að skipuleggja framkvæmdir. Þetta sparar mikinn tíma og fjámuni. www.matfasteigna.is Sími 694 1385, mat@matfasteigna.is

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**GOTT NUDD - KR. 4500**
TILBOÐ 2 SAMAN. Skrúbb, pottur, nudd og veitingar kr. 9900. DETOX-ÚTHR. Heilsumat og veitingar kr. 5500. DETOX 2 SAMAN heilsumat og veitingar kr. 9900. JB Heilsulind. S. 823 8280

**ERTU MEÐ SVEPPASKÝKINGU**
KOMDU Í HEILSUGREININGU.
Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500.
JB Heilsulind. S. 823 8280

Whole body massage. S. 849 5247.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

NEW LUXURY MASSEGE IN DOWN TOWN ANY TIME 24/7. S. 869 8602.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta. Tilboðsverð í dag! s: 6618272 eða 6930348

## Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Spásími 908 6060**
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar. Hvað viltu vita á nýju ári.Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro. Verð í bænum 25-29 mars, tek einkatíma.

## Rafvirkjun

Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAF NEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
rafneisti@simnet.is

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

## Önnur þjónusta



**Brudkaup.is - Allt fyrir brúðkaupið á einum stað**
Allar upplýsingar um helstu þjónustuaðila m.a. veislusali, tónlistarfólk, hárgreiðsla, ljósmyndun og margt fleira. Sjá nánar á vefsíðu okkar www.brudkaup.is

## Til sölu

Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkarar, frystikista, sjónvörp. S. 896 8568.

Notaðar þvottavélar, ísskápar og frystikistur yfirfarið af fagmanni til sölu. Gott úrval. Uppl. í s. 693 7141.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

**Kaupi gull !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),
Verið velkomin

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Járnrennibekkur óskast. Toz eða sambærilegur,1,5metrar á milli odda. Upplýsingar í síma 8972904.

## Verslun

DOMTI
Smáratorgi 1

ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR.
LÆGSTA VERÐ 290KR.
GOTT VERÐ 390KR.
HÆÐSTA VERÐ 690KR.

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

Misty - fyrir allar konur



**TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ**
ALLAR ÞIÐ SEM NOTIÐ stærðir 30 OG 32 D,DD,E,F,FF,G,GG,H,HH skálar - á aðeins kr. 4.990,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun:
www.betriheilsa.is/erla

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Spa Dream Oasis**
Margar gerðir af nuddi fyrir menn, konur og pör. Vel menntuð og með góða reynslu á þessu sviði.
Opið frá 10-19 mán-lau.
Uppl. s. 862 0941




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Námskeið




**Litir Ljóssins námskeið 18 og 19 mars**
Hugleiðsla, málun, heilun,sjálfsstyrking. Helga S. 691 1391 www.artofthesoul.is

## Húsgögn

Hirzlan.is



Húsgögn fyrir heimilið og skrifstofuna.

Gæði og gott verð.

Hirzlan Smiðsbúð 6 Sími 564-5040



**Borðstofusett úr hnotu**
Borðið er stækkanlegt fyrir 12. 6 stólar með grágrænu plussi. Skenkur og hár glerskápur fylgja. Tilboð óskast. Eldhúsborð og 4 stólar einnig til sölu. Sími 694 7059.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is
Hundaræktun með starfsleyfi.
S. 566 8417 Tökum visa/euro

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Big room on 3rd floor for rent in 101 very close to bus station. Everything included. 45.000kr. Telephone 898 9574.

Tvö skrifstofuherbergi C.a 17fm. Til leigu við (Árbær/hálsar). Óska eftir skrifborðsstólum. Upplýsingar gefur Halldór í síma 899 7230

## Húsnæði óskast

Stúdíó helst í miðbæ Rvk fyrir par óskast, greiðslug. 75 þús. S. 615 8425.

## Sumarbústaðir



Caravan hús (Trailer hús á vagni). Mikið endurbyggt. Mjög gott sem sumarhús. Tilbúið til flutnings. Tilboð. Uppl. í s. 894 2456 & 557 2782.

Ónotað ca. 15 fm gestahús til sölu. Afhendist í RVK. Tilboð óskast. S. 857 7227.

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 8993760

TIL LEIGU 280m2 Verslunar og skrifstofuhúsnæði á horni Grensásvegar og Miklubraut (Jarðhæð) Nánari upplýsingar veittar í síma:588 5523 Netfang: hreyfill@hreyfill.is

Iðnaðar-og lagerhúsnæði í Hafnarfirði til leigu. Ýmsar stærðir. S. 6601060, 8224200

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Atvinna í boði

texture HÁRSTOFA

Hársnyrtir óskast til starfa sem fyrst, laun eða leiga. Frábær aðstaða og sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í síma 845 2227 eða texture@texture.is

Móttökustjóri á íbúðahótel. Óskum eftir að ráða móttökustjóra. Leitum að ábyrgum, þjónustulunduðum einstaklingi í krefjandi og líflegt starf. Reynsla og/eða brennandi áhugi á ferðamennsku skilyrði. Sendið umsóknir á: aparthotel101@yahoo.com

## Tilkynningar

**Lífspekifélagið**

Í kvöld, föstudaginn 11. mars kl. 20:30 heldur Vilhjálmur Hjaltalín Jónsson sálfræðinemi erindi sem hann nefnir Þekktu sjálfan þig í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
Laugardaginn 12. mars kl. 14:00 er hugleiðing, kl. 14:30: Farið yfir fræðsluefni Sigvalda.
Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30 heldur Norbert Ægir Müller hjúkrunar-fræðingur erindi: Húmor og heilsa.
Á fimmtudögum kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.

www.lifspekifelagid.is

## Ýmislegt

**e-catz.com: Fjárfestar óskast**
e-catz.com er stefnumóta- og samskiptavefur fyrir einhleypa kattaeigendur, líklega sá eini sinnar tegundar í heiminum. Nánari uppl. á e-catz.com (investors).

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringin.

Þarft þú að færa þína tunnu?
Er hætta á að hún fjúki?
Tunnufestingin heldur henni á sínum stað!
Ódýr lausn og einföld í uppsetningu.
Tunnufestingin veldur engum töfum við sorphirðu.



HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is

Fór bíllinn ekki í gang?




DEKA rafgeymar
Hátt kaldræsiþol
Gott úrval
Verð frá 16.950 kr.



DEKA startkaplar
Alvöru startkaplar frá DEKA
Verð frá 4.490 kr.

Opnunartími verslunar:
Virka daga frá kl. 8-18.
Lokað um helgar.
Vagnhöfði 23 - S: 590 2000
benni.is - verslun@benni.is
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** land í asíu, **6.** frá, **8.** þróttur, **9.** nögl, **11.** hætta, **12.** glæsibíll, **14.** gleði, **16.** hljóm, **17.** útsæði, **18.** rell, **20.** stöðug hreyfing, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** innsigli, **3.** samtök, **4.** stormur, **5.** slagbrandur, **7.** hraðstreymi, **10.** hætta, **13.** útdeildi, **15.** fræ, **16.** rjúka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** laos, **6.** af, **8.** afl, **9.** kló, **11.** vá, **12.** kaggi, **14.** unaðs, **16.** óm, **17.** fræ, **18.** suð, **20.** ið, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** lakk, **3.** aa, **4.** ofviðri, **5.** slá, **7.** flaumur, **10.** ógn, **13.** gaf, **15.** sæði, **16.** ósa, **19.** ðð.

# Orða vant

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**

Í frábærum leiðara sem Steinunn Stefánsdóttir skrifaði á dögunum var fjallað um gengisfellingu orðanna. Orð eins og mannréttindi og frelsi eru notuð til að auka vægi í umræðunni, þótt ekkert í því sem rætt er um fari nærri því sem þessi orð vísa til. Kannski er bara verið að tala um frelsið til að leggja bílnum sínum þar sem hentar best eða mannréttindin að geta reykt innandyra.



**ÞEGAR** ég var lítil var orðið einelti ekki til. Það var ekki fyrr en ég varð fullorðin að til var orð yfir það sem ég upplifði á tímabilum. Ég var aldrei lamin og fötin mín ekki skemmd. En ég fékk ekki að vera með í leikjum, útlit mitt og aðgerðir var rætt og tætt í þriðju persónu að mér viðstaddri og ráðist var inn til mín þegar ég var ein heima og bar ábyrgð á því að allt væri í röð og reglu. Ég var átta ára.

**SEM BETUR** fer skemmdist ekki neitt þegar tíu krakkar á aldrinum átta til ellefu ára ruddust inn í stofuna hennar mömmu og hótuðu að skemma og brjóta dótið okkar, nema kannski öryggistilfinning mín heima hjá mér. Enda veit ég ekkert hvernig ég hefði átt að útskýra þær skemmdir. Í allri þessari óreiðu kvala og kvalara, niðurlægingar og öryggisleysis, var bara ein regla: þú kjaftar ekki frá! Og í skjóli þess héldu aðgerðirnar áfram. Einhvern tíma var ég sjálfsagt í hinu liðinu, alsæl yfir því að vera ekki skotspónninn í það skiptið. Á þessum árum var ekki til orð yfir það. En það gerðist samt og gerist enn.

**Í HVERAGERÐI** er barn sem segir frá. Og mamma sem hlustar. Og þó að skólayfirvöld, bæjarstjórn, foreldrafélagið og konan í bakaríinu hafi ekki orðið vör við eineltið og ofbeldið sem þessi drengur lýsir er það engin sönnun þess að það hafi ekki átt sér stað. Fólk heldur stundum að það viti allt sem börnin þess hugsa og gera. Það er ekki rétt.

**EINELTI** á sér ýmsar birtingarmyndir. En umfjöllun um einelti í skóla í bæjarfélagi er ekki einelti og Hveragerði hefur ekki „lent í einelti fjölmiðla“ þó að eitt barn hafi þorað að segja frá.

**ÉG MAN** hvað ég varð fegin þegar loksins kom orð yfir það sem ég upplifði sem barn. Kæru Hvergerðingar, virðið það orð og það sem það ber með sér en ekki gengisfella það og lítilsvirða.


## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**„Ef ég væri rosa massi væri ég til í að leika James Bond.“**

**– Valgeir H. Skagfjörð, leikari úr Okkar eigin Osló.**

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**





## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Helgarblað
alla laugardaga



## Var ósköp venjulegur skólastrákur

Matthew Morrison og fleiri leikarar úr Glee-þáttunum vinsælu ræða við Fréttablaðið.

**Meðal annars efnis:**

**Berlusconi og málaferlin**
Orðhvatur, eyðslusamur og sjaldan jafn umdeildur.

**„Tilræði við góða orðaleiki“**
Álitsgjafar Fréttablaðsins velja bestu og verstu hljómsveitanöfn íslenskrar poppsögu.

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001 - 2011
FRÉTTABLAÐIÐ

# RAX fangar heiminn með Canon EOS



„Fyrir mig skipta gæði og áreiðanleiki búnaðarins gríðarlega miklu máli, sérstaklega þegar maður er að fanga augnablik sem kemur kannski aldrei aftur. Ég treysti á Canon EOS“.

*Ragnar Axelsson - RAX.*



Ljósm. RAX / Suðurskautslandið

Farðu lengra með Canon EOS. Yfirgripsmesta DSLR kerfinu í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Þrautreynt af atvinnu- og áhugaljósmyndurum. Uppáhald ljósmyndara um allan heim.

Taktu meira en myndir.

Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook.
Sense, dótturfélag Nýherja, er dreifingaraðili Canon EOS á Íslandi.
Canon EF linsur til leigu á Tækjaleigu Sense.



EOS

Canon

**Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt**
**Reykjavík** Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - Sense Center, Kringlunni - ELKO Lindum, Skeifunni & Granda - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / **Akureyri** Pedromyndir - Byko / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Ísafjörður** Bókahornið - Penninn / **Sauðárkrókur** Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / **Blönduós** Kjalfell /**Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Stykkishólmur** Skipavík / **Borgarnes** Framköllunarþjónustan - Omnis / **Akranes** Omnis / **Reykjanesbær** Omnis / **Selfoss** TRS / **Höfn í Hornafirði** Martölvan / **Neskaupstaður** Tónspil / **Egilsstaðir** Myndsmiðjan / **Vestmannaeyjar** Geisli - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is / **ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GRÍSA Veisla
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
GRÍSAVEISLU FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
798 KR.kg
FERSKUR KJÖRFUGL
FRÁBÆRT VERÐ Í BÓNUS
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
659 KR.KG.
100% KJÖT
NAUTA/GRÍSAHAKK BLANDAÐ
898 KR.kg
SS
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBAFILLET
Frábært verð: 2998 kr.kg
KJÖRFUGL
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR.KG.
ÍSLANDS LAMB
MANGÓLAMB
Mango lamb úrbeinað lambalæri
Pataks-mangókryddað úrbeinað og snyrt lambalæri í álbakka tilbúið í ofninn
Frábært verð: 1998 kr.kg
KS
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBAHRYGGUR
1398 kr.kg
KS
HIMNESKT
SOLLU LÍFRÆNT SPELTHVEITI
398 1000g
Sérskorið Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI
1359 kr.kg
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI
1198.kg
SOLLU LÍFRÆNT HVEITIKÍM 500g
259 500g
SOLLU LÍFRÆNT AGAVESÝRÓP
598 425ml
KF SPARHAKK
359 KR.620g
Grænmetisbuff
200 kr. VERÐLÆKKUN
NF. FROSIN GRÆNMETISBUFF
Verð nú 798 kr. 1.kg
200 kr. VERÐLÆKKUN
KJARNAFÆÐI
KF HANGIÁLEGG Í SNEIÐUM
1998 KR.KG.
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
CHICAGO TOWN
TAKEAWAY
SAUCE
FILLED CRUST
FIVE CHEESE PIZZA
NEW
CHICAGO TOWN 498 KR. TAKE AWAY
CHICAGO TOWN PIZZA, FIMM OSTATEGUNDIR, SÓSA OG MJÚKUR BOTN 635g
PEPSI - PEPSI MAX - APPELSÍN
89 KR. 500ml.
PIZZAOSTUR
295 KR. 200g
BÓNUS FLORIDASAFI 1 LTR.
195 KR. 1 LTR.
BRAUÐ Á GÓÐU VERÐI
MÁ FRYSTA
198
KR. 26 sneiðar
BÓNUS KORNBRAUÐ 1000g
Pizza
dej/deg
FERSKT PIZZADEIG 400g
295 KR. 400g
18
598
KR. PK
BÓNUS WC PAPPIR 18x200 BLÖÐ
3600 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
ÍSLENSKUR
IÐNAÐUR
6
598
KR. PK
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6x60 BLÖÐ
360 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
BÚRFELLS TAÐREYKT HANGIÁLEGG 143g
398 KR. PK.
BÚRFELLS BRAUÐSKINKA 250g
298 KR. 12 SNEIÐAR
FJÖLKORN
1/2 FJÖLKORNABRAUÐ
129 KR. 385g
WHEAT ROLLS
FROSIN SMÁBRAUÐ 9 STK.
198 KR.450g
BÓNUS RÆKJUSALAT TÚNFISKSALAT
198 KR. 200g
Barilla
SPAGHETTI n.5
1Kg
BARILLA SPAGHETTI 1 KG.
259 KR. 1000g
Góður tilbúinn matur fyrir 3-4
Aðeins
998 kr.
bakkinn
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK.
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS HEILSURÉTTUR
Coca-Cola
zero
light
COCA COLA KIPPUR
745 KR.
4 flöskur x 2 ltr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vellutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# menning

menning@frettabladid.is

**SVIKARINN FRAMLENGDUR** Boðið verður upp á tvær aukasýningar á verki Lab Loka, Svikaranum, í Tjarnarbíói. Fyrri sýningin verður sunnudaginn 13. mars og sú seinni fimmtudaginn 17. mars. Báðar sýningar hefjast klukkan 20. Verkið er einleikur, fluttur af Árna Pétri Guðjónssyni, en Rúnar Guðbrandsson leikstýrir. Þeir hafa í sameiningu unnið leikgerðina, sem sækir meðal annars innblástur til franska rithöfundarins Jean Genet og leikverks hans Vinnukonunum.

## Farsæll farsi á Akureyri

Leikfélag Akureyrar frumsýnir í kvöld gamanleikinn Farsæll farsi eftir Kingsley Day og Philip Lazebnik. Verkið segir frá hjónunum Rebekku og Herberti, sem búa á Akureyri en eru komin suður til Reykjavíkur til að kynna bók Herberts; Farsælt hjónaband, sjálfshjálparbók ætluð öllum hjónum sem vilja viðhalda hamingjusömu hjónabandi. En er hjónaband Herberts eins fullkomið og bókin gefur til kynna? Skyldi spjallþáttastjórnandinn Ellý Matt koma upp um „hneyksli aldarinnar“, eða kafnar hún inni í fataskáp áður en það tekst? Og hvað er þingmaður Miðaldra grænna að gera í næsta herbergi?

Edda Björg Eyjólfsdóttir og Jóhann G. Jóhannsson leika öll hlutverk sýningarinnar en leikhússtjórinn sjálfur, María Sigurðardóttir, leikstýrir verkinu. Karl Ágúst Úlfsson íslenskaði og staðfærði verkið.

Höfum opnað

LAGERSÖLU Á KRISTAL OG POSTULÍNI

Frábær verð

Opin fim. - fös. kl. 16 - 19 og lau. 11 til 16
Víkurhvarf 2, (austurendi 2.hæð) Kópavogur

CAJUN CREOLE
í Perlunni 9.-13. mars




Veitingahúsið Perlan · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is

SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN
TJARNARBÍÓ
SÝNINGUM AÐ LJÚKA Á TVEIMUR LEIKRITUM Í TJARNARBÍÓ

Verk eftir Sölku Guðmundsdóttur
í leikstjórn Hörpu Arnardóttur
Súldarsker
MARS 11 | 12



Einleikur með Árna Pétri Guðjónssyni
í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar
Svikarinn
MARS 13 | 17



NÁNARI UPPL. Á TJARNARBIO.IS
Miðasalan er opin alla virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík



**VERÐLAUNAHAFINN** Una Margrét Jónsdóttir hlýtur viðurkenningu Hagþenkis í ár fyrir rit sín Allir í leik – Söngvaleikir barna I-II. Bækurnar eru afrakstur tíu ára rannsóknar Unu Margrétar á íslenskum leikjasöngvum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Allir í leik hreppti hnossið

**Bækur Unu Margrétar Jónsdóttur, Allir í leik I-II, hlutu viðurkenningu Hagþenkis sem afhent var í gær. Ritin eru afrakstur rúmlega tíu ára rannsókna á íslenskum leikjasöngvum.**

Una Margrét Jónsdóttir hlýtur viðurkenningu Hagþenkis í ár fyrir ritin Allir í leik – Söngvaleikir barna I-II. Viðurkenningin er veitt fyrir framúrskarandi fræðirit. Jón Yngvi Jóhannsson, formaður Hagþenkis, afhenti Unu Margréti viðurkenninguna við hátíðlega athöfn í ráðstefnusal Þjóðarbókhlöðunnar í gær. Hlaut hún áritað viðurkenningarskjal og eina milljón króna í sigurlaun.

Alls voru tíu rit tilnefnd til viðurkenningar Hagþenkis í ár. Í greinargerð viðurkenningarráðs segir að rit Unu Margrétar séu „[m]enningarsögulegt stórvirki um söngvaleiki barna á 20. öld í tali, tónum og látbragði með samanburði við eldri hefðir á Íslandi og leiki í nágrannalöndum.“

Una Margrét Jónsdóttir er fædd 1966 og hefur starfað sem dagskrárgerðarmaður á tónlistardeild Ríkisútvarpsins síðan 1990. Árið 1999 hóf hún að rannsaka íslenska leikjasöngva og ferðaðist um landið til að hljóðrita þá. Við rannsóknir sínar ræddi hún við fólk á öllum aldri og fór í barnaskóla í ýmsum landshlutum, auk þess sem hún fór til Grænlands, Færeyja og Bandaríkjanna og gerði þar samanburðarrannsóknir. Í kjölfarið gerði Una Margrét tólf útvarpsþætti um leikjasöngva árið 2004, en hélt síðan rannsóknum sínum áfram til ársins 2010. Árangurinn af þessum rúmlega áratugs rannsóknum má sjá í bókunum „Allir í leik I-II“ sem út komu árin 2009 og 10. Þar eru birt á nótum lögin og textarnir sem Una Margrét safnaði auk fróðleiks um uppruna þeirra og leikina sem þeim tengjast.

Viðurkenningarráð Hagþenkis 2010 er skipað fimm félagsmönnum Hagþenkis af ólíkum fræðasviðum. Ráðið í ár skipuðu Þórður Helgason bókmenntafræðingur, formaður, Geir Svansson bókmenntafræðingur og þýðandi, Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur, Kristín Unnsteinsdóttir, uppeldis- og kennslufræðingur, og Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur og ljósmyndari.

bergsteinn@frettabladid.is

# Frjósamur arfur

Myndlist ★★★

**Í Vesterveg**

Samsýning listamanna frá Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandseyjum og Noregi

Norræna húsið

Á sunnudag er síðasti sýningardagur I Vesterveg í Norræna húsinu. Hér er um að ræða afrakstur samvinnu listamanna frá Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandseyjum og Noregi. Á tímum víkingaferða var sjóleiðin vestur af Noregi kölluð Vesterveg, eða Vesturleið og dregur sýningin nafn sitt af því. Norðmenn námu land í Færeyjum og á Hjaltlandseyjum á sjöundu öld, en komu til Íslands á þeirri níundu. Íbúar eyjanna, að Íslandi meðtöldu, eiga því sannarlega sameiginlega forfeður og arf.

Upphafsmaður verkefnis er Málfríður Aðalsteinsdóttir myndlistarkona. Markmiðið var að skoða sameiginlega menningararfleifð þessara landa og hvernig hún tengist samtímalistum. Verkin á sýningunni eru afrakstur undirbúnings sem fór af stað árið 2008. Færeyjar og Danmörk koma einnig að þessum þætti verkefnisins þó ekki eigi listamenn þaðan verk á sýningunni.

Í Norræna húsinu eru verk eftir sjö listamann. Frá Noregi koma



Johannes Vemren-Rygh og Elsie-Ann Hochlin, Málfríður Aðalsteinsdóttir er hér einnig fulltrúi Noregs, en þar er hún búsett eftir því sem mér skilst. Frá Íslandi Kristín Reynisdóttir og Guðjón Ketilsson, Roxane Permar og Barbara Ridland frá Hjaltlandseyjum. Listaverkin taka mið af verkefninu en eru þó mjög ólík innbyrðis, unnin í mismunandi miðla og vinna með ólíka þætti hefðarinnar. Mynstur, verkfæri, byggingarlist, vefnaður, efniviður; þessir þættir birtast á mismunandi máta í fjölbreyttum verkum.

Um allnokkurt skeið hafa þjóðlegar hefðir og handverk átt upp á pallborðið hjá listamönnum og sýnt sig að vera frjór jarðvegur nýrra listaverka. Nú um stundir er framtíð handverksins sérlega áleitin spurning hér á landi. Afstaða Listaháskólans er mikilvægur þáttur, sýn hans á handverkið leikur hér stórt hlutverk. Er handverkið frjósamur jarðvegur eða farvegur nytjalistar sem á betur heima annars staðar? Og hvar á þá nytjalistin heima? Myndlistarskóli Reykjavíkur hefur að einhverju leyti boðið upp á kennslu í handverki, en ég held að löngu sé kominn tími til að móta markvissa stefnu í þessum efnum.

Handverkið er ríkur þáttur í menningararfinum. Í fróðlegri bók sem fylgir sýningunni kemur fram að listamönnunum kom á óvart hversu mikil tengslin voru, hvað arfleifðin var sameiginleg og nálæg. Hér er líka minnt á mikilvægi þess að halda handverkinu á staðnum, en það færist sífellt í vöxt að selja vinnuna úr landi, láta til dæmis prjóna peysur í löndum þar sem vinnuaflið er ódýrara. Listaverkin eru ekki eini afrakstur verkefnisins, heldur má ætla að hér hafi komist á tengsl milli listamanna og listastofnana sem búið er að í framtíðinni. Sýningin í Norræna húsinu er ágæt áminning um ríkidóm menningararfsins og skemmtileg heim að sækja.

Ragna Sigurðardóttir

**Hnotskurn:** Skemmtileg sýning sem minnir á tengsl eyjanna í Norður-Atlantshafi. Handverk og hefðir eru frjósamur jarðvegur fjölbreyttra samtímalistaverka. Fróðleg bók fylgir sýningunni.

# ALLT FYRIR UNGBARNIÐ



Keel bangsi
verð frá
1.499kr

Handklæði
m. hettu
1.999kr

Samfella
langerma
1.299kr

Strigaskór
1.699kr

Húfa
799kr

Avent snuð
verð frá
995kr

Samfellur
langerma
3 í pakka
1.999kr

Buxur
m. sokkum
1.299kr

Samfella
stutterma
799kr

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð








**71 LEIKARINN** Chuck Norris hélt upp á afmæli sitt í gær og er kappinn nú á áttræðisaldri.

# Meðlimir Hurts snúa aftur í partíbæinn Reykjavík

**Hljómsveitin Hurts spilar í annað sinn á Íslandi í Vodafone-höllinni 20. mars. Adam Anderson, gítar- og hljómborðsleikari Hurts, getur ekki beðið eftir því að koma aftur til Íslands.**



**AFTUR TIL ÍSLANDS** Adam Anderson (til hægri) og Theo Hutchcraft á rauða dreglinum fyrir skömmu. Þeir spila í Vodafone-höllinni 20. mars. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska hljómsveitin Hurts, með söngvarann Theo Hutchcraft og Adam Anderson í fararbroddi, spilar á öðrum tónleikum sínum á Íslandi á skömmum tíma þegar hún stígur á svið í Vodafone-höllinni sunnudaginn 20. mars. Síðast spiluðu þeir félagar á Iceland Airwaves í haust við mjög góðar undirtektir og töldu margir tónleikana vera einn af hápunktum hátíðarinnar.

Hurts hefur verið á tónleikaferð um Evrópu að undanförnu og verða tónleikarnir í Reykjavík þeir síðustu á ferðalaginu. „Við erum virkilega spenntir. Síðast þegar við komum til Íslands skemmtum við okkur mjög vel og ég man að tónleikarnir voru klikkaðir,“ segir Anderson í viðtali við Fréttablaðið. „Þetta eru einir bestu tónleikar sem við höfum haldið og við getum ekki beðið eftir að koma aftur til Íslands. Við elskum þetta land.“

Hurts er að fylgja eftir sinni fyrstu plötu, Happiness, sem komst ofarlega á vinsældarlista víða um heim, þar á meðal í Þýskalandi þar sem stærsti aðdáendahópur hljómsveitarinnar er. „Það er alltaf uppselt á tónleikana okkar í Þýskalandi og áhorfendurnir eru alltaf frábærir. Okkur finnst eins og við séum að koma heim þegar við komum hingað,“ segir Anderson, sem var einmitt staddur í Þýskalandi þegar Fréttablaðið ræddi við hann.

### Eins og önnur pláneta

Hurts var á dögunum valin nýliði ársins af breska tónlistartímaritinu NME og spiluðu þeir félagar vinsælasta lagið sitt, Wonderful Life, á verðlaunahátíðinni fyrir framan stjörnur á borð við Dave Grohl og Jarvis Cocker. „Það voru mikil forréttindi að vinna þessi verðlaun. Við ólumst upp við að lesa tímaritið og NME sýndi mikið hugrekki með því að velja okkur því við erum í rauninni poppsveit.“

Skömmu áður en Hurts spilaði á Airwaves í haust tók sveitin upp myndband hér á landi við lagið Stay. „Við keyrðum upp í sveit og fengum að sjá aðra hlið af Íslandi sem er ótrúlega flott. Þetta var eins og að vera á annarri plánetu því umhverfið var svo allt öðruvísi en þar sem ég ólst upp,“ segir Anderson. „Svo nutum við þeirra forréttinda að fara í miðbæ Reykjavíkur á föstudagskvöldinu. Þá áttuðum við okkur á því hversu mikill partíbær Reykjavík er. Þannig að við upplifðum það besta úr báðum heimum. Þetta er bæði skrítinn og yndislegur staður.“

### Fótbrotnaði í myndbandi

Anna Þóra Alfreðsdóttir, fyrirsæta hjá Eskimó og tannlæknanemi, lék á móti Theo Hutchcraft í myndbandinu við Stay og einnig í öðru myndbandi við jólalagið All I Want for Christmas Is New Year's Day, sem var tekið upp í London. „Þegar við tókum myndbandið upp [við Stay] fótbrotnaði hún á tökustaðnum og það var mikil dramatík í kringum það og ég man að hún var mjög hugrökk. Hún sat í bíl í þrjá tíma á leiðinni á sjúkrahús og þetta var allt mjög dramatískt,“ greinir Anderson frá. „Til að sýna að okkur þætti þetta leitt og sem þakklætisvott buðum við henni í jólamyndbandið okkar,“ segir hann og telur ágætar líkur á því að Hurts eigi eftir að vinna aftur með Önnu Þóru.

> „Við keyrðum upp í sveit og fengum að sjá aðra hlið af Íslandi sem er ótrúlega flott. Þetta var eins og að vera á annarri plánetu því umhverfið var svo allt öðruvísi en þar sem ég ólst upp.
>
> ADAM ANDERSON
> GÍTAR- OG HLJÓMBORÐSLEIKARI HURTS

Fram undan hjá Hurts er spilamennska í sumar á tónlistarhátíðum á borð við Isle of Wight, T in the Park og V Festival sem eru allar í Bretlandi. „Það er gaman að spila fyrir áhorfendur á svona hátíðum. Við þurfum oft á tíðum að vinna þá yfir á okkar band því þeir eru ekki endilega komnir til að sjá okkur. Það er mikil áskorun og þetta er gott tækifæri til að fá inn nýja aðdáendur,“ segir Anderson.

### Skoða næturlífið

Spurður hvort einhver ný lög hafi fæðst að undanförnu segir hann: „Þegar við gerðum fyrstu plötuna vorum við tveir saman í svörtu herbergi og störðum hvor á annan í hálft ár þangað til eitthvað gerðist loksins. Að vera í rútu á tónleikaferð er ekki rétta umhverfið fyrir lagasmíðar. Við ætlum að bíða til loka þessa árs og fara þá aftur í svarta herbergið.“

Anderson vonast til að dvelja á Íslandi eins lengi og kostur er vegna tónleikanna í Vodafone-höllinni. „Við viljum pottþétt skoða næturlífið í Reykjavík aftur og vonandi getum við farið tvisvar sinnum.“

Hljómsveitirnar Retro Stefson og Dikta sjá um að hita mannskapinn upp og Adamson hvetur Íslendinga til að láta sjá sig. „Þetta verður mjög sérstakt kvöld, ég get lofað því.“

Enn eru til miðar á tónleikana og fást þeir á Midi.is.

freyr@frettabladid.is

# Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

# Outlet

## Tilboðsdagar

### Nokkur verð

1000 2000 3000
4000 5000 6000
7000 8000...

## Frá og með 4.-15. mars

Andersen & Lauth Outlet, Laugavegi 86-94

# Drekkur ótæpilega

Söngkonan Christina Aguilera er að sögn vina mjög þung í sinni eftir skilnaðinn við eiginmann sinn, Jordan Bratman, og drekkur ótæpilega til að komast hjá því að takast á við vandann.

Samkvæmt tímaritinu Star hefur Aguilera tapað sjálfsöryggi sínu í kjölfar skilnaðarins og leitar huggunar í mat og áfengi. „Hún verður mjög sorgmædd þegar allar minningarnar streyma yfir hana. Hún lifir í afneitun og drekkur of mikið. Svo borðar hún pitsur, franskar kartöflur og annan fitandi mat í þynnkunni,“ var haft eftir vini söngkonunnar, sem hefur miklar áhyggjur af heilsufari hennar.



**SORGMÆDD** Christina Aguilera er sorgmædd eftir skilnaðinn við eiginmann sinn og drekkur ótæpilega. NORDICPHOTOS/GETTY

# Spider-Man frestað á ný

**Spider-Man söngleiknum sem átti að frumsýna á Brodway 15. mars hefur enn og aftur verið frestað. Núna er fyrirhugað að hann verði settur á fjalirnar í sumar. Leikstjórinn Julie Taymore hefur einnig yfirgefið verkefnið, sem hefur þegar kostað 65 milljónir dala í framleiðslu, eða um sjö og hálfan milljarð króna. Frestunin gerði það að verkum að Taymore hefur ekki tíma til að starfa lengur við söngleikinn og breyta því sem þarf að breyta. Bono og The Edge, sem semja tónlistina, hafa einnig tilkynnt að þeir ætli að semja tvö ný lög fyrir söngleikinn.**

# SÚ BESTA Í BRANSANUM

**Rachel Zoe þykir besti stílistinn í Hollywood um þessar mundir. Hún segir að ástæða velgengninnar sé að hún sé heltekin af starfinu.**

Vikuritið Hollywood Reporter taldi saman 25 valdamestu stílista Hollywood um þessar mundir og í efsta sæti trónir stjörnustílistinn Rachel Zoe. Hún hefur meðal annars unnið með Nicole Richie, Lindsay Lohan og er núverandi stílisti leikkvenna á borð við Anne Hathaway, Jennifer Garner og Cameron Diaz.

Í viðtali við vikuritið segist Zoe hafa unnið langa vinnudaga og að hún hafi verið heltekin af tískubransanum. „Ég vann alla daga vikunnar. Ég var algjörlega heltekin af tískuiðnaðinum og eyddi öllu mínu fé í flugmiða á tískuvikuna í París. Ég svindlaði mér inn á sýningar og beið í röð eftir því að fá að sjá Marc Jacobs. Fatahönnuðir voru mínar hetjur og mínar fyrirmyndir. Það hefur í raun ekkert breyst,“ sagði Zoe, sem hefur með þrotlausri vinnu skapað sér sess sem einn þekktasti stílisti heims.

Fast á hæla Zoe kom stílistinn Kate Young, sem hefur séð um að klæða Óskarsverðlaunahafann Natalie Portman. Þriðja sætið vermdi Petra Flannery, sem starfar sem stílisti Zoe Saldana og Emmu Stone. Á eftir henni kom Jen Rade, sem á heiðurinn að klæðaburði Angelinu Jolie og söngkvennanna Pink og Cher.



**BEST AF ÖLLUM** Stílistinn Rachel Zoe hefur verið valin valdamesti stílistinn í Hollywood. Á meðal viðskiptavina Zoe eru leikkonurnar Jennifer Garner, Cameron Diaz og Anne Hathaway. NORDICPHOTOS/GETTY

Ástæðan fyrir því að Rade situr svo hátt á listanum er líklega sú að konurnar sem hún klæðir eru á meðal þeirra kvenna sem mest eru myndaðar á rauða dreglinum því þessar konur eru sjaldan taldar sérstaklega smekklegar þegar kemur að klæðavali.

# Olsen á lausu

Leikkonan og tískumógúllinn Ashley Olsen er hætt með kærasta sínum til tveggja ára, Hangover-leikaranum Justin Bartha.

Tímaritið People greinir frá því að parið hafi ákveðið að slíta sambandi sínu og halda hvort sína leið. Olsen hefur lítið viljað ræða sambandið við fjölmiðla en viðurkenndi eitt sinn að hún flygi til Los Angeles einu sinni í mánuði til þess að geta eytt tíma með Bartha og gæti þessi mikla vegalengd hafa verið það sem reið sambandinu til fulls.



**Á LAUSU** Ashley Olsen er laus og liðug eftir að hún hætti með leikaranum Justin Bartha.

# Óskar Lohan hins besta

**Hótelerfinginn Paris Hilton hefur tekið lífinu með ró undanfarna mánuði og eytt tíma í faðmi kærasta síns frekar en að stunda næturlífið.**

**Í nýlegu viðtali var hún spurð út í gömlu vinkonu sína, leikkonuna Lindsay Lohan, og sagðist Hilton aðeins óska henni alls hins besta. „Lindsay er góð manneskja og ég vona að hún geti snúið lífi sínu við. Við höfum ekki verið í sambandi undanfarið vegna þess að við höfum haldið hvor í sína áttina, en ég óska henni alls hins besta.“**




TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| THE WAY BACK | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:30 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 5:40 | VIP |
| THE KING´S SPEECH | kl. 3 - 5:30 - 8 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE KING'S SPEECH | kl. 5:40 | L |
| THE WAY BACK | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| RANGO-3D ísl Tal | kl. 3.20 - 5.30 | L |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 10.30 | 12 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |
| TRUE GRIT | kl. 10.20 | 16 |
| JÓGI BJÖRN-3D ísl Tal | kl. 3.20 | L |
| GEIMAPAR 2-3D ísl Tal | kl. 3.20 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE WAY BACK Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| GEIMAPARNIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BATTLE: LOS ANGELES LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THE ROOMMATE | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10.30 | 16 |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE ROMANTICS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 5.40 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 8 - 10.30 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 10.30 | L |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.15* KRAFTSÝNING | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 6 - 8 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
Ath: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíó
AUKAKRÓNUR 5%

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | 8 og 10.20(POWER) |
| RANGO - ENS TAL | 3.40, 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 3.40 og 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 4, 6, 8 og 10 |

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ROKLAND | 17:40, 22:40 |
| THE FIGHTER (14) | 17:50, 20:10, 22:10 |
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 20:10, 22:10 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:50 |
| INSIDE JOB | 22:40 |
| JAPAN: ALWAYS SUNSET ON THIRD STREET 2 | 20:00 |




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS




~~15.990,-~~ 7.990,-




~~2.490,-~~ 1.790,-




~~4.790,-~~ 2.390,-

# Aðeins 3 dagar eftir!







~~14.990,-~~ 4.990,-




~~3.990,-~~ 1.990,-




~~3.990,-~~ 1.990,-




~~5.680,-~~ 2.840,-

DYNAMO REYKJAVÍK




~~5.980,-~~ 2.980,-



~~3.590,-~~ 1.900,-




~~3.980,-~~ 990,-




~~5.990,-~~ 2.490,-




~~4.990,-~~ 2.490,-




~~2.490,-~~ 1.290,-




~~4.490,-~~ 1.490,-



Opið frá kl. 10 – 18

**Nú fer hver að verða síðastur!**

# sport

sport@frettabladid.is



**JÓN ARNÓR STEFÁNSSON** skoraði 21 stig á 27 mínútum þegar Granada vann 74-54 sigur á Menorca í spænska körfuboltanum en þetta er það mesta sem hann hefur skorað í leik á tímabilinu. Jón Arnór hefur nú náð þeim árangri að hækka stigaskor sitt í fjórum leikjum í röð, eða í öllum leikjum síðan hann sneri aftur eftir hnémeiðslin. Jón Arnór skoraði 3 stig í fyrsta leiknum en fylgdi því eftir með því að skora 8, 12 og 17 stig í næstu þremur leikjum á eftir.

## Liverpool og Man. City töpuðu bæði



**FÓTBOLTI** Liverpool og Manchester City töpuðu bæði í fyrri leik sínum í sextán liða úrslitum Evrópudeildarinnar í gærkvöldi. Liverpool tapaði 0-1 á móti portúgalska liðinu Braga en Manchester City er í enn verri málum eftir 0-2 tap á móti úkraínska liðinu Dynamo Kiev í Kænugarði.

Portúgalska skoraði sigurmark sitt eftir 18 mínútna leik þegar Grikkinn Sotirios Kyrgiakos felldi Brasilíumanninn Mossoró innan teigs og annar Brasilíumaður, Alan, skoraði af öryggi úr vítinu.

„Við byrjuðum leikinn ekki vel og við vorum skelfilegir fyrstu 35 mínúturnar,“ sagði Kenny Dalglish, stjóri Liverpool. „Strákarnir náðu aðeins að laga sinn leik í seinni hálfleik og ég tel að við eigum enn ágæta möguleika þrátt fyrir 0-1 tap,“ sagði Dalglish.

Andrei Shevchenko, fyrrverandi leikmaður Chelsea, skoraði fyrra markið á 25. mínútu leiksins og Oleg Gusev innsiglaði síðan sigurinn þrettán mínútum fyrir leikslok. **- óój**


**Bílgreinasambandið**

**Aðalfundur BGS 2011**
**verður haldinn á GRAND Hóteli við Sigtún föstudaginn 25. mars kl. 15:00**
**Salur:** Háteigur A

**Kl. 15:00 – 15:30** **Setning fundar**
**Erindi:** BGS í nútíð og framtíð
*Sverrir V. Hauksson formaður BGS.*
**Kl. 15:30 – 16:00** **Erindi:** Þróun umferðaröryggis í Evrópu
*Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri FÍB.*
**Kl. 16:00 – 17:00** **Venjuleg aðalfundarstörf**
*Dagskrá skv. 8. gr. laga BGS*
1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar skýrðir og bornir upp til samþykktar.
3. Kosning formanns.
4. Kosning stjórnar.
5. Önnur mál.

**Stjórn BGS**



SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

**Auglýsing um úthlutun aflaheimilda til áframeldis á þorski á fiskveiðiárinu 2011/2012.**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra auglýsir eftir umsóknum um úthlutun aflaheimilda til áframeldis á þorski, sbr. reglugerð nr. 736/2009, um úthlutun aflaheimilda í þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess.

Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 31. mars 2011.

Umsóknum skal skila til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík og einnig skal senda umsóknir með rafrænum hætti á netfangið postur@slr.stjr.is.
Umsóknir skulu merktar sem „Þorskeldiskvóti“.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.*


# Tilbúnir í úrslitakeppnina

**Þeir sem mættu í Toyota-sláturhúsið í gær með þær vonir að fá spennandi körfuboltaleik urðu fyrir vonbrigðum. Keflavík vann Grindavík 86-71.**

**KÖRFUBOLTI** Það reyndi ekki mikið á taugarnar á Guðjóni Skúlasyni, þjálfara Keflavíkur, þegar hans menn fóru létt með grannana frá Grindavík í gær. Keflvíkingar unnu fimmtán stiga sigur sem aldrei var í hættu.

„Við höfum farið í síðustu tvo leiki eins og þeir séu úrslitaleikir,“ sagði Guðjón eftir leik. „Það er gott að koma inn í úrslitin með sigur á bakinu. Ef við erum tilbúnir þurfum við ekki að hafa áhyggjur af neinum öðrum.“ Hann er ánægður með vörnina enda gott að halda Grindvíkingum í 72 stigum. „Við sýndum mikla skynsemi. Það eina sem ég get sett út á er að við hefðum mátt frákasta betur. Ég viðurkenni að ég bjóst við þessum leik öðruvísi. Ég bjóst við leiknum í hörku fram á síðustu mínútu en þeir voru í miklum vandræðum með nokkra hluti og við nýttum okkur það,“ sagði Guðjón.

Keflvíkingar komu miklum mun ákveðnari til leiks og áhorfendur voru enn að koma sér almennilega fyrir í sætum sínum þegar munurinn var orðinn tíu stig. Heimamenn höfðu 20 stigum yfir í hálfleik, 50-30.

Þeir hleyptu Grindvíkingum ekkert nálægt sér og fögnuðu fremur fyrirhafnarlitlum sigri. Margir lykilmenn Grindvíkinga höfðu ansi hægt um sig í gær.

„Við mættum ekki tilbúnir í leikinn og þeir voru að berjast meira en við. Við létum þá ýta okkur of mikið,“ sagði Ólafur Ólafsson, leikmaður Grindvíkinga. „Við vorum ekki að spila okkar leik og vorum í erfiðleikum, við töpuðum þessum leik í fyrri hálfleik.“ Hann segir erfiðlega hafa gengið að fá upp stemningu. „Við náðum ekki að rífa okkur upp þrátt fyrir að hafa reynt það. Ég held að munurinn hafi bara verið of mikill. Nú þurfum við bara að gíra okkur upp fyrir úrslitakeppnina.“ Helgi Jónas Guðfinnsson, spilandi þjálfari Grindavíkur, meiddist í leiknum í gær. „Leikstjórnandamálin eru að versna hjá okkur. Það er mikið af spurningarmerkjum en við þurfum að standa saman, taka boltann sjálfir og gera það með reisn,“ sagði Ólafur.

Keflvíkingar enduðu því í þriðja sæti deildarinnar en Grindavík í fjórða sæti. Keflavík mun mæta ÍR-ingum í fyrstu umferð úrslitakeppninnar á meðan Grindvíkingar etja kappi við Stjörnumenn.

Tvær hörkurimmur og má búast við æsispennandi úrslitakeppni fram undan.

**elvargeir@frettabladid.is**



**ÖFLUGUR Í GÆR** Keflvíkingurinn Sigurður Gunnar Þorsteinsson fór mikinn á móti Grindavík og var með 25 stig á 26 mínútum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Þessi lið mætast í úrslitakeppninni í ár**

**Snæfell - Haukar**
**KR - Njarðvík**
**Keflavík - ÍR**
**Grindavík - Stjarnan**

## ÚRSLIT Í GÆR

*Iceland Express deild karla*

**Keflavík-Grindavík 86-71 (50-30)**
**Stig Keflavíkur:** Sigurður Gunnar Þorsteinss. 25, Magnús Þór Gunnarsson 17, Halldór Halldórsson 13, Hörður Axel Vilhjálmsson 12, Andrija Ciric 9, Gunnar Einarsson 8, Þröstur Leó Jóhannsson 2.
**Stig Grindavíkur:** Ólafur Ólafsson 15, Páll Axel Vilbergsson 12, Ármann Vilbergsson 12, Mladen Soskic 10, Helgi Björn Einarsson 8, Ómar Örn Sævarsson 7, Ryan Pettinella 5, Nick Bradford 2.

**KR-Snæfell 116-93 (51-47)**
**Stig KR:** Marcus Walker 27, Finnur Atli Magnússon 18, Pavel Ermolinskij 15, Ágúst Angantýsson 14, Hreggviður Magnússon 13, Brynjar Þór Björnsson 11, Ólafur Ægisson 8, Jón Orri Kristjánsson 5, Skarphéðinn Ingason 5.
**Stig Snæfells:** Pálmi Freyr Sigurgeirsson 15, Jón Ólafur Jónsson 14, Sean Burton 13, Ryan Amaroso 12, Zeljko Bojovic 12, Emil Þór Jóhannsson 11, Atli Rafn Hreinsson 7, Sveinn Davíðsson 4, Egill Egilsson 3, Daníel Kazmi 2.

**Haukar-KFÍ 88-68 (39-38)**
**Stigahæstir:** Gerald Robinson 25 (15 frák,), Örn Sigurðarson 20, Semaj Inge 15 (10 frák.) - Pance Ilievski 26, Richard McNutt 13 (10 frák.).

**Fjölnir-ÍR 96-92 (40-43)**
**Stigahæstir:**Brandon Brown 32, Magni Hafsteinsson 17, Tómas Heiðar Tómasson 15, Jón Sverrisson 13, Ægir Þór Steinarsson 12 (9 frák./7 stoðs./5 stolnir) - Nemanja Sovic 23, Kelly Biedler 23 (17 frák.), James Bartolotta 19.

**Njarðvík-Tindastóll 96-84 (53-42)**
**Stigahæstir:**Guðmundur Jónsson 18, Melzie Jonathan Moore 16, Nenad Tomasevic 15, Brenton Joe Birmingham 14, Jóhann Árni Ólafsson 11 - Hayward Fain 23 (13 frák.), Sean Kingsley Cunningham 18, Friðrik Hreinsson 15, Svavar Atli Birgisson 11.

**Hamar-Stjarnan 74-65 (44-42)**
**Stigahæstir:**Darri Hilmarsson 22, Ellert Arnarson 16 (9 stoðs./6 stolnir), Svavar Páll Pálsson 14, Snorri Þorvaldsson 12 - Renato Lindmets 12, Fannar Freyr Helgason 11, Kjartan Atli Kjartansson 11.

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **22** | **17** | **5** | **2105-1966** | **34** |
| KR | 22 | 16 | 6 | 2158-1926 | 32 |
| **Keflavík** | **22** | **16** | **6** | **2095-1910** | **32** |
| Grindavík | 22 | 15 | 7 | 1849-1765 | 30 |
| **Stjarnan** | **22** | **12** | **10** | **1878-1870** | **24** |
| ÍR | 22 | 10 | 12 | 2021-2014 | 20 |
| **Njarðvík** | **22** | **10** | **12** | **1820-1872** | **20** |
| Haukar | 22 | 9 | 13 | 1842-1959 | 18 |
| **Fjölnir** | **22** | **8** | **14** | **1944-2027** | **16** |
| Tindastóll | 22 | 7 | 15 | 1777-1876 | 14 |
| **Hamar** | **22** | **7** | **15** | **1748-1850** | **14** |
| KFÍ | 22 | 5 | 17 | 1885-2087 | 10 |

KR tryggði sér annað sætið með 116-93 sigri á Snæfelli í DHL-höllinni:

# KR-ingar skelltu meisturunum

**KÖRFUBOLTI** KR vann frábæran sigur á nýkrýndum deildarmeisturum Snæfells í lokaumferð Iceland Express deildar karla í gærkvöldi, 116-93.

KR-ingar höfðu tapað tveimur leikjum í röð eftir að fyrirliðinn Fannar Ólafsson meiddist en það var allt annað að sjá til liðsins í leiknum í DHL-höllinni í gær.

Jafnræði var með liðunum framan af leik en í þriðja leikhluta skildu leiðir og KR fór á kostum. Snæfellingar urðu reyndar fyrir áfalli þegar Ryan Amaroso varð að fara af vell undir lok fyrri hálfleiks og kom ekki meira við sögu í leiknum. Með sigrinum tryggði KR sér annað sætið í deildinni og mætir Njarðvík í átta liða úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn.

„Þessi sigur var mjög mikilvægur upp á sjálfstraustið og andann í liðinu. Það hefði verið mjög slæmt fyrir okkur að fara inn í úrslitakeppnina með þrjú töp í röð á bakinu. Við erum að senda skilaboð með þessum sigri og það verður ekki gaman að mæta okkur í úrslitakeppninni,“ sagði Pavel Ermolinskij, sem skoraði 15 stig í gærkvöldi. Marcus Walker var stigahæstur hjá KR með 27 stig.

Jón Ólafur Jónsson, liðsmaður Snæfells, var langt frá því að vera sáttur við spilamennsku liðsins. „Það skorti alla baráttu í okkur og varnarlega vorum við gjörsamlega hörmulegir. Ég held að þetta muni samt ekki hafa mikil áhrif á okkur. Við munum hversu gaman það var að verða Íslandsmeistarar í fyrra og erum alveg tilbúnir að endurtaka það.“ **- jjk**



**MARCUS WALKER** Átti enn einn stórleikinn með KR-liðinu í sigrinum á Snæfelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


skemmtilegri
SPENNAN MAGNAST Í MARS
HAMINGJAN SANNA
glee
American Idol
how i met your mother
THE EVENT
GREY'S ANATOMY
BONES
PRESSA
HEFST 20. MARS
BARNASTÖÐIN
JimJam
FYLGIR FRÍTT MEÐ STÖÐ 2 Í MARS
VILD
allt fyrir áskrifendur
ÞÚ SAFNAR PUNKTUM Á MEÐAN ÞÚ HORFIR!
Fyrir 229 krónur færð þú:
TERTUSNEIÐ Í BAKARÍI
EÐA
6 MÍNÚTUR Í KEILU
EÐA
EINN BARNAÍS
EÐA
VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU
EÐA
FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Adam Sandler

„Ég er ekki mikið fyrir að vera meðal almennings. Ég fer ekki mikið á skemmtistaði. Ég er ekki alltaf að gera eitthvað eins og allt fræga fólkið.“

***Adam Sandler fer á kostum í létt-geggjaðri gamanmynd sem fjallar um grjótharðan ísraelskan leyniþjónustumann sem sviðsetur dauða sinn og reynir að hefja nýtt líf sem hárgreiðslumaður í kvikmyndinni You Don't Mess with the Zohan, en hún er á Stöð 2 Bíó kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR RIFJAR UPP GÖMUL KYNNI

# Gamlar vinkonur endurheimtar

Þegar þættirnir Sex & the City hófu göngu sína fyrir nokkrum árum fannst mér þeir æðislega skemmtilegir. Ég fylgdist hugfangin með endalausri leit vinkvennanna fjögurra að hamingjunni og missti varla úr þátt. Söguþráðurinn var ekkert endilega innihaldsríkur eða þrunginn spennu en mér var alveg sama, fannst það ekkert gera til. Ég gat gleymt mér í umgjörðinni allri, götum New York-borgar, fötunum sem þær klæddust, hárgreiðslu, innanstokksmunum og jafnvel mat.

Áhrifin frá ungfrú Holly Golightly og Breakfast at Tiffany's leyndu sér ekki en sú mynd finnst mér líka æðislega skemmtileg fyrir sömu sakir, New York, perlufestar, flott föt og sólgleraugu.



Bíómyndirnar tvær sem gerðar voru í framhaldi af þáttunum Sex & the City slógu mig því út af laginu því í þær vantaði mikilvægan þátt að mínu mati, borgina New York. Myndirnar innihalda auðvitað ennþá tilfinningaflækjur þeirra vinkvenna, flott föt og fallegt hár en þær gerast einhvers staðar allt annars staðar. Ég gaf því Sex & the City upp á bátinn og fór ekki einu sinni á númer tvö.

En í gær sá ég svo fyrir tilviljun einn gamlan þátt því þeir eru víst endursýndir á Stöð tvö. Ég ætlaði bara að slökkva og fara að sofa, ég væri vaxin upp úr svona og kæmi ekki vesen og vandræðagangur vinkvennanna ekki við. Ég sat þó sem límd og horfði á Carrie og co. sveiflast um götur New York í pinnahælum og pilsum. Ég varð aftur hugfangin og fannst ég hafa endurheimt gamlar vinkonur.

### SJÓNVARPIÐ

**17.20 Kallakaffi** (2:12)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Otrabörnin** (12:26)
**18.22 Pálína** (7:28)
**18.30 Hanna Montana** Leiknir þættir um unglingstúlku sem lifir tvöföldu lífi sem poppstjarna og skólastúlka sem reynir að láta ekki frægðina hafa áhrif á líf sitt.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Árborg og Norðurþing eigast við í átta liða úrslitum.
**21.15 Samþykktur** Bandarísk bíómynd frá 2006. Slugsari sem hvergi fær skólavist stofnar sitt eigið menntasetur í niðurníddu húsi nálægt heimabæ sínum. Leikstjóri er Steve Pink og meðal leikenda eru Justin Long, Jonah Hill og Blake Lively.
**22.50 Wallander - Burðardýr** Sænsk sakamálamynd frá 2006. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.25 Krukkuhaus** Bandarísk bíómynd frá 2005 byggð á metsölubók eftir landgönguliðann Anthony Swofford um reynslu hans af stríðinu í Kúvæt. Leikstjóri er Sam Mendes og meðal leikenda eru Jake Gyllenhaal, Scott MacDonald, Peter Sarsgaard og Jamie Foxx. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**06.20 You Don't Mess with the Zohan**
**08.10 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**10.00 The Lost World: Jurassic Park**
**12.05 Marley & Me**
**14.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**16.00 The Lost World: Jurassic Park**
**18.05 Marley & Me**
**20.00 You Don't Mess with the Zohan**
**22.00 The Silence of the Lambs**
**00.00 Twelve Monkeys**
**02.05 Fracture**
**04.00 The Silence of the Lambs**
**06.00 The Darwin Awards**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Elías**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 'Til Death** (8:15)
**11.25 Auddi og Sveppi**
**11.50 Mercy** (21:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (3:24)
**13.25 My Best Friend's Wedding**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar**
**17.53 The Simpsons** (8:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
**19.50 Logi í beinni** Í vetur hefur fjöldinn allur af landsþekktum leikurum, söngvurum og valinkunnu fólki komið í heimsókn til Loga.
**20.35 American Idol** (16:45) Níu sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn um allan heim og mun fleiri keppendur eru orðnir heimsfrægir söngvarar og leikarar.
**22.00 American Idol** (17:45)
**22.45 Meet the Spartans** Kostuleg gamanmynd frá höfundum Scary Movie, Date Movie og Epic Movie þar sem gert er grín að stórmyndinni 300 sem og öðrum vinsælum bíómyndum.
**00.10 Shutter** Dularfull hrollvekja um ungan ljósmyndara og kærustuna hans sem uppgötva undarlega skugga í ljósmyndunum sínum.
**01.35 The Proposal**
**03.20 My Best Friend's Wedding**
**05.00 'Til Death** (8:15)
**05.20 Frasier** (3:24)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Braga - Liverpool**
**16.50 Dynamo Kyiv - Man. City** Útsending frá leik Dynamo Kyiv og Manchester City í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**18.35 Evrópudeildarmörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**19.30 FA bikarinn - upphitun** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í FA bikarkeppninni.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**21.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**21.50 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mættast allir bestu spilarar heims.
**22.40 NBA körfuboltinn: Miami - Chicago** Útsending frá leik Miami Heat og Chicago Bulls í NBA deildinni.

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.15 Sunnudagsmessan**
**16.30 Arsenal - Sunderland**
**18.15 Fulham - Blackburn** Útsending frá leik Fulham og Blackburn Rovers í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**20.30 PL Classic Matches: Arsenal - Man United, 1998**
**21.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**21.30 Zidane** Í þessum mögnuðu þáttum er fjallað um nokkra af bestu knattspyrnumönnum samtímans og að þessu sinni verður fjallað um Zidane, fyrrum leikmann Real Madrid og Juventus og franska landsliðsins.
**22.00 PL Classic Matches: Newcastle - Leicester, 1996**
**22.30 Bolton - Aston Villa**

### SKJÁREINN

**07.30 Game Tíví** (7:14)
**08.00 Dr. Phil** (131:175)
**14.15 Samfés 2011**
**17.15 Dr. Phil** (132:175)
**18.00 Survivor** (14:16)
**18.45 How To Look Good Naked** (4:12)
**19.35 America's Funniest Home Videos** (6:50)
**20.00 Will & Grace** (5:24)
**20.25 Got to Dance** (10:15) Got to Dance er raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín á milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**21.15 HA?** (8:12) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi.
**22.05 The Bachelorette** (9:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi 25 myndarlegra piparsveina.
**23.35 Makalaus** (2:10)
**00.05 30 Rock** (14:22)
**00.30 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret** (4:6)
**00.35 Dr. Phil** (129:175)
**00.55 A Broken Life**
**02.30 Whose Line Is It Anyway?** (27:39)
**02.55 Saturday Night Live** (9:22)
**03.50 Will & Grace** (5:24)
**04.10 Jay Leno** (208:260)
**04.55 Jay Leno** (209:260)

### SKJÁRGOLF

**07.05 World Golf Championship 2011**
**10.50 Golfing World** (39:240)
**11.40 PGA Tour - Highlights** (9:45)
**16.50 Champions Tour - Highlights**
**17.45 Inside the PGA Tour** (10:42)
**18.10 Golfing World** (40:240)
**19.00 World Golf Championship 2011 - Dagur 2 - BEINT** (2:4)
**23.00 Golfing World** (40:240)
**23.50 ESPN America**
**00.10 Golfing World** (39:240)

### 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Frábær spjallþáttur framleiddur af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur
**20.15 Smallville** (17:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS** (5:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
**22.35 Fringe** (5:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**23.20 Life on Mars** (13:17)
**00.05 Smallville** (17:22)
**00.50 Auddi og Sveppi**
**01.30 The Doctors**
**02.10 Fréttir Stöðvar 2**
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.
**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Ævintýraboxið** Stefán Drengsson og félagar.
**21.30 Punkturinn** Ærsli og ólátabelgir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




„Þessi leiksýning hefur allt sem þarf til að skapa vel heppnað og eftirminnilegt leikverk.“
I.Þ., Mbl.
AUKASÝNINGAR Í MAÍ VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
fim. 12/5 kl. 20 - lau. 21/5 kl. 20 - fös. 27/5 kl. 20
VesturPort | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.35**

### American Idol



Það eru þrettán keppendur eftir og þeir verða að standa sig í hverri viku til að fá að halda áfram. Í seinni þætti kvöldsins mætir Idol-stjarnan Adam Lambert og tekur lagið og einnig mun Diddy-Dirty Money stíga á svið með Skylar Grey.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Leikritakvöld útvarpsins: Browning þýðingin **23.35** Til allra átta **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**13.15** Whose Line Is It Anyway? **13.40** Deal or No Deal **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** My Family **20.00** How Not to Live Your Life **20.30** Ashes to Ashes **21.20** The Office **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.40** Ashes to Ashes

### DR 1

**13.00** Vores Liv **13.30** Gintberg på kanten **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Alfons Åberg **15.30** Det kongelige spektakel **15.40** Den travle by **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** VQ - Videnskabsquiz for hele hjernen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor **20.55** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **21.40** Trapped

### NRK 1

**10.05** Glimt av Norge **10.15** V-cup alpint **12.00** NRK nyheter **12.05** V-cup kombinert **12.20** VM skiskyting **14.30** V-cup kombinert **15.00** NRK nyheter **15.10** VM skøyter enkeltdistanser **16.00** NRK nyheter **16.10** VM skøyter enkeltdistanser **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.40** Norge rundt **19.05** Popstokk **19.55** Nytt på nytt **20.30** Skavlan **21.30** Ari og Per **22.00** Kveldsnytt **22.25** Sporløst forsvunnet **23.05** Rundt og rundt med U2

### SVT 1

**08.50** Alpint: Världscupen **10.20** Alpint: Världscupen **11.40** Rapport **11.50** Alpint: Världscupen **12.45** Skidskytte-VM Khanty-Mansiysk 2011 **14.30** Freestyle: Åre **15.35** Snö - ur det vita man minns **15.50** Soptippens barn **15.55** Antikrundan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Den perfekta stormen **23.05** Veckans brott







**FÖSTUDAGSLAGIÐ**



*„Nobody's Perfect með Jessie J. Töffaralegt lag með flottri konu. Það er góð tilfinning að enda góða vinnuviku á að hlusta á hana og sigla inn í ljúfa helgina.“*

Kolbrún Pálína Helgadóttir, ritstjóri á Nýju lífi.

# Charlies syngja um sambandsslit Steinunnar

Alma, Klara og Steinunn í stúlknahljómsveitinni The Charlies birtu nýlega brot úr nýju lagi á Facebook-síðu sinni. Stúlknarnar syngja lagið, sem heitir Game Over, á lestarstöð í New York og fjallar það um ónafngreindan fyrrverandi kærasta Steinunnar.

Í laginu, sem er samið af Ölmu og strákunum í upptökuteyminu StopWaitGo, er fjallað á hispurslausan hátt um háttsemi fyrrverandi kærastans og hefst það á þeim orðum að hún trúi ekki að hann hafi verið besti vinur hennar. Þá hefst mikill reiðilestur um að hún hafi fengið nóg af hjalinu í honum og að hann hafi fengið hana til að hlæja og gráta, en framhjáhald og lygar hafi gert út af við sambandið.

Lagið fer svo á flug og textinn byrjar að fjalla um hvernig hún trúir ekki að hún hafi sóað tíma sínum í kærastann og loks biður hún hann vinsamlegast um að hætta að hringja í sig og elta sig á röndum vegna þess að sambandið er búið, endanlega.

Sem sagt, mikill *girl power*-sálmur frá stúlkunum í Charlies, sem búa nú í Los Angeles og vinna að breiðskífu sem verður gefin út af útgáfufyrirtækinu Hollywood Records. - afb



**ÁFRAM STELPUR** The Charlies fluttu kraftmikið lag á lestarstöð í New York án undirleiks og birtu myndbandið á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarfólkið **Ólöf Arnalds** og **Skúli Sverrisson** munu leika á opnunartónleikum Listahátíðar í Reykjavík í ár. Tónleikarnir verða 20. maí í vor í Hörpunni. Munu þau leika lög af nýútkomnum sólóplötum sínum en auk þess leiða saman hesta sína í nokkrum lögum. Skúli lék síðast á tónleikum hér á landi árið 2009 og voru þeir mjög vel sóttir. Ólöf hitaði nýverið upp fyrir Nick Cave og hljómsveitina Grinderman í Ástralíu. Tónlistarunnendur ættu því að fagna þessum bræðingi. - hdm



**FRÁBÆRT TÆKIFÆRI** Halldór Guðmundsson segir að um frábært tækifæri sé að ræða fyrir íslenskar bókmenntir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


LOUISIANA ELDAMENNSKA

í Perlunni 9.-13. mars




Veitingahúsið Perlan · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is


### HALLDÓR GUÐMUNDSSON: VIÐ ERUM BÝSNA MONTIN AF ÞESSU

# Tíu íslenskar bækur gefnar út hjá Amazon vestanhafs

„Við erum býsna montin af þessu,“ segir Halldór Guðmundsson, verkefnisstjóri Sögueyjunnar, sem er annað heiti á heiðursaðild Íslands að bókasýningunni í Frankfurt í haust.

Bandaríski netrisinn Amazon hefur stofnað útgáfufyrirtækið Amazon Crossing sem ætlar að gefa út tíu bækur eftir tíu íslenska höfunda í Bandaríkjunum á næsta ári. Bækurnar verða bæði prentaðar og gefnar út í Kindle-rafbókarformi. Í tilefni af bókasýningunni í Frankfurt hefur Amazon Crossing einnig ákveðið að gerast samstarfs- og styrktaraðili Sögueyjunnar á sýningunni. Þar verður útgáfuáætlun þeirra kynnt með myndarbrag.

„Þeir höfðu samband og óskuðu eftir því að vera með okkur í þessu. Þeir telja að það sé alltof lítið gefið út af þýddum bókum í Bandaríkjunum,“ segir Halldór. „Miðað við hvað þeir selja í öðrum löndum af þýðingum eru þeir sannfærðir um að markaðurinn sé mikið stærri fyrir þýðingar í Bandaríkjunum. Forlagið þeirra byrjaði í nóvember og þeir hafa ákveðið að gera verulega bragarbót hvað varðar íslenskar bókmenntir.“

Amazon Crossing, sem einbeitir sér að þýddum bókum, mun sjálft sjá um að velja íslensku bækurnar og mun það gerast á næstu mánuðum. „Þetta er að þeirra frumkvæði og í því felst heilmikið traust við okkar starf,“ segir Halldór og telur þetta afar gott tækifæri fyrir íslenska höfunda, enda er Amazon í raun stærsta bóksölufyrirtæki heims.

Bækur höfunda á borð við Halldór Laxness, Ólaf Jóhann Ólafsson, Arnald Indriðason og Yrsu Sigurðardóttur hafa verið gefnar út í Bandaríkjunum. En miðað við stærð Amazon-fyrirtækisins er ljóst að tækifæri íslenskra höfunda til að ná aukinni athygli vestanhafs er stærra en nokkru sinni fyrr. „Mér finnast þetta mjög góðar fréttir því bandaríski markaðurinn er yfirleitt mjög torsóttur,“ segir Halldór. „Með örfáum undantekningum hefur bandaríski markaðurinn að mestu verið lokaður íslenskum bókmenntum og hér með opnast því frábært tækifæri. Það að eitt forlag taki sig til og gefi út tíu bækur í einu eftir tíu mismunandi höfunda hefur aldrei gerst áður.“

freyr@frettabladid.is


# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fös 11.3. Kl. 20:00 3. sýn | U | Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn | Ö | Lau 2.4. Kl. 20:00 |
| Fös 18.3. Kl. 20:00 4. sýn | Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn | Ö | Fim 14.4. Kl. 20:00 |
| Lau 19.3. Kl. 20:00 5. sýn | Ö | Fös 1.4. Kl. 20:00 8. sýn | Ö | Lau 30.4. Kl. 20:00 |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 12.3. Kl. 19:00 | U | Fim 17.3. Kl. 19:00 | Ö | Fim 31.3. Kl. 19:00 Síð.sýn. | Ö |
| Mið 16.3. Kl. 19:00 | Ö | Lau 26.3. Kl. 19:00 | Ö | | |



**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 13.3. Kl. 14:00 | U | Sun 27.3. Kl. 14:00 | U | Sun 10.4. Kl. 14:00 | Ö |
| Sun 13.3. Kl. 17:00 | Ö | Sun 27.3. Kl. 17:00 | Ö | Sun 10.4. Kl. 17:00 | |
| Sun 20.3. Kl. 14:00 | Ö | Sun 3.4. Kl. 14:00 | Ö | Sun 17.4. Kl. 14:00 | Ö |
| Sun 20.3. Kl. 17:00 | Ö | Sun 3.4. Kl. 17:00 | Ö | Sun 17.4. Kl. 17:00 | |



**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 11.3. Kl. 20:00 | U | Sun 20.3. Kl. 20:00 | Ö | Sun 27.3. Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 13.3. Kl. 20:00 | U | Fim 24.3. Kl. 20:00 Aukas. | U | Mið 30.3. Kl. 20:00 | U |
| Lau 19.3. Kl. 20:00 | Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 | Ö | Lau 2.4. Kl. 20:00 | |



**Brák** (Kúlan)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 18.3. Kl. 20:00 | Ö | Fös 8.4. Kl. 20:00 | Ö |



**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 13.3. Kl. 13:30 | U | Sun 20.3. Kl. 13:30 | | Sun 27.3. Kl. 13:30 | Ö |
| Sun 13.3. Kl. 15:00 | Ö | Sun 20.3. Kl. 15:00 | U | Sun 27.3. Kl. 15:00 | |


# Netþrjótur þykist vera Ingibjörg Egils á Facebook

„Vonandi verður aðganginum eytt sem fyrst,“ segir fyrirsætan og framkvæmdastýran Ingibjörg Egilsdóttir.

Netþrjótur hefur tekið nafn Ingibjargar ásamt mynd af henni og stofnað aðgang á Facebook. Þrjóturinn hefur þegar bætt nokkrum stúlkum á vinalistann, en á meðal þeirra eru keppendur í Miss Universe árið 2009, en þar keppti Ingibjörg fyrir Íslands hönd. Þá hefur þrjóturinn bætt Crystal Stewart á listann, en hún var valin ungfrú Bandaríkin árið 2008.

Ingibjörg hefur ekki hugmynd um hver er að verki, en býst við að hann eða hún sé erlendis, enda enginn Íslendingur á vinalistanum. Hún er búin að tilkynna notandann með því að smella á þar til gerðan „report“-hnapp, en það virðist vera eina úrræðið við netþrjótum sem þessum.

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir lenti í svipuðum aðstæðum árið 2009 þegar netþrjótur tók nafn hennar og ferðaðist um Facebook í hennar nafni. Hann var öllu virkari en þrjótur Ingibjargar og skrifaði meðal annars eftirminnilega stöðuuppfærslu: „Við munum vera hamingjusamur, ekki misrétti:D“ ásamt því að bæta fjölmörgum Íslendingum við vinalistann. Aðgangi hans hefur verið eytt í dag.

Ingibjörg segist ekki hafa sent netþrjótnum skilaboð og segist ekki ætla að berjast við hann. „Ég ætti kannski að adda sjálfri mér og vingast aðeins við mig,“ segir hún í léttum dúr. „Þetta er eflaust eitthvað saklaust, en getur verið óþægilegt. Sérstaklega ef manneskjan fer að eiga í samskiptum við aðra.“ - afb



**ÓÞÆGILEGT REYNSLA** Netþrjótur ferðast nú um Facebook, vinsælustu samskiptasíðu heims, í nafni Ingibjargar Egilsdóttur.

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

# Brrrrrrr...

**Útivistarsokkar** 799

Mjúkir útivistarsokkar úr öndunarefni sem halda raka frá fótunum og einangra vel.



**Húfur** 299

**Vettlingar** 299

**Barnakápa**

Stærðir 122-158

4.999

Áður 7.790





**SAIKO**

**Dömuúlpur**

Stærðir XS-XL

aðeins 4.990




Okkur í GULA HÚSINU er mikið í mun að viðskiptavinir okkar séu ánægðir með þá upplifun sem þeir eiga þegar þeir versla hjá okkur. VERÐVERND tryggir alltaf lægsta verð og að í GULA HÚSINU verslar þú á betri verðum en hjá samkeppnisaðilum okkar!

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þórdís Elva á skjáinn

Um fjögur hundruð manns sóttust eftir afleysingastarfi á fréttastofu Ríkisútvarpsins eins og Fréttablaðið greindi frá um helgina. Meðal þeirra sem þreyta frumraun sína í fréttamennsku í ár er leikkonan, rithöfundurinn og baráttukonan **Þórdís Elva Þorvaldsdóttir**. Hún hefur nýlokið skipulagningu á Öðlingsátakinu þar sem þekktir karlmenn skrifuðu greinar um jafnfrétti en vendir nú kvæði sínu í kross og birtist á skjánum innan tíðar.



- hdm

### Geir Jón hættir og fer heim

Vinalegasti og hæsti lögregluþjónn landsins, **Geir Jón Þórisson**, lýsti því yfir í útvarpsþættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni í gær að hann hygðist láta af störfum á næsta ári. „Ég er að búa mig undir að fara heim aftur," sagði Geir Jón, með vísan til Vestmannaeyja, þar sem hann starfaði í lögreglunni í sextán ár áður en hann kom til höfuðborgarinnar fyrir tveimur áratugum. Geir Jón verður sextugur á næsta ári og mun samanlagður líf- og starfsaldur þá ná 95 árum, sem veitir honum rétt á ellilífeyrisgreiðslum sem opinberum starfsmanni. Hann hefur þegar keypt sér hús í Eyjum til að eyða í næstu árunum hið minnsta. Það er ljóst að sjónarsviptir verður að Geir Jóni, sem hefur verið eins konar andlit íslensku lögreglunnar um langa hríð.



- sh

## Mest lesið vísir

1. Páll Óskar endurgreiðir unglingunum: Enginn glæpamaður
2. Eigandi Rottweiler tíkarinnar: Ég gerði mistök að skilja hana eina eftir í bandi
3. Magnað myndband af ljósagangi í háloftunum á Reykjanesi
4. Ræddi við lögregluna um hass, kókaín og epli
5. Fékk styttuna í hendurnar tveimur árum síðar





